

Skýrsla Framtíðarnefndar Sjálfstæðisflokksins

Nóvember 2011Efnisyfirlit:

	Ávarp formanns Framtíðarnefndar	bls. 3-4
I. Kafli	Starf Framtíðarnefndar	bls. 5-9
II. Kafli	Skipulagsreglur Sjálfstæðisflokksins	bls. 10-85
	- Helstu tillögur bls. 11 - 18	
	- Tillaga að nýjum skipulagsreglum bls. 19-32	
	- Athugasemdir við einstakar greinar bls. 33-85	
III. Kafli	Bætt innra starf Sjálfstæðisflokksins	bls. 86-98
IV. Kafli	Rafræn samskipti á milli félagsmanna	bls. 98-105

Ávarp formanns Framtíðarnefndar

Kæru flokkssystkin

Tækifæri til endurskoðunar

Það er áhyggjuefni að traust landsmanna á kjörnum fulltrúum og stjórnámálflokkum mælist í lágmarki og heiðarleiki þeirra sífellt dreginn í efa. Vissulega væri auðveldast fyrir stjórnámálamenn- og flokka að kenna ósanngjarnri umræðu um ástandið en það væri ekki sannleikanum samkvæmt. Það er stundum auðveldara að sjá flísina í auga náungans en bjálkann í eigin auga – og þar er fólk sem starfar í stjórnámálum engin undantekning. Staðan er einfaldlega þannig að hugum fjölmargra landsmanna eru stjórnámálflokkarnir ólýðræðislegar, miðstýrðar og staðnaðar stofnanir þar sem leyndarhyggja og tillitsleysi fyrir skoðunum almennra flokksmanna ræður ríkjum. Á sama hátt er einkennast íslensk stjórnámál um of af tilgangslausu karpi á Alþingi og í sveitastjórnnum um hluti sem þykja skipta litlu máli og „stjórnámálastarf“ er orðið að samheiti yfir endalausar spuna þar sem tilgangurinn virðist sá einn að koma höggi á pólitíska andstæðing. Ofan í kaupið hafa stjórn málin lítið breyst að forminu til í áratugi. Stjórnhættir og ákvarðanatöku stjórnámálflokka fylgja leikreglum sem höfða ekki til fólks í dag.

Þetta ástand er óásættanlegt og er þröskuldur í vegi endurreisnar Íslands. Forsenda þess að þjóðin geti með skynsamlegum hætti náð að vinna sig hratt og örugglega úr þeim erfiðleikum sem við er að glíma er sú, umfram allt, að kjósendur beri traust til stjórnámálflokka og talsmanna þeirra.

Þýðingarmesta forsenda fyrir því að traust á stjórnámálflokkum verði endurvakið er aukin þátttaka almennra flokksmanna og að virkt lýðræði innan þeirra verði treyst í sessi. Á þann veg mæta stjórnámálflokkar best óskum og væntingum um að dregið verði úr miðstýringu og aðgengi almennra flokksmanna að ákvarðanatöku aukið.

Kjósendur eiga jafnframt heimtingu á því að vita að hverju þeir ganga. Þeir verða að geta treyst því að stjórnámálamenn hverfi ekki frá stefnumálum sínum, hvað þá grundvallarsjónarmiðum, í von um stundarávinning til handa flokkunum eða forráðamönnum þeirra.

Það er ögurstund í íslenskum stjórnámálum. Stjórnámálflokkar verða að endurskoða vinnubrögð sín og skipulag með aukna þátttöku almennings, lýðræði og virðingu fyrir stefnumálum sínum að leiðarljósi. Þeir flokkar sem bregðast ekki við eiga á hættu að missa traust og daga uppi.

Tími til að skapa

Forysta Sjálfstæðisflokksins, miðstjórn og landsfundur ákváðu að svara kalli flokksmanna og almennings um endurskoðun vinnubragða og skipulags með þeim hætti að setja á laggirnar Framtíðarnefnd allra sjálfstæðismanna. Ekki til þess að setja flokksnum nýja stefnu heldur leita eftir sjónarmiðum, hugmyndum og tillögum almennra flokksmanna um það hvernig við gætum náð betri samstöðu við úrlausn þeirra verkefna sem sjálfstæðum Íslendingum þættu brýnust á næstu árum og áratugum.

Með þessu framtaki horfist Sjálfstæðisflokkurinn í augu við að mikið hefur breyst í íslensku þjóðfélagi frá því skipulag og vinnubrögð flokksins voru mótuð. Sjálfstæðisflokkurinn kallaði sitt fólk til starfa við það verkefni að treysta stoðir hins virka lýðræðis sem flokkurinn var stofnaður til að verja. Það var runninn upp tími til að skapa.

Treystum stoðir hins virka lýðræðis

Í starfi nefndarinnar kom glögg í ljós mikill vilji til breytinga. Hinn almenni flokksmaður taldi sig oft og tíðum hafa lítil áhrif á ákvarðanatöku innan flokksins. Málefnnastarfið og stefna flokksins í einstökum málum væri ákveðin af fámennum hópi fólks og samráð væri lítið sem ekkert. Litlu máli skipti þótt um væri að ræða lykilspurningar í þjóðfélaginu. Það var algengt viðkvæði að vissulega gæti hinn almenni flokksmaður mætt á landsfund og greitt þar atkvæði um stefnu flokksins í ákveðnum málaflokki en vandamálið væri að margir kjörinna fulltrúa flokksins virtust “gleyma ályktunum landsfundar um leið og honum lyki eða túlkuðu og teygðu ályktanirnar þar til að þær féllu að skoðunum þeirra.”

Tillögur Framtíðarnefndar bregðast við þessu. Meðal annars er í þeim að finna tillögur um almennar atkvæðagreiðslur meðal allra flokksmanna, landsfundur verði opinn öllu flokksfólki og að kosið verði til sem flestra embætta innan flokksins. Það er von okkar sem að þessu verki höfum unnið að það verði til þess að auka styrk Sjálfstæðisflokksins til gagns fyrir Íslendinga alla.

Gott og skapandi samstarf

Ísland þarf á því að halda að sá mannauður sem býr í Sjálfstæðisflokknum verði nýttur til átaka við þau miklu verkefni sem framundan eru á vettvangi íslenskra stjórn mála. Í Framtíðarnefnd Sjálfstæðisflokksins gafst tugum þúsunda Íslendinga færi á þátttöku og var undirrituðum sýnt það traust að stýra starfi nefndarinnar. Ég þakka það traust og ekki síður það góða samstarf sem Framtíðarnefndin átti við fjölmarga einstaklinga sem tóku þátt í starfi nefndarinnar og lögðu þar sitt af mörkum.

Markmið þeirra tillagna sem Framtíðarnefndin leggur hér fram er að flokksmenn vinni enn betur saman og mæti samhentir til leiks.

Með von um gott og skapandi samstarf,

Kristján Þór Júlíusson

form. Framtíðarnefndar Sjálfstæðisflokksins

I. Kafli

Starf Framtíðarnefndar

I.

Flokksráðsfundur Sjálfstæðisflokksins samþykkti 14. apríl 2010 tillögu Bjarna Benediktssonar formanns flokksins um að skipa viðbragðshóp Sjálfstæðisflokksins við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 er út kom 12. apríl s.á. Sá hópur skilaði miðstjórn flokksins áfangaskýrslu og tillögum að skipan framtíðarnefndar allra sjálfstæðismanna ásamt siðanefnd og fjármálanefnd.

Framtíðarnefnd allra sjálfstæðismanna hafði það verkefni að móta áherslur og sýn Sjálfstæðisflokksins til framtíðar, einkum hvað varðar skipulag málefnavinnu og innra starf flokksins. Nefndinni var ætlað að gera tillögur um hvernig gera mætti allt innra starf flokksins opnara og gegnsærra, gera sem flestum flokksmönnum kleyft að taka þátt í starfinu og koma að stefnumótun og ákvarðanatöku. Nefndin átti ennfremur að gera tillögur til miðstjórnar um samvinnu þingflokks og sveitarstjórnarmanna flokksins, starf hans á kjördæmagrunni og hlutverk Valhallar í þessum efnum. Skoða átti núverandi fyrirkomulag á skipan forystu flokksins og athuga hvort breytinga væri þörf, t.d. með fjölgun í framkvæmdastjórn eða nýju embætti ritara og/eða 2. varaformanns. Nefndin átti að fjalla um núverandi fyrirkomulag landsfundar og meta hvort þörf væri á breytingum. Að auki átti nefndin að fara yfir fyrirliggjandi tillögur um þjóðaratkvæðagreiðslur, persónukjör og núverandi kjördæmaskipan og prófkjorsreglur flokksins og meta hvort gera þyrfti breytingar. Einnig var nefndinni ætlað að fara yfir stöðu kvenna og ungs fólks innan flokksins og leggja fram tillögur til úrbóta ef nefndin kæmist að þeirri niðurstöðu að sérstakra aðgerða væri þörf til að bæta stöðu þeirra. Meginmarkmið með vinnu Framtíðarnefndarinnar var að gera tillögur til breytinga á þann hátt að sjálfstæðismenn allir vinni enn betur saman og mæti samheldnari til leiks, enda þarf land og þjóð á því að halda að sá mannaúður sem býr í Sjálfstæðisflokknum verði nýttur til átaka við þau miklu viðfangsefni sem framundan eru á vettvangi íslenskra stjórnmála.

Nefndinni var ætlað að skila miðstjórn tillögum fyrir landsfund ársins 2011. Á landsfundi er ætlað að ræða tillögur framtíðarnefndarinnar og eftir atvikum verða þær bornar upp undir atkvæði að loknum umræðum.

Framtíðarnefndinni var skipaður formaður, Kristján Þór Júlíusson, alþingismaður. Í samræmi við samþykkt miðstjórnar flokksins var skipaður ráðgjafarhópur, formanni til halds og trausts. Í hópnum sátu tveir fulltrúar frá hverju kjördæmi, valdir af stjórn kjördæmisráða, tveir fulltrúar frá miðstjórn og einn frá Valhöll. Í honum voru Garðar Ingvarsson, Óttarr Örn Guðlaugsson, Sigríður Ragna Sigurðardóttir og Steingrímur Sigurgeirsson, tilnefnd af Verði – Fulltrúaráði sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík; Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Garðabæ og Barbara Inga Albertsdóttir, Seltjarnarnesi, tilnefnd af kjördæmisráði Suðvesturkjördæmis; Kristín Þórðardóttir, Hvolsvelli og Ríkharður Ibsen, Reykjanesbæ, tilnefnd af kjördæmisráði Suðurkjördæmis; Birna Lárusdóttir, Ísafirði og Jónína Erna Arnardóttir Borgarnesi, tilnefndar af kjördæmisráði Norðvesturkjördæmis; Arnbjörg Sveinsdóttir, Seyðisfirði og Baldvin Valdemarsson, Akureyri, tilnefnd af kjördæmisráði Norðausturkjördæmis; Gunnar I. Birgisson, Kópavogi og Sigríður Dís Guðjónsdóttir, Garðabæ, tilnefnd af miðstjórn Sjálfstæðisflokksins. Þá var Jónmundur Guðmarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, fulltrúi Valhallar. Starfsmaður nefndarinnar var Haraldur L. Haraldsson.

II.

Í Framtíðarnefndinni áttu allir flokksbundnir sjálfstæðismenn sæti. Nefndin hafði það að markmiði í starfi sínu að hvetja alla sjálfstæðismenn til að taka þátt í að móta áherslur við stefnumótun og í innra starfi Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðismönnum gafst tækifæri til að koma á framfæri skoðunum sínum og eftir atvikum hugmyndum til breytinga á fundum með formanni nefndarinnar, í gegnum vefsíðu nefndarinnar, <http://www.framtidarnefnd.is/>, sem og með beinu sambandi við þá, sem að starfi nefndarinnar komu, í gegnum tölvupóst eða síma.

Starfi Framtíðarnefndarinnar var skipt upp í fimm verkþætti.

a. *Framtíð¹: Staða Sjálfstæðisflokksins til framtíðar.* Móta átti áherslur og sýn Sjálfstæðisflokksins til framtíðar, hvað varðar skipulag og málefnavinnu. Draga átti lærdóm af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis eftir því sem við ætti. Jafnframt átti að nýta í sama tilgangi skýrslu Endurreisnarnefndar Sjálfstæðisflokksins og greinargerð um vinnufundi fyrrverandi varaformanns með trúnaðarmönnum flokksins „Raddir úr grasrótinni“.

b. *Frjálsræði²: Innra starf Sjálfstæðisflokksins.* Greina átti allt innra starf flokksins með það að markmiði að starfið yrði opnara og gegnsærra þannig að flokksmönnum verði gert auðveldara að taka þátt í flokksstarfinu og koma að stefnumótun og ákvarðanatöku. Hópurinn átti m.a. að móta tillögur um hvernig efla skyldi samvinnu þingflokks og sveitarstjórnarmanna flokksins, hvernig starfi hans á kjördæmagrunni skuli hagað og hlutverki Valhallar í þessum efnum. Grunnur vinnunnar var m.a. skýrsla fyrrverandi varaformanns „Raddir úr grasrótinni“ um innra starfið ásamt öðrum sambærilegum skýrslum.

3

c. *Forysta³ : Landsfundur, miðstjórn og æðstu embætti.* Meta átti hvort þörf væri á breytingum á núverandi fyrirkomulagi landsfundar. Sérstaklega átti að athuga hvort rétt sé að breyta fyrirkomulagi um val fulltrúa á landsfund og hvaða möguleikar væru á því að fleiri flokksmenn tækju þátt á landsfundi og/eða hvort flokksmenn sem ekki tækju þátt í landsfundi gætu samt sem áður tekið þátt í kosningum, sem eiga sér þar stað. Að auki átti að meta núverandi fyrirkomulag á skipan forystu flokksins, hlutverk formanns, varaformanns, framkvæmdastjórnar, framkvæmdastjóra og miðstjórnar og væri breytinga þörf t.d. með fjölgun í framkvæmdastjórn eða nýju embætti ritara og/eða 2. varaformanns átti að leggja fram tillögur þar að lútandi.

d. *Fremd⁴: Lyðræðisumbætur og jafnréttismál.* Fjalla átti um fyrirliggjandi tillögur um þjóðaratkvæðagreiðslur, persónukjör og núverandi kjördæmisskipan. Prófkjorsreglur flokksins skyldu yfirfarnar og metið hvort þær þurfi breytinga við. Einnig var hópnum ætlað að fjalla um hvort aðrar aðferðir en prófkjör í núverandi – eða breyttri mynd – kæmi til greina við val á framboðslista flokksins í framtíðinni. Jafnréttismál og þá sérstaklega staða kvenna innan

¹ Framtíð: Sá tími sem framundan er, ókominn tími.

² Frjálsræði: Frelsi, það að ráða sér sjálfur.

³ Forysta: Leiðsögn, það að vera foringi; frumkvæði; hafa forystu um e-ð.

⁴ Fremd: Frami, vegsauki.

flokksins skyldi tekin til skoðunar og mat lagt á hvort og þá hvaða sérstakra aðgerða væri þörf til að bæta stöðu þeirra.

*e. Frumungur*⁵: *Staða ungs fólks*. Styrkja þarf stöðu ungs fólks innan flokksins. Ræða átti skipulag og starfsaðferðir ungliðafélaga flokksins og með hvaða hætti efla mætti starf þeirra og áhrif.

Kristján Þór Júlíusson alþingismaður, formaður nefndarinnar, hélt opna fundi víðsvegar um land þar sem starf nefndarinnar var kynnt og fólk hvatt til að setja fram skoðanir sínar og eftir atvikum hugmyndir til breytinga. Fundað var á eftirtöldum stöðum: Akranesi, Borgarnesi, Kjalarnesi, Mosfellsbæ, Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Seltjarnarnesi, Garðabæ, Álftanesi, Reykjanesbæ, Grindavík, Þorlákshöfn, Hveragerði, Selfossi, Hellu, Vík, Vestmannaeyjum, Höfn, Neskaupstað, Reyðarfirði, Egilsstöðum, Húsavík, Akureyri, Dalvík, Ólafsfirði, Siglufirði, Sauðárkróki, Blönduósi, Ísafirði, Vesturbyggð, Stykkishólmi og Ólafsvík

Sjálfstæðismönnum öllum gafst að auki tækifæri á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í gegnum vefsíðu nefndarinnar, <http://www.framtidarnefnd.is/>. Á vefsíðu nefndarinnar voru að auki ítarlegar fundargerðir birtar af fundum formanns nefndarinnar, þar sem öllum hugmyndum og vangaveltum fundarmanna voru gerð skil.

Hópstjórar voru skipaðir til að vinna úr öllum hugmyndum og vangaveltum flokksmanna er fram höfðu komið t.a.m. í fundarherferð formanns nefndarinnar sem og á vefsíðu nefndarinnar. Hópstjórar *fram tíðarhóps* voru Jón Karl Ólafsson og Þórunn Jóna Hauksdóttir, en Þórunn Jóna boðaði forföll við upphaf vinnunnar. Hópstjórar *frjálsræðishóps* voru Sigríður Finsen og Elías Pétursson, hópstjórar *forystuhóps* voru Oktavía Jóhannsdóttir og Ingvar P. Guðbjörnsson, hópstjórar *fremdarhóps* voru Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir og Gunnar Þórðarson og hópstjórar *frumungahóps* voru Fanney Birna Jónsdóttir og Ragnar Sigurðsson. Í þeim tilvikum þar sem niðurstaða hópstjóra var að sérstakra aðgerða væri þörf, sem lyti að skipulagsreglum eða öðrum formlegum þáttum flokksstarfsins, skyldi hópurinn gera tillögu þar að lútandi. Greinagerð með niðurstöðu hvers hóps var síðar birt á vefsíðu nefndarinnar þar sem flokksmönnum gafst tækifæri til að gefa álit sitt á og eftir atvikum koma á framfæri nýjum tillögum ef tilefni þætti til.

Í ljósi þessa gerir Framtíðarnefndin nú tillögu til breytinga á skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins en til viðbótar leggur nefndin fram tillögur um hvernig bæta megi innra starf flokksins og að auki leggur nefndin fram tillögur um hvernig sjálfstæðismenn geta bætt samskipti sín á milli í gegnum rafræna miðla.

III.

a) Skipulagsreglur Sjálfstæðisflokksins

Þann 4. maí 1979 voru skipulagsreglur Sjálfstæðisflokksins samþykktar. Þær hafa síðan tekið breytingum, samþykktum 1. nóvember 1981, 6. nóvember 1983, 14. apríl 1985, 8. október 1989, 10. mars 1991, 13. október 1996, 14. mars 1999, 14. október 2001, 30 mars 2003, 15. apríl 2007, 28 mars 2009.

Árið 1979 voru skipulagsreglur Sjálfstæðisflokksins samþykktar og hafa frá þeim tíma verið gerðar 11 breytingar á reglunum.

⁵ *Frumungur: Í blóma æskunnar.*

Framtíðarnefnd allra sjálfstæðismanna var ætlað að fjalla um stefnu og starf flokksins í framtíðinni. Hafa þær breytingar sem nú eru lagðar til á skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins það að markmiði að opna flokkinn og breyta verklagi hans þannig að allir flokksmenn eigi greiðari aðgang að starfi, stefnumótun og ákvörðunum hans. Í þeim efnum eru lagðar fram hugmyndir um að opna landsfund Sjálfstæðisflokksins og búa til vettvang reglulegra skoðanaskipta um stefnumótum og ákvarðanir á opinberum vettvangi. Að auki eru lagðar fram tillögur um endurskoðun á reglum um val á frambjóðendum flokksins til Alþingis og sveitarstjórna.

b) Bætt innra starf Sjálfstæðisflokksins

Framtíðarnefndin leggur fram tillögur um hvernig bæta megi innra starf Sjálfstæðisflokksins sem og forgangsröðun breytinganna og útfærslu þeirra hugmynda. Eðli málsins samkvæmt falla þessar tillögur að mörgu leyti saman við tillögur nefndarinnar um breytingar á skipulagsreglum flokksins sem og tillögum hennar um notkun rafrænna miðla í samskiptum flokksmanna.

Lagðar eru fram tillögur um hvernig styrkja megi bakland Sjálfstæðisflokksins þar sem aukið er við möguleika almennra flokksmanna til þátttöku og koma áherslum sínum á framfæri. Í því sambandi leggur Framtíðarnefndin m.a. til að málefnavinna innan flokksins verði opnari. Að auki eru lagðar fram tillögur um hvernig forysta flokksins, þingmenn og sveitarstjórnarmenn geti aukið tengsl sín við almenna flokksmenn, sem og hvernig þjónustumiðstöð flokksins (Valhöll) geti aukið tengsl sín við flokksmenn og kjördæmi landsins. Þá eru lagðar til hugmyndir að því að gera starf flokksins fjölbreyttara. Settar eru fram hugmyndir um aukið beint lýðræði í flokknum sem og hvernig nútímavæða má flokkstarfið og nýta upplýsingatækni í því sambandi. Í greinargerð Framtíðarnefndarinnar eru þessar tillögur útfærðar nánar.

c) Rafræn samskipti milli flokksmanna

Notkun rafrænna miðla er mikilvægur þáttur í starfsemi Sjálfstæðisflokksins. Í ljósi hraða þjóðfélagsins þar sem flokksmenn eiga ekki alltaf heimangengt á fundi myndi aukin notkun auðvelda flokksmönnum um allt land þátttöku í starfi flokksins.

Framtíðarnefndin setur nú fram fjölbreyttar tillögur um hvernig flokkurinn getur nýtt sér tæknina á margvíslegan hátt í starfi sínu og fjallar um leiðir í þeim efnum sem og útfærslu þeirra. Til að mynda er lagt til að flokkurinn taki strax upp videosímakerfi sem aðgengilegt yrði á öllum flokkskrifstofum sem og nauðsynlegum fjarfundabúnaði til funda á öllum starfsstöðvum. Lagðar eru fram tillögur að lagfæringum á heimasíðu Sjálfstæðisflokksins og að húnverði gerð aðgengileg fyrir snjallsíma, einnig að útbúinn verði innri vefur fyrir félagsmenn. Lagt er til að sett verði upp hópinnukerfi fyrir málefnavestarf flokksins. Þá er lagt til að flokkurinn komi á fót vefsíðu sem mótvægi við aðrar síður þar sem áróðri pólitískra andstæðinga yrði svarað með skipulögðum hætti. Lagt er til að flokkurinn útbúi form og aðstoði fulltrúaráð við að koma á fót reglulegri útgáfu fréttabréfs til félagsmanna. Lagt er til að fjármálanefnd taki til íhugunar notkun fjáröflunarsímalína. Lagt er til að byggð verði upp innan flokksins þekking og tækjakostur til myndbandagerðar. Lagt er til aðhaldið verði utan um netföng félagsmanna með mun markvissari hætti en gert hefur verið. Þá er lagt til að þingmenn allir hafi símatíma við félagsmenn flokksins – hin svokallaða „bláa línan“ verði sett upp.

Sjálfstæðisflokkurinn á ótal ónýtt sóknarfæri í rafrænum miðlum og leggur Framtíðarnefnd allra sjálfstæðismanna það til að gerðar verði breytingar til framtíðar í þeim efnum.

II. Kafli

Skipulagsreglur Sjálfstæðisflokksins

Nýjar áherslur
Lýðræði og valddreifing
Málefnnastarf í öndvegi

I. Frelsi og trú á einstaklinginn

Í starfi Framtíðarnefndar var áberandi sterk ósk um meiri umræðu um grunnildi flokksins – hvernig þau eru kynnt og notuð í daglegu starfi og kynningum flokksins. Með neðangreindum tillögum vill nefndin undirstrika það sem í raun sameinar félagi í Sjálfstæðisflokknum og vill að þessi grunnildi marki og rammi inn alla umræðu og kynningu á starfi og stefnu flokksins.

a. Grunnildi Sjálfstæðisflokksins

Í 2. gr. tillagna Framtíðarnefndar koma fram grunnildi flokksins frá 1929:

„...Ísland taki að fullu og öllu sín mál í sínar eigin hendur og gæði landsins til afnota fyrir landsmenn eina...“

„Að vinna í innanlandsmálum að víðsýnni og þjóðlegri umbótastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis með hagsmuni allra stétta fyrir augum.“

Í greininni kemur jafnframt fram að grunnildi Sjálfstæðisflokksins eru frelsi og trú á einstaklinginn. Eignarréttur, réttur til frelsis og jafnréttis eru frumréttindi sérhvers einstaklings þar sem enginn einstaklingur er fæddur til neinna réttinda umfram aðra. Heill þjóðfélagsins byggir á frjálsu atvinnulífi með frjálsri samkeppni til hagsbóta fyrir alla landsmenn. Sjálfstæðisflokkurinn berst fyrir sjálfstæði lands og þjóðar og réttlátu samfélagi frjálsra einstaklinga, sem búi við menningu og mannsæmandi lífskjör. Sjálfstæðisflokkurinn býður fram fulltrúa sína við kosningar til Alþingis og sveitarstjórna á grunni þeirra gilda sem flokkurinn stendur fyrir.

b. Frelsi einstaklingsins og jafnrétti

Í 3. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að Sjálfstæðisflokkurinn starfar á grundvelli frelsi einstaklingsins og jafnrétti. Það er markmið flokksins að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum tækifærum einstaklinga óháð kynferði, uppruna, aldri, búsetu, trúarbrögðum eða stöðu að öðru leyti. Í öllu starfi og málflutningi Sjálfstæðisflokksins skal þetta haft að leiðarljósi.

II. Einstaklingurinn í öndvegi

Eitt af markmiðum Framtíðarnefndar er að styrkja stöðu hins almenna flokksmanns innan skipulags flokksins. Einstaklingar eru undirstaða flokksins og án þeirra væri hann ekki til. Það væri því bæði eðlilegt og í samræmi við hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins að styrkja stöðu hins almenna flokksmanns. Í því skyni gerði Framtíðarnefnd m.a. eftirfarandi breytingar á skipulagsreglunum:

a. **Getur skráð sig í flokkinn án samþykkis félags**

Í 4. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að einstaklingur teljist flokksbundinn þegar inntökubeiðni hans er færð inn í flokkskrá. Ef vafi leikur á því hvort félagsmaður fullnægi inntökuskilyrðum er hægt að óska úrskurðar miðstjórnar þar um.

b. **Getur krafist almennrar atkvæðagreiðslu í flokknum**

Í 6. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að miðstjórn er skylt að láta fara fram almenna kosningu meðal flokksmanna um tiltekið málefni berist skrifleg ósk um það frá a.m.k. 1000 flokksbundnum félagsmönnum.

c. **Getur mætt á landsfund**

Í 9. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að öllum flokksmönnum er heimilt að sækja landsfund Sjálfstæðisflokksins. Flokksmenn sem hafa í hyggju að sækja landsfund skulu skrá þátttöku sína hjá viðkomandi félagi með a.m.k. mánaðar fyrirvara og greiða staðfestingar-/landsfundargjald sem ákveðið er af miðstjórn.

d. **Getur boðið sig fram til trúnaðarstarfa í málefnnastarfi**

Í 43. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að landsfundur skuli kjósa fimm fulltrúa í stjórnir málefnanefnda. Sá sem flest atkvæði hlýtur í kjörinu er formaður nefndarinnar.

e. **Getur tekið þátt í öllu málefnnastarfi**

Í 42. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að allir flokksmenn eiga rétt til þess að taka þátt í störfum málefnanefnda.

f. **Getur boðið sig fram til þátttöku í upplýsinga- og fræðslunefnd**

Í 20. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að miðstjórn skuli á fyrsta fundi að loknum landsfundi kjósa formann og fjóra meðstjórnendur í upplýsinga- og fræðslunefnd. Öllum flokksmönnum skal boðið að bjóða sig fram til setu í nefndinni.

g. **Einstaklingum ekki mismunað á grundvelli stöðu**

Í 3. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að telji flokksmaður á sér brotið á grundvelli stöðu sinnar geti hann óskað úrskurðar miðstjórnar þar um. Í 49. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að allir eigi að geta tekið þátt í starfi Sjálfstæðisflokksins óháð dvalarstað.

III. Opnari landsfundur

Annað markmið Framtíðarnefndar var auka möguleika almennra flokksmanna til þess að hafa áhrif á starf og stefnumál Sjálfstæðisflokksins. Í vinnu nefndarinnar kom fram rík krafa um almennari þátttöku í ákvarðanatöku á vegum flokksins, ekki síst á landsfundi. Þessi krafa snérist um breytingar á vali fulltrúa, meiri undirbúningstíma og betra upplýsingaflæði. Í því skyni gerir Framtíðarnefnd m.a. eftirfarandi tillögur um breytingar á landsfundi:

a. **Allir flokksmenn hafa aðgang**

Í 9. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að öllum flokksmönnum er heimilt að sækja landsfund Sjálfstæðisflokksins.

b. **Landsfundur boðaður fyrir**

Í 8. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að landsfundur skuli boðaður með minnst þriggja mánaða fyrirvara í stað tveggja áður. Með þessu skapast svigrúm til að klára undirbúning gagna og annað fyrir.

c. **Meiri fyrirvari á skráningu**

Í 9. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að flokksmenn sem hafa í hyggju að sækja landsfund skulu skrá þátttöku sína hjá viðkomandi félagi með a.m.k. mánaðar fyrirvara og greiða staðfestingar-/landsfundargjald sem ákveðið er af miðstjórn. Þannig vita félög fyrir hverjir hyggjast mæta á fundinn, geta boðað þá á fundi og undirbúið starfið á landsfundinum.

d. **Meiri undirbúningstími fyrir aðildarfélög**

Í 10. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að öll landsfundargögn þurfi að vera tilbúin a.m.k. mánuði fyrir landsfund. Þannig geta aðildarfélög farið yfir gögnin sem liggja fyrir fundinum s.s. drög að landsfundarályktunum og undirbúið starf félagsins á fundinum.

e. **Meiri upplýsingagjöf á fundinum**

Í 8. gr. tillagna Framtíðarnefndar er gert ráð fyrir skýrslugjöf forystu og framkvæmdarstjóra til landsfundar varðandi stöðu flokkstarfsins. Er m.a. gert ráð fyrir eftirfarandi upplýsingagjöf:

- Skýrsla formanns flokksins um stjórn málaþróun frá síðasta landsfundi.
- Skýrsla varaformanns flokksins um störf flokksráðs og málefnastarfið frá síðasta landsfundi.
- Skýrsla 2. varaformanns um störf miðstjórnar og innra starf flokksins.
- Skýrsla framkvæmdastjóra flokksins um rekstur flokksins og framlagning reikninga.

IV. Skýrari verkaskipting forystu.

Í vinnu Framtíðarnefndar komu fram ríkar óskir um skýrari verkaskiptingu í forystu flokksins. Samkvæmt núgildandi skipulagsreglum er formaður flokksins jafnframt formaður miðstjórnar, flokksráðs og framkvæmdarstjórnar. Samkvæmt hefð hefur varaformanni hins vegar verið ætlað að bera ábyrgð á innra starfi flokksins án þess að hafa neinn sérstakan vettvang til þess. Framtíðarnefnd telur að breyta þurfi skipulagsreglunum á þann veg að verkefnum verði skipt á milli forystumanna flokksins og þeim fenginn vettvangur til að sinna skyldum sínum. Samhliða því skulu skyldur formanns minnkaðar til að hann hafi frekar svigrúm til að sinna verkstjórn, eftirliti og samræmingu flokksstarfsins. Framtíðarnefnd gerir m.a. eftirfarandi tillögur að breytingum varðandi forystu flokksins:

a. Formaður flokksins

Formaður Sjálfsstæðisflokksins er talsmaður flokksmanna og ber ábyrgð á flokkstarfinu. Það á hins vegar ekki að binda formann flokksins í daglegri umsýslu og stjórnun allra verkefna í innra starfinu. Til að mæta óskum flokksmanna um skýrari verkaskiptingu forystu flokksins þá gerir Framtíðarnefnd tillögur um að formennska í miðstjórn og formennska í nýrri stjórn flokksráðs verði færð til annarra forystumanna flokksins. Samkvæmt 39. gr. tillagna Framtíðarnefndar er formaður einnig formaður framkvæmdastjórnar flokksins og er gert ráð fyrir að hann noti þann vettvang til að stjórna flokksstarfinu, sinna eftirliti og samræmingu starfsins.

b. Varaformaður er ábyrgur fyrir málefnnastarfi

Í 11. gr. tillagna Framtíðarnefndar er allt málefnnastarf flokksins fært undir flokksráð. Í 15. gr. skipulagsreglnanna er komið á fót svokallaðri stjórn flokksráðs sem ber ábyrgð á skyldum flokksráðs á milli landsfunda. Varaformaður flokksins er formaður stjórnar flokksráðs sem hefur umsjón með öllu málefnnastarfi flokksins á milli flokksráðsfunda, skipuleggur flokksráðsfundi og hefur eftirlit með því að starfsemi flokksins sé í samræmi við samþykktir hans, stefnuskrá og ályktanir landsfunda.

c. 2. varaformaður er ábyrgur fyrir innra starfi

Í 8. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að á landsfundi skuli kosinn 2. varaformaður flokksins. Í 18. gr. kemur fram að 2. varaformaður flokksins er formaður miðstjórnar sem ber ábyrgð á framkvæmdastjórn flokksins. Í því felst ábyrgð á öllu innra starfi flokksins, eftirlits- og úrskurðarvald um framkvæmdir á hans vegum, hefur umráð eigna og gætir þess að skipulagsreglum sé fylgt.

d. Upplýsingaskylda forystu inn á landsfund

Í 8. gr. tillagna Framtíðarnefndar er gert ráð fyrir skýrslugjöf forystu til landsfundar varðandi stöðu flokkstarfsins. Er m.a. gert ráð fyrir eftirfarandi upplýsingagjöf:

- Skýrsla formanns um stjórnsmálaþróun frá síðasta landsfundi.
- Skýrsla varaformanns um störf flokksráðs og málefnnastarfið.
- Skýrsla 2. varaformanns flokksins um störf miðstjórnar og innra starf.

V. Öflugra málefnnastarf

Öflugt málefnnastarf er forsenda öflugs stjórn málaflakks. Í vinnu Framtíðarnefndar komu fram ríkar kröfur um að málefnnastarfið yrði gert að þungamiðju flokkstarfsins – vettvangi þar sem almennir flokksmenn og kjörnir fulltrúar flokksins leggja saman þekkingu sína og styrk. Ekkert er minnst á málefnnastarfið í núgildandi skipulagsreglum og er umboð, ábyrgð og skipulag þess nokkuð laust í reipunum. Framtíðarnefnd telur mjög brýnt að taka skipulag málefnnastarfsins föstum tökum og gerir m.a. eftirfarandi tillögur til úrbóta:

a. **Ábyrgð skilgreind - málefnnastarf heyri undir flokksráð**

Framtíðarnefnd leggur til að allt málefnnastarf verði á vegum flokksráðs enda er hlutverk þess að sjá um að marka stjórnmalastefnu flokksins ef ekki liggja fyrir ályktanir landsfunda. Í 11. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að flokksráð hafi úrskurðarvald á milli landsfunda um allt málefnnastarf Sjálfstæðisflokksins.

b. **Varaformaður Sjálfstæðisflokksins ber ábyrgð á málefnnastarfi**

Í 15. gr. tillagna Framtíðarnefndar er stjórn flokksráðs komið á fót sem sér um verkefni flokksráðs á milli funda. Hún er undir formennsku varaformanns flokksins og í henni sitja jafnframt formenn allra málefnnafnda flokksins. Samkvæmt 8. gr. tillagna Framtíðarnefndar þarf varaformaður flokksins að standa skil gagnvart landsfundi á þessu starfi sínu á milli landsfunda. Gert er ráð fyrir að stjórn flokksráðs hittist reglulega og á þeim vettvangi verði málefnnastarf flokksins skipulagt og samræmt.

c. **Málefnnafndir verða að “Skuggaráðuneytum” flokksins.**

Í 42. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að málefnnafndir flokksins skuli skipaðar með hliðsjón af nefndaskipun Alþingis. Í stjórnnum hveffrar nefndar sitja jafnframt allir þingmenn flokksins sem eru í viðkomandi fastanefnd þingsins. Gert er ráð fyrir að málefnnafndirnar komi með hugmyndir og aðstoði kjörna fulltrúa við þau verkefni sem liggja inn í fastanefndum Alþingis hverju sinni.

d. **Verklag og verkefni - stjórnir málefnnafnda kosnar á landsfundi**

Í 43. gr. tillagna Framtíðarnefndar er stjórnnum málefnnafnda komið á fót en þær skipa fimm einstaklingar kosnir á landsfundi, þingmenn flokksins í sambærilegri fastanefnd þingsins og einn fulltrúi er skipaður af sveitarstjórnarráði. Gert er ráð fyrir að stjórn málefnnafndar boði flokksmenn á fundi í nefndinni, ákveði verklag og verkefni.

e. **Málefnnafndir opnaðar - allir geta tekið þátt í málefnnastarfinu**

Í 43. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að allir flokksmenn hafi rétt til að taka þátt í málefnnastarfinu.

VI. Umgjörð innra starfs styrkt

Framkvæmdastjórn flokksins er í höndum miðstjórnar. Hún ber ábyrgð á innra starfi flokksins, hefur eftirlits- og úrskurðarvald um allar framkvæmdir á vegum hans, hefur umráð yfir eignum og gætir þess að skipulagsreglum sé fylgt. Skoðun Framtíðarnefndar leiddi í ljós að lítill tími fer í eiginlegt hlutverk miðstjórnar en þeim mun meiri í umræður um pólitíska stefnumótun sem skv. skipulagsreglunum er á verksviði flokksráðs. Tillögur Framtíðarnefndar gera ráð fyrir því að hlutverk miðstjórnar sé styrkt þannig að stjórnin geti betur sinnt þeirri ábyrgð og skyldum sem á henni hvíla. Gerir nefndin m.a. eftirfarandi tillögur um breytingar á miðstjórn:

a. **2. varaformaður Sjálfstæðisflokksins ber ábyrgð á innra starfi**

Í 41. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að nýju embætti 2. varaformanns flokksins fylgi formennska í miðstjórn og þar með yfirumsjón með öllu innra starfi flokksins. Samkvæmt 8. gr. tillagna Framtíðarnefndar þarf 2. varaformaður flokksins að standa skil gagnvart landsfundi á starfi sínu á milli landsfunda. Það er von og trú nefndarinnar að sérstakt embætti sem hafi eingöngu skyldur gagnvart innra starfi flokksins muni styrkja það til mikilla muna.

b. **Kjördæmisráð kjósa fulltrúa í miðstjórn**

Í 18. gr. tillagna Framtíðarnefndar eru gerðar veigamiklar breytingar á skipan miðstjórnar. Í stað þess að landsfundur kjósi 11 manns til setu í miðstjórn er gert ráð fyrir að kjördæmisráð kjósi 18 fulltrúa á kjördæmisþingum til setu í stjórninni. Á sama hátt hefur fulltrúum þingflokks verið fækkað en formaður þingflokks, formaður sveitarstjórnaráðs og framkvæmdastjóri sitji þó áfram í miðstjórn. Þetta er gert til að styrkja hlutverk miðstjórnar sem vettvang innra starfs en ekki pólitískrar stefnumótunar.

c. **Miðstjórn - skilgreint hlutverk**

Í 17. gr. tillagna Framtíðarnefndar er hlutverk miðstjórnar skilgreint og tiltekið hvað skuli taka fyrir á hverjum fundi stjórnarinnar. Þau verkefni eru í samræmi við tillögur um breytingar á áherslum í starfi miðstjórnar s.s. nýskráningar og úrsagnir úr flokknum, starfi upplýsinga- og fræðslunefndar, fjármálum flokksins, starfi fjármálaráðs, staða fjáröflunar, starfi skrifstofu flokksins, starfi flokksskrifstofa út á landi, starf sérsambanda og kjördæmisráða.

d. **Miðstjórn - reglulegir fundir**

Í 19. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að miðstjórn skuli boðuð til fundar eigi sjaldnar en átta sinnum á ári eða á rúmlega sex vikna fresti að meðaltali yfir árið.

e. **Miðstjórn - fundir á landsbyggðinni**

Í 19. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur einnig fram að annar hver fundur miðstjórnar skuli haldinn utan höfuðborgarsvæðisins.

VII. Fræðslu og kynningarmál

Í vinnu Framtíðarnefndar kom fram rík krafa um að kynningarmál flokksins yrðu sett í fastar skorður. Í dag er einungis einn starfsmaður flokksins sem starfar að þessum þætti. Það var mat nefndarinnar að athugasemdir flokksmanna væru réttmætar og styrkja þurfi þennan þátt starfsins. Því er gerð tillaga að eftirfarandi breytingum:

- a. **Fræðsla og kynningarmál heyra undir upplýsinga- og fræðslunefnd**
Í 50. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að upplýsinga- og fræðslunefnd sjái um kynningarmál flokksins. Nefndin skal einnig vinna að tillögum og áætlunargerð á sviði fræðslumála og upplýsingamála jafnt innan flokksins sem á almennum vettvangi.
- b. **Stjórnámálaskólinn styrktur**
Í 51. gr. tillagna Framtíðarnefndar segir að upplýsinga- og fræðslunefnd starfræki stjórnámálaskóla Sjálfstæðisflokksins. Stjórnin skal marka skólanum stefnu og vera tengiliður við flokksfélög um kennslu á vegum skólans. Skólinn skal m.a. halda námskeið um skipulag Sjálfstæðisflokksins, ræðumennsku, fundarsköp, greinarskrif, markaðssetningu og netmiðlun.
- c. **Allir geta boðið sig fram**
Í 20. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að miðstjórn kjósi formann og fjóra meðstjórnendur í upplýsinga- og fræðslunefnd. Öllum flokksmönnum skal boðið að bjóða sig fram til setu í nefndinni og framboð skulu berast miðstjórn eigi síðar en viku fyrir val í nefndina. Í 2. mgr. 50. gr. segir að upplýsinga- og fræðslunefnd geti skipað undirnefndir um einstaka málaflokka inn á verksviði hennar. Allir flokksmenn geta boðið sig fram til embætta í undirnefndunum.
- d. **Allir geta tekið þátt**
Í 2. mgr. 50 gr. kemur fram að upplýsinga- og fræðslunefnd skal halda reglulega fundi þar sem öllum flokksmönnum verði gefinn kostur á því að taka þátt í verkefnum og starfi nefndarinnar.

Tillögur að skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins

EFNISYFIRLIT:

I. kafli Stjórn mála flokkurinn 1. – 6. gr.

Heiti	20. bls.
Grunngildi	20. bls.
Frelsi einstakl. og jafnrétti	20. bls.
Flokksaðild	20. bls.
Atkv. réttur og kjörgengi	21. bls.
Atkv. greiðslur flokksmanna	21. bls.

II. kafli Skipulag 7. – 38. gr

Landsfundur	21. – 22. bls.
Flokksráð	22. – 23. bls.
Miðstjórn	23. – 24. bls.
Kjördæmisráð	24. – 25. bls.
Fulltrúaráð	25. – 26. bls.
Flokksfélög	26. – 27. bls.

III. kafli Flokksstarfið 39. – 52. gr

Forysta	27. – 28. bls.
Framkvæmdastjórn	28. bls.
Starfsstöðvar	28. bls.
Málefnanefndir	28. – 29. bls.
Fjármál	29. bls.
Upplýsinga og fræðslumál	29. bls.

IV. kafli Framboð á vegum Sjálfstæðisflokksins 53. – 59. gr.

Þingframboð	29. – 30. bls.
Framboð til sveitarstjórna	30. bls.
Framboðslistar	30. bls.
Uppstilling	30. bls.
Röðun á lista	30. bls.
Prófkjör	30. – 31. bls.
Meirihlutasamstarf	31. bls.

V kafli Þingflokkur, sveitarstjórnarráð og sérsambönd 60. – 69. gr.

Þingflokkur	31. bls.
Sveitarstjórnarráð	31. bls.
Sérsambönd	31. – 32. bls.

VI. kafli Önnur ákvæði 70. gr.

Lagabreytingar	32. bls.
----------------	----------

SKIPULAGSREGLUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

Samþykktar 4. maí 1979

með breytingum samþykktum 1. nóvember 1981, 6. nóvember 1983, 14. apríl 1985, 8. október 1989, 10. mars 1991, 13. október 1996, 14. mars 1999, 14. október 2001, 30 mars 2003, 15. apríl 2007, 28 mars 2009 og xx. nóvember 2011

I. KAFLI

Stjórnmalaflokkurinn

Heiti

1. gr.

Heiti flokksins er Sjálfstæðisflokkurinn.

Grunngildi

2. gr.

Við stofnun Sjálfstæðisflokksins árið 1929 var grundvallarstefna hans mörkuð:

„...Ísland taki að fullu og öllu sín mál í sínar eigin hendur og gæði landsins til afnota fyrir landsmenn eina...“

„Að vinna í innanlandsmálum að víðsýnni og þjóðlegri umbótastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis með hagsmuni allra stétta fyrir augum.“

Grunngildi Sjálfstæðisflokksins eru frelsi og trú á einstaklinginn. Eignarréttur, réttur til frelsis og jafnréttis eru frumréttindi sérhvers einstaklings þar sem enginn einstaklingur er fæddur til neinna réttinda umfram aðra. Heill þjóðfélagsins byggir á frjálsu atvinnulífi með frjálsri samkeppni til hagsbóta fyrir alla landsmenn.

Sjálfstæðisflokkurinn berst fyrir sjálfstæði landsins og réttlátu þjóðfélagi frjálsra einstaklinga, sem búi við menningu og mannsæmandi líf skjör.

Sjálfstæðisflokkurinn býður fram fulltrúa sína við kosningar til Alþingis og sveitarstjórna á grunni þeirra gilda sem flokkurinn stendur fyrir.

Frelsi einstaklingsins og jafnrétti

3. gr.

Sjálfstæðisflokkurinn starfar á grundvelli frelsi einstaklingsins og jafnrétti. Það er markmið flokksins að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum tækifærum einstaklinga óháð kynferði, uppruna, aldri, búsetu, trúarbrögðum eða stöðu að öðru leyti. Í öllum störfum Sjálfstæðisflokksins skal þetta haft að leiðarljósi.

Með því að stuðla að jafnrétti kynjanna er lagður grunnur að velferð einstaklinga, fjölskyldna, atvinnulífs og samfélagsins alls.

Ef flokksmaður telur á sér brotið í innra starfi Sjálfstæðisflokksins á grundvelli stöðu sinnar samkvæmt 3. gr. getur hann óskað úrskurðar miðstjórnar þar um.

Flokksaðild

4. gr.

Sjálfstæðisflokkurinn er opin öllum þeim sem orðnir eru 15 ára gamlir, aðhyllast grunnildi flokksins, skuldbinda sig til að hlíta samþykktum hans og gegna ekki trúnaðarstörfum fyrir annan stjórnmalaflokk.

Beiðni um inngöngu eða úrsögn úr Sjálfstæðisflokknum eða einstökum félögum skal undirrituð eigin hendi eða send rafrænt af þeim einstaklingi sem óskar inngöngu eða úrsagnar. Hún skal vera skrifleg og beint til skrifstofu Sjálfstæðisflokksins. Einstaklingur telst flokksbundinn þegar inntökubeiðni hans er skráð í flokksskrá.

Flokksbundinn sjálfstæðismaður getur gerst félagsmaður í sjálfstæðisfélagi á því félagssvæði þar sem hann er búsettur. Ef vafi leikur á því hvort félagsmaður fullnægi skilyrðum 4. gr. er hægt að óska úrskurðar miðstjórnar þar um.

Atkvæðisréttur og kjörgengi

5. gr.

Aðeins fullgildir félagsmenn eiga atkvæðisrétt um einstök mál, kosningarrétt og kjörgengi til hvers konar trúnaðarstarfa innan félaga og flokksins í heild, sbr. þó 37. gr. Fullgildir félagsmenn teljast þeir einstaklingar sem:

- a. eru skráðir félagar í Sjálfstæðisflokknum

- b. hafa greitt félagsgjöld sem síðasti aðalfundur þess félags ákvað og viðkomandi er skráður í.

Starfsmönnum Sjálfstæðisflokksins er óheimilt að gegna öðrum trúnaðarstörfum á vegum flokksins. Starfsmenn flokksins skulu ekki skipa sæti á framboðslista flokksins við Alþingis- eða sveitarstjórnakosningar.

Atkvæðagreiðslur meðal flokksmanna.

6. gr.

Landsfundur, flokksráð eða miðstjórn geta ákveðið að leggja tiltekið málefni til ráðgefandi eða bindandi atkvæðagreiðslu á meðal flokksmanna. Á sama hátt er kjördæmisráðum og fulltrúaráðum flokksins heimilt að efna til ráðgefandi eða bindandi atkvæðagreiðslu á meðal flokksmanna í viðkomandi sveitarfélagi eða kjördæmi.

Miðstjórn er skylt að láta fara fram almenna kosningu meðal flokksmanna um tiltekið málefni berist skrifleg ósk um það frá a.m.k. 1000 flokksbundnum félagsmönnum og af þeim skulu ekki færri en 100 flokksmenn koma úr hverju kjördæmi landsins.

Atkvæðagreiðslur skulu eiga sér stað eins fljótt og auðið er frá því að ákvörðun var tekin eða beiðni barst miðstjórn. Miðstjórn setur að öðru leyti reglur um framkvæmd kosninga samkvæmt þessari grein.

II. KAFLI

Skipulag Sjálfstæðisflokksins

Um landsfund

7. gr.

Landsfundur hefur æðsta vald í málefnum flokksins. Hann markar heildarstefnu flokksins í landsmálum og setur reglur um skipulag hans.

8. gr.

Landsfundur skal haldinn annað hvert ár. Miðstjórn boðar og undirbýr landsfund. Heimilt er að boða til landsfundar oftari ef miðstjórn telur brýna þörf krefja. Reglulegur landsfundur skal boðaður með minnst þriggja mánaða fyrirvara. Miðstjórn ákveður fundarstað og fundartíma landsfundar og ákveður dagskrá fundarins. Ætíð skulu eftirfarandi atriði á dagskrá reglulegra landsfunda:

1. Skýrsla formanns flokksins um stjórn málaþróun frá síðasta landsfundi
2. Skýrsla varaformanns flokksins um störf flokksráðs og málefna starfið frá síðasta landsfundi
3. Skýrsla 2. varaformanns flokksins um störf miðstjórnar og innra starf flokksins
4. Skýrsla framkvæmdastjóra flokksins um rekstur flokksins og framlagning reikninga.
5. Kosning formanns, varaformanns og 2. varaformanns flokksins.
6. Kosning stjórnar málefna nefnda skv. 46. gr.
7. Afgreiðsla stjórn málaályktunar og málefnaályktana.

Samþykki meirihluta landsfundar þarf til að taka á dagskrá mál, sem miðstjórn hefur ekki lagt fyrir fundinn.

Um kosningarnar skv. 5. tölulið skal sú regla gilda að hljóti enginn meira en helming gilda atkvæða skal á ný efnt til atkvæðagreiðslu milli þeirra tveggja, er flest atkvæði hlutu eða þeirra, sem efstir og jafnir urðu séu þeir fleiri en tveir. Telst sá kjörinn, sem flest atkvæði hlýtur. Kosningar skv. 6. tölulið skulu bundnar við skriflegar tillögur. Kjósa skal minnst þrjá fulltrúa í hverja málefna nefnd og mest fimm til þess að kjörseðill teljist gildur.

Framkvæmd kosninganna annast þriggja manna kjörstjórn skipuð af miðstjórn eigi síðar en viku fyrir landsfund.

9. gr.

Öllum flokksmönnum, sem uppfylla skilyrði 5. gr. er heimilt að sækja landsfund Sjálfstæðisflokksins, með málfrelsi og tillögu- og atkvæðisrétti. Flokksmenn sem hafa í hyggju að sækja landsfund skulu skrá þátttöku sína hjá viðkomandi félagi með a.m.k. mánaðar fyrirvara og greiða staðfestingar-/landsfundargjald sem ákveðið er af miðstjórn.

10. gr.

Landsfundargögn, þ.á.m. drög að landsfundarályktunum skulu vera tilbúin a.m.k. mánuði fyrir landsfund. Afhendir miðstjórn kjörgögn til þeirra, sem rétt eiga til setu á landsfundi, samkvæmt skriflegri yfirlýsingu formanns viðkomandi sjálfstæðisfélags, þess efnis, að fulltrúinn sé fullgildur til þátttöku á landsfundi, sbr. 9. gr.

Um flokksráð

11. gr.

Flokksráð markar stjórnmalastefnu flokksins og afstöðu til einstakra mála, ef ekki liggja fyrir ályktanir landsfundar. Tillögu um þátttöku Sjálfstæðisflokksins í myndun ríkisstjórnar ber að leggja fyrir flokksráð sem tekur ákvörðun um ríkisstjórnaraðild flokksins.

Flokksráð hefur úrskurðarvald milli landsfunda um allt málefnavarfar Sjálfstæðisflokksins og ber að tryggja að öll starfsemi flokksins sé í samræmi við samþykktir hans, stefnuskrá og ályktanir landsfunda.

12. gr.

Flokksráð skal boðað til fundar eigi sjaldnar en einu sinni á ári við upphaf hvers reglulegs Alþingis eða oftár ef formanni þykir ástæða til, stjórn flokksráð tekur ákvörðun þar að lútandi eða ef 20 flokksráðsmenn eða fleiri óska þess skriflega, að ráðið sé kvatt saman til fundar.

13. gr.

Sjálfkjörnir í flokksráð eru:

- a) Formaður flokksins sem jafnframt er formaður flokksráðs.
- b) Varaformaður flokksins, 2. varaformaður flokksins, miðstjórn, framkvæmdastjórn, fjármálaráð, upplýsinga- og fræðslunefnd, stjórn sveitarstjórnaráðs og fastráðnir starfsmenn flokksins í fullu starfi.
- c) Formenn og meðstjórnendur málefnavarfar flokksins, sbr. 43. gr.
- d) Alþingismenn og frambjóðendur í aðalsætum á framboðslista flokksins við alþingiskosningar hverju sinni. Frambjóðandi tekur ekki sæti í flokksráði fyrr en að afloknum alþingiskosningum hafi hann ekki átt þar sæti fyrir.

- e) Sveitarstjórnarmenn og frambjóðendur í aðalsætum á framboðslista flokksins við sveitarstjórnarkosningar hverju sinni. Frambjóðandi tekur ekki sæti í flokksráði fyrr en að afloknum sveitarstjórnarkosningum hafi hann ekki átt þar sæti fyrir.
- f) Stjórnir kjördæmisráða.
- g) Fyrrverandi kjörnir alþingismenn flokksins.

14. gr.

Kjördæmisráð kjósa árlega á aðalfundi í flokksráð einn fulltrúa fyrir hverja þúsund kjósendur Sjálfstæðisflokksins í síðustu alþingiskosningum í því kjördæmi og helmingsbrot þeirrar tölu eða meira. Fulltrúatala kjördæmis skal þó aldrei vera lægri en nemur heildartölu kjörinna fulltrúa í kjördæminu. Landssambönd innan vébanda flokksins kjósa hvert um sig 8 menn í flokksráð og að auki einn fulltrúa fyrir hvert þúsund félaga og helmingsbrot þeirrar tölu eða meira.

Kjördæmisráð og landssamtök kjósa varamenn í flokksráð jafnmarga og aðalmenn og má við kjör varamanns ákveða hvers varamaður hann sé.

15. gr.

Í flokksráði starfar stjórn sem ber ábyrgð á skyldum flokksráðs á milli funda. Í henni eiga sæti:

- a) Varaformaður flokksins sem jafnframt er formaður stjórnar.
- b) Formenn málefnanefnda sbr. 45. og 46. gr.

Stjórn flokksráðs hefur umsjón með öllu málefnavarfi Sjálfstæðisflokksins á milli flokksráðsfunda, skipuleggur flokksráðsfundi og hefur eftirlit með því að starfsemi flokksins sé í samræmi við samþykktir hans, stefnuskrá og ályktanir landsfunda.

Ef ekki liggja fyrir ákvarðanir landsfundar eða flokksráðs um pólitíska afstöðu flokksins til mála, sem skyndilega ber að, og ekki er unnt að koma því við að þessir aðilar taki afstöðu skal stjórn flokksráðs fjalla um álitaefni og getur markað pólitíska afstöðu flokksins í samráði við málefnanefndir flokksins.

16. gr.

Ef formaður Sjálfstæðisflokksins fellur frá eða segir af sér tekur kjörinn varaformaður við störfum hans. Flokksráð kýs þá nýjan varaformann og gildir kjör hans til næsta landsfundar.

Ef varaformaður Sjálfstæðisflokksins fellur frá eða segir af sér tekur kjörinn 2. varaformaður við störfum hans. Flokksráð kýs þá nýjan 2. varaformann og gildir kjör hans til næsta landsfundar.

Ef 2. varaformaður Sjálfstæðisflokksins fellur frá eða segir af sér kýs flokksráð nýjan 2. varaformann í hans stað. Gildir kjör hans til næsta landsfundar.

Um miðstjórn

17. gr.

Framkvæmdastjórn flokksins er í höndum miðstjórnar. Hún ber ábyrgð á öllu innra starfi flokksins, hefur eftirlits- og úrskurðarvald um allar framkvæmdir á vegum hans, hefur umráð yfir eignum og gætir þess að skipulagsreglum sé fylgt. Miðstjórn semur árlega skýrslu um starf flokksins og leggur fyrir flokksráðsfund til umræðu. Miðstjórn fjallar árlega um reikninga flokksins, sem framkvæmdastjóri skal bera undir hana til samþykktar.

Á hverjum fundi miðstjórnar skal eftirfarandi m.a. tekið fyrir:

- a) Nýskráningar og úrsagnir úr Sjálfstæðisflokknum sbr. 4. gr.
- b) Starf upplýsinga- og fræðslunefndar.
- c) Fjármál flokksins, starf fjármálaráðs og staða fjáröflunar.
- d) Starf skrifstofu flokksins.
- e) Starf flokksskrifstofa út á landi.
- f) Starf sérsambanda.
- g) Starf innan kjördæma.
- h) Önnur mál.

Ákvörðunum miðstjórnar má skjóta til landsfundar.

18. gr.

Miðstjórn er þannig skipuð:

- a) 2. varaformaður flokksins sem jafnframt er formaður miðsstjórnar.
- b) Formaður þingflokks, formaður sveitarstjórnarráðs, formenn sérsambanda skv. 63. gr., og formenn kjördæmisráða auk formanns og varaformanns fulltrúaráðsins í Reykjavík.
- c) Formaður fjármálaráðs og formaður upplýsinga- og fræðslunefndar.
- d) 18 fulltrúar kjörnir af kjördæmisráðum sbr. 24. gr.

e) Framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins á sæti í miðstjórn með málfrelsi og tillögurétt.

Kosningar skv. staflíð d) skulu fara fram innan 30 daga frá síðasta landsfundi.

19. gr.

Miðstjórn skal boðuð til fundar eigi sjaldnar en átta sinnum á ári og skal annar hver fundur haldinn utan höfuðborgarsvæðisins. Ef formanni flokksins þykir ástæða til eða ef 10 miðstjórnarmenn eða fleiri óska þess skriflega og tilgreina fundarefni, er heimilt að miðstjórn sé kvödd saman til aukafundar.

Miðstjórnarfundi skal boða með bréfi til allra fulltrúa miðstjórnar með viku fyrirvara.

20. gr.

Á fyrsta fundi miðstjórnar að loknum landsfundi skal hún kjósa til eins árs í senn, varaformann miðstjórnar, formann og fjóra meðstjórnendur í upplýsinga- og fræðslunefnd sem hefur umsjón með kynningarmálum, stefnumótun og tillögugerð á sviði upplýsinga- og fræðslumála skv. 50. - 52. gr. Öllum flokksmönnum skal boðið að bjóða sig fram til setu í nefndinni og framboð skulu berast miðstjórn eigi síðar en viku fyrir val í nefndina. Berist ekki framboð skal formaður miðstjórnar tilnefna fulltrúa við kjörið.

Miðstjórn skipar einnig fjármálaráð flokksins skv. 47. – 49. gr á fyrsta fundi sínum að loknum landsfundi.

Um kjördæmisráð

21. gr.

Kjördæmisráð fer með sameiginleg flokksmál í hverju kjördæmi. Í Reykjavík fer fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna með mál Reykjavíkurkjördæma.

22. gr.

Fulltrúaráð kjósa hvert um sig fulltrúa í kjördæmisráð, einn fulltrúa fyrir hverja 10 fulltrúaráðsfélaga eða brot úr þeirri tölu, sbr. 28. gr. Almenn sjálfstæðisfélög kjósa í kjördæmisráð sem svarar einum fulltrúa fyrir hverja 50 fullgilda félagsmenn sjálfstæðisfélaga í umdæminu og helmingsbrot þeirrar tölu eða meira, í réttu hlutfalli við fjölda fullgilda félagsmanna á síðasta aðalfundi félagsins. Þó skal félag, sem ekki nær þessari tölu hafa rétt til að kjósa einn fulltrúa í kjördæmisráð. Stjórn fulltrúaráðs skiptir fulltrúum milli félaganna eftir

þessari reglu. Vilji félögin ekki una þeirri skiptingu, geta þau lagt ágreininginn undir úrskurð almenns fundar í fulltrúaráðinu en síðar má skjóta málinu til kjördæmisráðs, sem hefur endanlegt úrskurðarvald.

Formenn fulltrúaráða, kjörnir þingmenn flokksins í kjördæminu, kjörnir aðalmenn í sveitarstjórnnum fyrir Sjálfstæðisflokkinn í kjördæminu eru sjálfkjörnir í kjördæmisráð.

23. gr.

Kjördæmisráð skal koma saman til fundar minnst einu sinni ári. Að loknu kjördæmisþingi skal kjördæmisráð senda miðstjórn skýrslu um störf kjördæmisráðsins, skipan í stjórn þess og trúnaðarstöður ásamt afriti skýrslna þeirra félaga sem aðild eiga að kjördæmisráði.

24. gr.

Kjördæmisráð kýs úr sínum hópi kjördæmisstjórn sjö manna. Formaður kjördæmisráðs skal kjörinn sérstaklega en stjórn þess skiptir að öðru leyti með sér verkum. Heimilt er þó að stjórnina skipi allt að 15 manns, enda sé sú tilhögun samþykkt með minnst tveimur þriðju atkvæða. Ráðið hefur enn fremur heimild til að skipa skipulagsnefnd, fjármálanefnd, útgáfu- og upplýsinganefnd og aðrar nefndir sem hún telur ástæðu til.

Kjördæmisráð kýs hvert um sig þrjá fulltrúa í miðstjórn og þrjá til vara, en fulltrúaráðið í Reykjavík þrjá fulltrúa fyrir hvort Reykjavíkurborg kjördæmi í miðstjórn og þrjá til vara.

Kosningar til miðstjórnar skulu vera bundnar við skriflegar tillögur. Framkvæmd kosninganna annast þriggja manna kjörstjórn skipuð af viðkomandi kjördæmisráði eigi síðar en viku fyrir kjördæmisráðsfund.

25. gr.

Stjórn kjördæmisráðs ber gagnvart miðstjórn ábyrgð á því, að flokksstarfið í viðkomandi kjördæmi sé í samræmi við skipulagsreglur flokksins. Kjördæmisstjórn fylgist með því að fulltrúaráðin og félögin kjósi reglulega fulltrúa í kjördæmisráð. Er stjórnnum fulltrúaráða og flokksfélaga skylt að gefa kjördæmisráði upplýsingar um félagatölu og önnur þau atriði, sem kjördæmisstjórn er nauðsynlegt til þess að geta gegnt hlutverki sínu.

26. gr.

Kjördæmisráð skal kosið árlega.

Um fulltrúaráð

27. gr.

Sjálfstæðisfélög í hverju sveitarfélagi mynda sameiginlegt fulltrúaráð, sem fer með stjórn sameiginlegra mála félaganna á starfssvæðinu.

Kjördæmisráð getur ákveðið önnur staðarmörk fulltrúaráðs innan kjördæmisins að áskildu samþykki viðkomandi félags- og fulltrúaráðsstjórna.

Í Reykjavík fer fulltrúaráð sjálfstæðisfélaganna með mál Reykjavíkurkjördæma.

Ákvæði 25. og 29. – 31. gr. ná ekki til fulltrúaráðsins í Reykjavík.

Fulltrúaráðum er heimilt að skipa skipulagsnefnd, fjármálanefnd, útgáfu-og upplýsinganefnd og aðrar nefndir sem talin er ástæða til.

28.gr.

Fulltrúaráð skal skipað það mörgum einstaklingum, að svari til eins fulltrúa fyrir hverja 100 íbúa sveitarfélagsins. Meðlimir fulltrúaráðs skulu þó aldrei vera færri en 12 og eigi fleiri en 180, að viðbættum formönnum allra sjálfstæðisfélaga á starfssvæðinu. Í sérlögum fulltrúaráðs er heimilt að ákveða aðra tölu fulltrúaráðsmanna en hér greinir. Við kjör til kjördæmisráðs og atkvæðagreiðslu um sameiginleg mál kjördæmisins, sem fulltrúaráðum er ætlað að taka ákvörðun um, skulu réttindi takmörkuð við þá tölu fulltrúaráðsmanna, sem hér er ákveðin.

29. gr.

Þar sem fleiri en eitt félag er í sveitarfélagi velja þau í fulltrúaráð í hlutfalli við meðlimatölu fullgildra félagsmanna en heimilt er þeim að semja um önnur hlutföll í skiptingu fulltrúa milli félaganna.

30. gr.

Fulltrúaráð skal kosið árlega. Stjórn fulltrúaráðs fylgist með því að félögin kjósi reglulega fulltrúa sína í ráðið og endurskoðar árlega skiptingu fulltrúa milli félaganna í samræmi við tölu fullgildra félagsmanna. Er stjórnnum félaganna skylt að gefa stjórn fulltrúaráðs nákvæmar upplýsingar um fjölda fullgildra félagsmanna.

31. gr.

Hvert fulltrúaráð setur sér nánari starfsreglur, þar sem m.a. séu ákvæði um stjórn ráðsins. Ekki mega starfsreglur fulltrúaráðsins brjóta í bága við skipulagsreglur flokksins, enda nýtur fulltrúaráð ekki réttinda innan flokksins nema reglur þess hafi verið staðfestar af viðkomandi stjórn kjördæmisráðs. Ákvörðun stjórnar kjördæmisráðs samkvæmt þessari grein má skjóta til miðstjórnar.

32. gr.

Þegar aðeins er eitt sjálfstæðisfélag í sveitarfélagi er ekki skylt að starfrækja þar einnig fulltrúaráð, heldur fer stjórn félagsins með öll þau réttindi sem stjórn fulltrúaráðs á starfssvæðinu annars hefði. Félagfundir fara með réttindi fulltrúaráðsfunda og skal fjöldi fulltrúa félagsins í kjördæmisráð miðaður við, að þar starfi einnig fulltrúaráð, sbr. 22. gr.

Formaður slíks félags er sjálfkjörinn í kjördæmisráð, á sama hátt og formenn fulltrúaráða

Um flokksfélög

33. gr.

Heimilt er að stofna og starfrækja eftirtaldar tegundir sjálfstæðisfélaga:

- a) Almenn félög sjálfstæðisfólks.
- b) Félög ungs sjálfstæðisfólks.
- c) Félög sjálfstæðiskvenna.
- d) Félög sjálfstæðisfólks innan launþegasamtaka.
- e) Önnur félög sjálfstæðisfólks sem miðstjórn og kjördæmisráð samþykkja.

Ekki má stofna og starfrækja fleiri en eitt sjálfstæðisfélag sömu tegundar á sama félagssvæði, sbr. þó 34. gr.

34. gr.

Félagssvæði skal ná yfir sveitarfélag. Þó getur stjórn kjördæmisráðs ákveðið að félagssvæði nái yfir fleiri en eitt sveitarfélag innan sama kjördæmis.

Miðstjórn getur heimilað með samþykki stjórna viðkomandi fulltrúaráðs og kjördæmisráðs að stofna og starfrækja fleiri en eitt almennt félag sjálfstæðisfólks í sveitarfélagi, enda nái hvert félag yfir ákveðið hverfi í sveitarfélaginu. Miðstjórn getur heimilað að félög nái yfir fleiri en eitt kjördæmi.

35. gr.

Öll réttindi félags, sem ákvarðast af fjölda félagsmanna samkvæmt skipulagsreglum flokksins skulu miðuð við fjölda fullgilda félagsmanna á síðasta aðalfundi félagsins.

36. gr.

Félag þarf að fullnægja eftirtöldum skilyrðum til að halda réttindum sínum.

- a) Að hafa minnst 20 fullgilda félagsmenn.
- b) Að fylgja skipulagsreglum flokksins að dómi miðstjórnar.
- c) Að halda aðalfund á ári hverju og eigi síðar en í nóvember.
- d) Að senda árlega, að afloknum aðalfundi, stjórn fulltrúaráðs og stjórn kjördæmisráðs skýrslu um starfsemi félagsins á árinu ásamt skrá yfir fullgilda félagsmenn miðað við þann aðalfund.
- e) Að greiða árgjald í kjördæmissjóð fyrir hvern fullgildan félagsmann samkvæmt félagatali síðasta aðalfundar félagsins eftir nánari ákvörðun kjördæmisráðs.

37. gr.

Hvert sjálfstæðisfélag setur sér eigin lög, sem ekki mega brjóta í bága við skipulagsreglur flokksins, enda nýtur félag ekki réttinda innan flokksins nema lög þess hafi verið staðfest af viðkomandi stjórn kjördæmisráðs. Ákvörðun stjórnar kjördæmisráðs samkvæmt þessari grein má skjóta til miðstjórnar.

Ef ekki er haldinn aðalfundur í félagi missa félagsmenn þess rétt til setu á kjördæmisþingi. Ef aðalfundur hefur ekki verið haldinn í tvö ár skal stjórn kjördæmisráðs gera miðstjórn grein fyrir störfum viðkomandi félags, sem tekur ákvörðun um skipun bráðabirgðastjórnar, slit þess eða sameiningu við annað félag. Skipi miðstjórn bráðabirgðastjórn öðlast viðkomandi félag hvorki réttindi til að kjósa fulltrúa til kjördæmisráðs eða fulltrúaráðs fyrr en að löglegur aðalfundur hefur verið haldinn.

38. gr.

Nýtt og endurvakið sjálfstæðisfélag skal hafa starfað í sex mánuði áður en það öðlast réttindi til að kjósa menn í fulltrúaráð eða kjördæmisráð, nema bæði miðstjórn og kjördæmisráð samþykki annað.

III. KAFLI

Flokksstarfið

Formaður Sjálfstæðisflokksins

39. gr.

Formaður Sjálfstæðisflokksins er æðsta embætti innan flokksins. Hann sækir umboð sitt beint til landsfundar. Formaður Sjálfstæðisflokksins stýrir, samræmir og hefur eftirlit með öllu starfi innan flokksins. Hann kemur fram fyrir hönd flokksins út á við.

Formaður Sjálfstæðisflokksins hefur seturétt með málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt á öllum fundum á vegum flokksins. Hann hefur jafnframt rétt til að boða fundi í öllum félögum og stofnunum innan flokksins og taka að sér fundarstjórn.

Varaformaður Sjálfstæðisflokksins

40. gr.

Varaformaður Sjálfstæðisflokksins sækir umboð sitt beint til landsfundar. Varaformaður Sjálfstæðisflokksins er staðgengill formanns í fjarveru hans. Varaformaður er jafnframt formaður stjórnar flokksráðs og hefur yfirumsjón með allri stefnumótun og málefnavarfi innan flokksins.

Varaformaður Sjálfstæðisflokksins hefur seturétt með málfrelsi og tillögurétt á öllum fundum á vegum flokksins.

2. varaformaður Sjálfstæðisflokksins

41. gr.

2. varaformaður Sjálfstæðisflokksins sækir umboð sitt beint til landsfundar. 2. varaformaður Sjálfstæðisflokksins er staðgengill formanns og varaformanns í fjarveru þeirra. 2. varaformaður er jafnframt formaður miðstjórnar og hefur yfirumsjón með öllu innra starf flokksins.

2. varaformaður Sjálfstæðisflokksins hefur seturétt með málfrelsi og tillögurétt á öllum fundum á vegum flokksins.

Framkvæmdastjórn

42. gr.

Framkvæmdastjórn flokksins skipa:

Formaður flokksins, sem jafnframt er formaður framkvæmdastjórnar, varaformaður og 2. varaformaður flokksins, formaður þingflokks og formaður sveitarstjórnaráðs.

43. gr.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á samræmingu flokksstarfsins og eflingu þess um allt land. Fundargerðir framkvæmdastjórnar skulu lagðar fram á miðstjórnarfundum.

Starfsstöðvar

44. gr.

Þjónustumiðstöð Sjálfstæðisflokksins skal vera í Reykjavík. Miðstjórn skal starfrækja flokksskrifstofur víðar um land og dreifa verkefnum milli starfsstöðva. Miðstjórn ræður framkvæmdastjóra flokksins svo og forstöðumenn starfsstöðva að fengnum tillögum stjórna viðkomandi kjördæmisráða. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk á aðalskrifstofu flokksins.

Málefnanefndir

45. gr.

Innan flokksins skulu starfa málefnanefndir í umboði flokksráðs. Þær hafa umsjón með og skipuleggja málefnastarf Sjálfstæðisflokksins, fjalla um afmörkuð málefni og skila álitsgerðum sínum og tillögum til landsfundar, flokkráðs og/eða stjórnar flokksráðs.

Málefnanefndir undirbúa einnig drög að ályktunum fyrir landsfundi og alþingiskosningar og leggja fyrir miðstjórn. Málefnanefndir skulu skipaðar með hliðsjón af nefndaskipan Alþingis á hverjum tíma. Skal vera ein málefnanefnd fyrir hverja fastanefnd Alþingis en heimilt er að skipa undirnefndir um einstök málefni og skipa þeim formann.

Allir flokksmenn eiga rétt til þess að taka þátt í störfum málefnanefnda.

46. gr.

Á landsfundi skal kjósa fimm fulltrúa í stjórnir málefnanefnda. Sá sem flest atkvæði hlýtur í kjöri um hverja nefnd er formaður nefndarinnar. Allir flokksmenn geta boðið sig fram til embættis í málefnanefndum.

Þingflokkur skipar þingmenn viðkomandi fastanefnda og sveitarstjórnarráð skipar einn fulltrúa úr sínum röðum í stjórn hvernar málefnanefndar.

Fjármál

47. gr.

Miðstjórn skipar fjármálaráð, sem hefur með höndum fjármál flokksins. Í fjármálaráði geta setið allt að 30 fulltrúar.

48. gr.

Miðstjórn skipar formann fjármálaráðs en ráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum.

49. gr.

Miðstjórn setur fjármálaráði starfsreglur. Fjármálaráð skal skipað að loknum hverjum almennum þingkosningum. Það skal gera miðstjórn grein fyrir störfum sínum árlega.

Upplýsinga- og fræðslumál

50. gr.

Miðstjórn skipar fimm manna upplýsinga- og fræðslunefnd skv. 20. gr., sem sér um kynningarmál flokksins út á við. Nefndin skal einnig vinna að tillögum og áætlunargerð á sviði fræðslumála og upplýsingamála jafnt innan flokksins sem á almennum vettvangi samkvæmt erindisbréfi sem miðstjórn setur.

Upplýsinga- og fræðslunefnd getur skipað undirnefndir um einstaka málaflokka inn á verksviði hennar. Allir flokksmenn geta boðið sig fram til embætta í undirnefndunum. Nefndin skal einnig halda reglulega opna fundi þar sem öllum flokksmönnum er gefinn kostur á því að taka þátt í verkefnum og starfi nefndarinnar.

51. gr.

Upplýsinga- og fræðslunefnd starfrækir Stjórnámálaskóla Sjálfstæðisflokksins. Stjórnin skal marka skólanum stefnu og vera tengiliður við flokksfélög um kennslu á vegum skólans. Skólinn skal m.a. halda námskeið um skipulag Sjálfstæðisflokksins, ræðumennsku, fundarsköp, greinaskrif, markaðssetningu og netmiðlun. Nefndin skal sjá til þess að námskeið á vegum skólans verði í boði um allt land.

52. gr.

Allir flokksmenn eiga að geta tekið þátt í starfi Sjálfstæðisflokksins óháð dvalarstað. Upplýsinga- og fræðslunefnd hefur forgöngu um uppbyggingu á þessu sviði.

IV. KAFLI

Framboð á vegum Sjálfstæðisflokksins

Um þingframboð

53. gr.

Kjördæmisráð ákveður framboðslista flokksins við kosningar til Alþingis.

Um sveitarstjórnarframboð

54. gr.

Um framboð flokksins til sveitarstjórnarkosninga gilda eftirfarandi reglur:

- a) Í sveitarfélögum þar sem fulltrúaráð starfa skulu framboð ákveðin af þeim.
- b) Í sveitarfélögum þar sem ekki er starfandi fulltrúaráð skulu framboð ákveðin af því sjálfstæðisfélagi sem þar starfar.
- c) Þar sem fulltrúaráð eða sjálfstæðisfélög ná yfir fleiri en eitt sveitarfélag skal atkvæðisréttur um framboð aðeins heimill þeim, sem lögheimili eiga innan þess sveitarfélags, sem kjósa skal í.

Um framboðslista

55. gr.

Þegar ákveða skal framboðslista, skal til þess fundar boðað í samræmi við reglur kjördæmis- eða fulltrúaráðs. Til þess að listi sé lögmætur, þarf samþykki meirihluta fundarmanna. Skylt er að hafa leynilega atkvæðagreiðslu, ef þess er óskað.

Staðfestingu miðstjórnar þarf á framboðslista, svo að hann verði fram borinn í nafni flokksins.

Uppstilling framboðslista

56. gr.

Kjördæmisráð og fulltrúaráð geta ákveðið að kjósa uppstillingarnefnd sem hafi það hlutverk að gera tillögu um skipan framboðslista flokksins við alþingis – eða sveitarstjórnakosningar. Slík ákvörðun þarf að hljóta samþykki 2/3 hluta fundarmanna og gildir einungis fyrir einn framboðslista í senn.

Tillaga uppstillingarnefndar um skipan framboðslista skal lögð fyrir til afgreiðslu á fundi kjördæmis- eða fulltrúarráðs sem skulu skipuð bæði aðal- og varamönnum. Einfaldur meirihluti atkvæða nægir til að samþykkja listann.

Miðstjórn setur samræmdar framkvæmdareglur um uppstillingu framboðslista á vegum flokksins.

Röðun á framboðslista

57. gr.

Kjördæmisráð og fulltrúaráð geta ákveðið að boða fund þar sem raðað verði upp framboðslista fyrir alþingis- eða sveitastjórnarkosningar. Slík ákvörðun þarf að hljóta samþykki 2/3 hluta fundarmanna og gildir einungis fyrir einar kosningar í senn.

Kjördæmisráð eða fulltrúaráð skulu skipuð bæði aðal- og varamönnum á fundi sem raðar upp framboðslista skv. þessari grein. Á þeim fundi skal gengið til kosninga meðal fundarmanna um eins mörg sæti á listanum og ákveðið hefur verið að bjóða fram. Byrjað er á því að kjósa um 1. sætið. Þegar ljóst er hver skipar það sæti er óskað eftir framboðum um 2. sæti. Þar geta þeir sem ekki hlutu kosningu í 1. sætið tekið áfram þátt með framboði sínu til næsta sætis o.s.frv.

Miðstjórn setur samræmdar framkvæmdareglur um röðun á framboðslista flokksins.

Um prófkjör

58. gr.

Ákvörðunarvald um prófkjör er ávallt í höndum kjördæmisráðs við framboð til alþingiskosninga, en í höndum fulltrúaráða vegna framboða til sveitarstjórnarkosninga. Á sama fundi er heimilt að taka ákvörðun um að víkja tímabundið frá reglum b-liðar 5. gr. fram að prófkjöri. Slíkar ákvarðanir þurfa að hljóta samþykki 2/3 hluta fundarmanna og gildir einungis fyrir einar kosningar í senn.

Miðstjórn flokksins setur samræmdar framkvæmdareglur um prófkjör vegna framboða til Alþingis og sveitarstjórna sem gilda skulu þar sem prófkjör eru ákveðin.

Um meirihlutasamstarf

59. gr.

Þar sem flokkurinn myndar sveitarstjórnarmeirihluta með öðrum flokkum eða samtökum skal kynna málefnsamning meirihlutans hjá þeim stofnunum flokksins er ákváðu framboðið.

V. KAFLI

Þingflokkur, sveitarstjórnarráð og sérsambönd

Um þingflokk sjálfstæðismanna

60. gr.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins mynda þingflokk sjálfstæðismanna.

61. gr.

Þingflokkurinn tekur ákvarðanir um afstöðu flokksins á Alþingi. Að meginstefnu er þingflokkurinn bundinn af ákvörðunum landsfundar og flokksráðs en markar stefnu flokksins að öðru leyti í samráði við flokksráð og miðstjórn.

62. gr.

Þingflokkurinn kýs sér í upphafi hvers þings, formann, varaformann og ritara. Að öðru leyti setur þingflokkurinn sér starfsreglur.

Um sveitarstjórnaráð

63. gr.

Aðal- og varamenn Sjálfstæðisflokksins í sveitarstjórnnum hverju sinni mynda sveitarstjórnaráð Sjálfstæðisflokksins. Flokksbundnir sjálfstæðismenn sem gegna störfum bæjar- eða sveitarstjóra eða taka þátt í sameiginlegum framboðum til sveitarstjórna eiga einnig aðild að ráðinu. Sveitarstjórnaráð heldur aðalfund sinn á fjögurra ára fresti, að loknum sveitarstjórnarkosningum, og kýs sér þá 9 manna stjórn. Ráðið setur sér sjálft starfsreglur

Um sérsambönd

64. gr.

Sérsambönd teljast Samband ungra sjálfstæðismanna, Landssamband sjálfstæðiskvenna, Verkalýðsráð Sjálfstæðisflokksins og Samtök eldri sjálfstæðismanna. Önnur sérsambönd verða ekki mynduð nema með samþykki landsfundar.

65. gr.

Starfsreglur sérsambanda innan flokksins og allra flokkssamtaka eru háðar staðfestingu miðstjórnar. Ef aðalfundur hefur ekki verið haldinn í sérsambandi í tvö ár getur miðstjórn skipað bráðabirgðastjórn í sambandinu til að boða nýjan aðalfund og kjósa nýja stjórn.

Um samtök ungra sjálfstæðismanna

66. gr.

Samband ungra sjálfstæðismanna fer með yfirstjórn félagsmála ungra sjálfstæðismanna innan vébanda flokksins. Félagsmaður í Sambandi ungra sjálfstæðismanna getur hver sá gerst sem orðinn er 15 ára. Sambandið setur sér sjálfstær starfsreglur.

Um verkalýðsráð

67. gr.

Verkalýðsráð Sjálfstæðisflokksins fer með yfirstjórn málefna félagssamtaka launþega innan vébanda flokksins. Reglur um starfsemi verkalýðsráðs og skipulag launþegasamtaka flokksins skulu settar af fulltrúasamkomu samtakanna.

Um samtök sjálfstæðiskvenna

68. gr.

Landssamband sjálfstæðiskvenna fer með yfirstjórn félagsmála félaga sjálfstæðiskvenna innan vébanda flokksins. Landssambandið setur sér sjálfstær starfsreglur.

Um samtök eldri sjálfstæðismanna

69. gr.

Samtök eldri sjálfstæðismanna fara með yfirstjórn félagsmála eldri sjálfstæðismanna innan vébanda flokksins. Félagsmaður í Samtökum eldri sjálfstæðismanna getur hver sá gerst sem orðinn er 60 ára. Heimilt er að starfrækja eitt eða fleiri félög innan samtakanna. Samtökin setja sér sjálfstær starfsreglur.

VI. KAFLI

Lagabreytingar

70. gr.

Landsfundur einn hefur vald til þess að breyta samþykktum Sjálfstæðisflokksins en þó getur landsfundur veitt miðstjórn eða flokksráði leyfi til bráðabirgðabreytinga milli landsfunda.

Tillögur að breytingum á samþykktum Sjálfstæðisflokksins skulu hafa borist miðstjórn a.m.k. mánuði fyrir boðaðan landsfund og skal dreift með öðrum landsfundargögnum.

Athugasemdir við einstök ákvæði

I. kafli Stjórn mála flokkurinn

Almennt

Í þessum kafla eru fjórar af þremur greinum nýjar, aðeins umfjöllun um flokksaðild á sér stoð í nógildandi skipulagsreglum. Stærsta breytingin er sett fram í fjórðu grein kaflans og fjallar um allsherjar atkvæðagreiðslur innan flokksins.

1. gr.

Heiti

Nógildandi skipulagsreglur Sjálfstæðisflokksins hefjast með umfjöllun um landsfund í fyrstu grein. Framtíðarnefnd þykir eðlilegra að fylgja þeim hefðum sem þekkjast í stofnskrám, skipulagsreglum og samþykktum flestra félaga hér á landi og leggur því til að í fyrstu grein skipulagsreglnanna verði nafn flokksins tilgreint sérstaklega.

2. gr.

Grunngildi

Meginatriðin í stefnu Sjálfstæðisflokksins voru þegar í upphafi orðuð í tveimur liðum:

- a. Að vinna að því að undirbúa það, að Ísland taki að fullu og öllu sín mál í sínar eigin hendur og gæði landsins til afnota fyrir landsmenn eina, jafnskjótt og 25 ára samningstímabil sambandslaganna er á enda.
- b. Að vinna í innanlandsmálum að víðsýnni og þjóðlegri umbótastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis og atvinnufrelsis með hagsmuni allra stétta fyrir augum.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þessi grundvallarstefna var fest á blað. Í gegnum tíðina hefur þessi stefnuyfirlýsing, sérstaklega annar liðurinn, verið undirstaða þess sem í daglegu tali er nefnt Sjálfstæðisstefnan. Hún hefur staðist tímans tönn og er ein af grunnstoðum flokksins.

Stefnumál Sjálfstæðisflokksins eru í sífelltri þróun, breytast og þróast með mannlífínu í landinu og hefur Sjálfstæðisstefnan því aldrei sem slík, í rúmlega 90 ára sögu flokksins, verið fest niður á blað. Það kom á daginn í vinnu framtíðarnefndar að furðu margir, sérstaklega þeir sem eru nýir í flokksstarfinu og þekkja ekki innviði flokksins, undruðust að þessi stefna sem svo oft er minnst á í ræðu og riti skuli hvergi vera augskýrleg í starfi flokksins.

Umræðan á fundum framtíðarnefndar hefur snúist um aukið gegnsæi og mögulega aukna aðkomu félagsfólks að stefnumótun og ákvarðanatöku flokksins. Þetta er að sjálfsögðu óumdeilt, en einnig var áberandi í starfi nefndarinnar sterk ósk um meiri umræðu um grunngildi flokksins - hvernig þau eru kynnt og notuð í daglegu starfi og kynningum flokksins. Samkvæmt lauslegri könnun á heimasíðu flokksins kom í ljós að þar er hvergi minnst á grunngildi Sjálfstæðisflokksins. Með þessari tillögu sem hér er lögð fram vill Framtíðarnefnd undirstrika það sem í raun sameinar félaga í Sjálfstæðisflokknum og vill að þessi grunngildi marki og rammi inn alla umræðu og kynningu á starfi flokksins.

Sá texti sem fylgir með stefnuyfirlýsingunni frá árinu 1929 byggir á skrifum fyrrum forystumanna Sjálfstæðisflokksins, sérstaklega Birgis Kjara sem finna má í bókinni Sjálfstæðisstefnan, útgefin 1979.

3. gr.

Frelsi einstaklingsins og jafnrétti

Þessi grein er ný í skipulagsreglunum. Vinna framtíðarnefndar setti í öndvegi að allir flokksmenn þyrftu að hafa greiðan aðgang að starfi Sjálfstæðisflokksins án tillits til stöðu sinnar. Ef einhverjir hópar fá þá tilfinningu að þeir séu óvelkomnir innan vébanda Sjálfstæðisflokksins fæli það gott fólk frá störfum fyrir hann, kyndir undir óánægju og reynist flokknum erfitt á alla lund. Í vinnu framtíðarnefndar komu víða fram óskir um að gera yrði bragarbót hér á og settar yrðu fram tillögur sem styrktu stöðu þeirra sem töldu á sig hallað í starfi flokksins. Voru það einkum:

a. Konur

Framtíðarnefnd varð vör við töluverða óánægju meðal kvenna í flokknum með stöðu þeirra í flokkstarfinu og hvernig haldið hefði verið á jafnréttismálum í gegnum tíðina. Fjölmargar konur telja að almennt eigi þær og kynsystur þeirra erfitt uppdráttar þegar kemur að því að hasla sér völl innan flokksins. Í máli þeirra kom fram sú skoðun að ríkjandi viðhorf innan hans til jafnréttismála, sérstaklega andstaða við sértækar aðgerðir, hefði í raun leitt til þess að almenn umræða um jafnréttismál hefði verið töluð niður innan flokksins. Var sérstaklega auglýst eftir opinni umræðu um hefðbundin prófkjör því margar konur væru á þeirri skoðun að þau ynnu gegn framgangi kvenna í flokknum. Flestar voru þó þeirrar skoðunar að jákvætt skref hafi verið stigið á síðasta landfundi með jafnréttisstefnu Sjálfstæðisflokksins. Rétt er að geta þess að þrátt fyrir þessi viðhorf stakk nánast engin þeirra sem komu að máli við nefndina upp á kynjakvótum eða öðrum sérstækum aðgerðum. Það sem konurnar töldu helst vanta var umræða, hugarfarsbreyting til jafnréttismála og þess að konur fengju að njóta sannmælis þegar kæmi að vali á fólki í starfi flokksins.

Vinnuhópurinn sem var skipaður af miðstjórn fyrir síðasta landsfund til að semja jafnréttisáætlun Sjálfstæðisflokksins framkvæmdi ítarleg skoðun á stöðu kynjanna í innra og ytra starfi flokksins. Þar kom bersýnilega í ljós að það hallar töluvert á konur í öllu starfi flokksins. Þessi staða er til þess fallinn að fæla konur frá þátttöku í starfi flokksins auk þess sem hún er sífellt notuð gegn honum á opinberum vettvangi.

b. Ungt sjálfstæðisfólk

Það kom fram í vinnu nefndarinnar að ungt sjálfstæðisfólk hefur þungar áhyggjur af stöðu ungs fólks innan flokksins og áhuga ungs fólks á stjórnámálum almennt. Ungliðar stæðu fremst í stafni í vörn fyrir grunngildi og hugsjónir flokksins. Skoðunum og áherslum ungs sjálfstæðisfólks væri ekki haldið nægjanlega mikið á lofti, sérstaklega með tilliti til styrks, virkni og fjölda ungliða í flokknum. Þau sjónarmið komu fram að það væri mikilvægt að koma ungliðum í grasrótinni betur að þeirri vinnu sem fram fer innan flokksins, ekki aðeins með því að koma ákveðnum þekktum einstaklingum í nefndir og ráð, heldur einnig með því að leita til félagsmanna allra eftir tillögum, hugmyndum skoðunum og áherslum í auknum mæli.

c. Eldra sjálfstæðisfólk

Þau sjónarmið komu einna helst fram hjá eldra sjálfstæðisfólki að sjónarmið þeirra heyrðust lítið innan flokksins. Það benti réttilega á að flestar skoðanakannanir sýndu að eldra fólk væri einn dyggasti stuðningshópur flokksins og því ætti að

taka meira tillit til þeirra í starfinu. Eldra sjálfstæðisfólk vildi eiga betri aðkomu að öllu starfi innan flokksins, sérstaklega málefnavarfinu.

d. Landsbyggðin

Framtíðarnefnd varð vör við töluverða gremju meðal flokksmanna út á landi vegna innra starfs flokksins. Skipti þar engu hvort um var að ræða karla eða konur, unga eða eldri; alls staðar var viðkvæðið hið sama. Fólk var óþreytt við að benda á að allt málefnavarfarf ásamt nánast öllum fundum með forystunni, miðstjórnarfundum, flokkráðsfundum og landsfundum færi fram á höfuðborgarsvæðinu. Sumir héldu því fram að stundum væri eins og Sjálfstæðisflokkurinn væri bara til í Reykjavík. Það var mat margra að eðlilegra væri að reyna að halda einhverju jafnvægi í innra starfi flokksins milli höfuðborgar og landsbyggðar þannig að það heyrði ekki til sérstakra tíðinda ef einhver þessara funda færi fram á landsbyggðinni.

Bent var á að sökum ferðakostnaðar og oft vinnutaps væri fólk utan af landi gert mun erfiðara fyrir að taka þátt í starfinu. Þetta hefði í för með sér að landsbyggðarfólk gæfi síður kost á sér til ábyrgðarstarfa og ætti erfitt með að sinna þeim. Það væri eðlilegra að dreifa kostnaðinum á milli landsbyggðar og höfuðborgar með því að halda fleiri fundi úti á landi og/eða hafa fjarbúnað til staðar þannig að fólk geti tekið þátt í starfinu úr sinni heimabyggð. Framtíðarnefndin tekur undir þessi sjónarmið en nánar er fjallað um þetta atriði í umfjöllun um 52. gr. skipulagsreglnanna.

Það er ljóst að sumar athugasemdir sem bárust nefndinni voru, eins og gerist og gengur, byggðar á tilfinningu eða sögusögnum fremur en rökum. Flestir höfðu þó eitthvað til síns máls og rökstuddu mál sitt með sannfærandi hætti. Með vísan til framkominna athugasemda ályktar framtíðarnefnd afdráttarlaust að stór hluti flokksmanna telji sig, af einni eða annarri ástæðu, eiga erfitt uppdráttar í flokksstarfinu.

Í því ljósi taldi nefndin rétt að áréttta í skipulagsreglunum að grundvallarafstaða flokksins um frelsi einstaklingsins fæli í sér að engum ætti að vera mismunað á grundvelli stöðu sinnar. Eins og áður hefur komið fram þá samþykkti landsfundur, sumarið 2009, jafnréttisstefnu sem árétttar áherslur flokksins um frelsi einstaklingsins og jafnrétti á öllum sviðum. Orðalag og framsetning jafnréttisstefnunnar er til mikillar fyrirmyndar og var því meginefni samþykkrar jafnréttisstefnu flokksins sett í tillögu framtíðarnefndar að skipulagsreglum flokksins.

Í fyrstu málsgrein kemur fram að það sé markmið flokksins að stuðla að jafnri stöðu og jöfnum tækifærum einstaklinga óháð kynferði, uppruna, aldri, búsetu eða stöðu að öðru leyti. Upptalningin er að sjálfsögðu ekki tæmandi og er gert ráð fyrir að hún nái yfir alla hópa innan Sjálfstæðisflokksins. Orðalag málsgreinarinnar er efnislega samhljóma 1. og 2. gr. jafnréttisstefnunnar en orðunum búsetu og uppruna hefur verið bætt við. Framtíðarnefnd fannst rétt að tiltaka búsetu sérstaklega með hliðsjón af ofangreindum athugasemdum flokksmanna á landsbyggðinni og uppruni er settur inn til að undirstrika að nýir Íslendingar séu ávallt velkomnir í Sjálfstæðisflokkinn.

Í annarri málsgrein er fjallað sérstaklega um jafnrétti kynjanna. Með tilliti til þeirra athugasemda sem Framtíðarnefnd bárust telur hún ástæðu til að fjalla sérstaklega um jafnrétti kynjanna. Þetta er í samræmi við útfærslu síðasta landsfundar í 2. gr. jafnréttisstefnunnar og er orðalagið hið sama. Í greinargerð sem fylgdi jafnréttisstefnunni þegar hún var samþykkt á landsfundinum kom eftirfarandi fram og gerir Framtíðarnefnd þann texta að sínum:

“ætlunin (er) að höfða sérstaklega til þeirra sem stýra tilteknum verkefnum í innra starfi flokksins. Þátttaka í innra starf Sjálfstæðisflokksins er í langflestum tilvikum undanfari og aðdragandi þess að fólk láti að sér kveða í sveitastjórnar- eða landsmálum. Það þótti því rétt að leggja sérstaka áherslu á að þátttaka kynjanna sé sem jöfnust í þessum þætti starfs Sjálfstæðisflokksins. Halli á annað kynið skal sá sem leiðir viðkomandi verkefni leita leiða til að ráða bót þar á. Það má til dæmis gera með því að hvetja það kyn sem hallar á til frekari þátttöku í verkefninu, skipa fleiri aðila/einstaklinga af því kyni til vinnu við verkefnið og svo framvegis. Öll nánari útfærsla er að sjálfstöðu í höndum viðkomandi aðila eftir því sem aðstæður gefa tilefni til í hvert skipti.”

Í þriðju málsgrein er kveðið á um að ef flokksmaður telur á sér brotið í innra starfinu á grundvelli stöðu sinnar geti hann óskað eftir úrskurði miðstjórnar. Með þessu er verið að búa til leið fyrir þá einstaklinga sem telja á sig hallað til að koma óánægju sinni á framfæri innan flokksins og láta forystu flokksins vita af stöðu mála. Miðstjórn tekur síðan málið til meðferðar og leggur mat á kvörtun viðkomandi. Í þessu samhengi telur Framtíðarnefnd rétt að geta þess sérstaklega að vitaskuld felur ákvæðið ekki í sér að einstaklingur geti kært úrslit kosninga innan flokksins eða prófkjörs á þessum grundvelli.

Að sjálfstöðu er það einlæg von nefndarinnar að sem fæstir muni sjá ástæðu til að óska eftir úrskurði miðstjórnar og ef það gerist að sem fæstar kvartanir eigi við rök að styðjast. Engu að síður er ekki hægt að útiloka að núna eða í framtíðinni komi upp mál þar sem brotið hafi verið á flokksmanni á grundvelli stöðu hans. Þá verður að vera hægt að tryggja að stofnanir flokksins geti gripið inn í og sent þau skilaboð að mismunur verði aldrei liðin innan flokksins. Eitt tilvik er einu of mikið.

Töluverð gagnrýni kom fram á þessa kærueimild til miðstjórnar. Var því haldið fram að miðstjórn yrði vængstýfð með endalausum kærur frá einstaklingum sem teldu á sér brotið og sumir gengu svo langt að ásaka nefndina um að vera að stofna aðra kærunefnd jafnréttismála. Í því sambandi tekur Framtíðarnefnd fram að það er ómögulegt í dag að spá fyrir um hver fjöldi kvartana verður, hversu langan tíma tekur að afgreiða þær eða hversu mikið verði hæft í þeim. Framtíðarnefnd vill með þessari málsgrein senda flokksmönnum þau skilaboð að Sjálfstæðisflokkurinn standi vörð um grundvallarsjónarmið sín um frelsi einstaklingsins og jafnrétti. Ef einstaklingur innan flokksins telur sér mismunað í innra starfinu á grundvelli stöðu sinnar þá verður fyrir hendi ferli sem tryggi að viðkomandi geti komið óánægju sinni á framfæri og eftir atvikum fengið sanngjarna úrlausn sinna mála.

Framtíðarnefnd áttar sig fyllilega á því að þessi grein í skipulagsreglunum mun ekki hafa úrslitaáhrif á kröfur ýmissa hópa um meiri áhrif í innra starfi flokksins. Til þess að það verði að veruleika þarf vilja og vinnu allra sem standa að innra starfi Sjálfstæðisflokksins. Hins vegar er það von nefndarinnar að þessi grein í skipulagsreglunum geti veitt aðilum hvoru tveggja, vörn og rétt, telji þeir á sér brotið í innra starfi flokksins.

4. gr. Flokksaðild

Í núgildandi skipulagsreglum er kveðið á um flokksaðild í 34. gr. undir X kafla um flokksfélög. Það var mat Framtíðarnefndar að núverandi fyrirkomulag við niðurröðun í skipulagsreglunum væri að meginstefnu rétt þ.e. að stofnunum flokksins væri raðað upp eftir

mikilvægi, fyrst kæmi landsfundur, þá flokksráð og svo framvegis. Það er hins vegar mat nefndarinnar að ástæða sé til að undirstrika mikilvægi sérhvers flokksmanns með þeim hætti sem hér er lagt til. Einstaklingar eru undirstaða flokksins og án þeirra væri flokkurinn ekki til. Það er því bæði eðlilegt og í samræmi við hugmyndafræði Sjálfstæðisflokksins að fyrst taki skipulagsreglur hans til einstaklingsins áður en farið er að skilgreina einstakar stofnanir innan flokksins.

Í núgildandi skipulagsreglum verður einstaklingur flokksbundinn þegar stjórn félags, þar sem hann óskar inngöngu, hefur samþykkt viðkomandi. Sú breytingartillaga er gerð að framvegis verði einstaklingur flokksbundinn þegar inntökubeiðni hans hefur borist skrifstofu flokksins. Þetta er veruleg breyting frá núverandi fyrirkomulagi og margvíslegar ástæður liggja þar á bak við. Fyrst er til að taka að það samræmist varla nútíma vinnubrögðum og hagsmunum Sjálfstæðisflokksins að einstaklingar geti þurft að bíða vikum og jafnvel mánuðum saman eftir svari um það hvort þeir geti orðið flokksbundnir Sjálfstæðismenn. Núverandi verklag er þannig að einstaklingur er skráður í flokkinn um leið og búið er að færa skráningu hans inn í félagatalið í Valhöll. Stjórnnum félaga er síðan reglulega sent yfirlit yfir nýskráningar á sínu svæði sem þær samþykkja í raun eftir á og þá fyrst fær viðkomandi svar við beiðni sinni. Ef einstaklingur ætti hins vegar að senda inntökubeiðni sína fyrst til stjórna félaga, bíða eftir afgreiðslu og færslu inn í kerfi Valhallar myndi allt ferlið tefjast enn frekar. Einu skiptin þar sem stjórnir félaga afgreiða nýskráningar fyrir skráningu í félagatal flokksins er fyrir aðalfundi félaga þar sem mikil smölun hefur átt sér stað t.d. fyrir aðalfund Heimdallar.

Athugun og yfirferð um notkun þessa ákvæðis síðustu ár styrkti nefndina í þeirri trú að breytinga væri þörf. Nánast öll dæmi sem fyrir liggja voru vægast sagt umdeilanleg og til þess fallinn að valda úlfúð innan flokksins sem utan. Þekktasta tilvikið í þessum efnum er líklega þegar stjórn Heimdallar meinaði árið 2003 yfir þúsund einstaklingum að ganga í flokkinn nokkrum dögum fyrir stjórnarkjör í félaginu. Þetta olli því að móttframboð sem var beint gegn sitjandi stjórn dró framboð sitt til baka í mótmælaskyni. Eftir að málið hafði verið kært til miðstjórnar voru allir einstaklingarnir skráðir í flokkinn án athugasemda. Þetta mál var blásið upp í fjölmiðlum og varpaði afar neikvæðu ljósi á ungliðahreyfinguna í Reykjavík og flokkinn í heild sinni.

Fleiri dæmi fyrirfinnast. Víða um land hefur það gerst að flokksfólk taki þátt í staðbundnum sveitarstjórnarframboðum sem lenda eðli málsins samkvæmt í samkeppni við framboð flokksins um hylli kjósenda. Slík framboð á sveitarstjórnarstigi snúast oftast en ekki um persónur og forgangsöröðun verkefna innan sveitarfélagsins fremur en landsmálapólitík. Því miður hefur þessi staða oft valdið persónulegum illindum og heift innan einstakra aðildarfélaga. Þegar svo ber undir hafa stjórnir sjálfstæðisfélaga beitt heimildinni í núgildandi skipulagsreglum óspart á þá félaga sína sem komu nálægt viðkomandi framboði.

Samtöl nefndarinnar við einstaklinga sem hafa lent í þessu leiddi í ljós að þeir telja sig oftast vera gegnheila sjálfstæðismenn og vilja ekkert frekar en að vera í flokknum. Þeir telja að slík staðbundin sveitastjórnarframboð flokkist ekki á nokkurn hátt undir trúnaðarstörf fyrir annan stjórnmalaflokk, enda eru þau mörg hver nánast eingöngu mönnum sjálfstæðisfólki.

Til eru dæmi um flokksmenn sem hafa lent í sérkennilegum vítahring sökum þessa. Þeir hafa sent inn inntökubeiðni, verið skráðir inn í flokkinn en síðan hent jafnharðan aftur út af viðkomandi stjórn. Þetta hefur síðan endurtekið sig þar til annar hvor aðilinn gefst upp – viðkomandi hefur þá á stuttu tímabili margsinnis verið skráður í flokkinn en jafn oft verið vísað úr honum! Þrátt fyrir að þessi mál hafi sjaldan valdið miklu fjaðrafoki í fjölmiðlum er

ljóst að þetta veldur flokksnum skaða í þeim sveitarfélögum þar sem þessi átök eiga sér stað. Það er mat nefndarinnar að beiting reglnanna á þennan hátt sé flokksnum ekki til framdráttar – framkvæmdin verður að vera þannig að tekið sé á slíkum álitaeftum í eitt skipti fyrir öll – flokksmenn eiga ekki lenda í því að innganga í flokkinn sé eins og að ganga ítrekað í gegnum bilaða snúningshurð.

Það er mat nefndarinnar að umræddar ákvarðanir þ.e. hvort rétt hafi verið staðið að inngöngu eða hvort framboð í sveitarstjórnarkosningum flokkist undir annan stjórnmalaflokk séu þess eðlis að þær hafa áhrif á flokkinn í heild og ættu því að vera teknar á vettvangi miðstjórnar. Geri stjórn félags athugasemdir við skráningu flokksmanns í félagið þá getur hún skotið málinu til úrskurðar miðstjórnar. Ferlið fer því frá því að einstök félög geti meinað einstaklingi að ganga í flokkinn sem þurfa þá að kæra málið til miðstjórnar í það að viðkomandi félag þarf að skjóta athugasemdum sínum til miðstjórnar sem úrskurðar um málið. Með sama hætti geta einstaklingar skotið sambærilegum málum til úrskurðar miðstjórnar flokksins.

5. gr.

Atkvæðisréttur og kjörgengi

Í 35. gr. nógildandi skipulagsreglna er fjallað um atkvæðisrétt og kjörgengi. Framtíðarnefnd færði þessa grein frammar í skipulagsreglunum á grundvelli sömu sjónarmiða um mikilvægi hins almenna flokksmanns og komu fram í umfjöllun um 4. gr. hér að ofan.

A. Skilyrði þess að teljast fullgildur félagsmaður

Í nógildandi reglum er kveðið á um að fullgildur félagi í Sjálfstæðisflokknum sé sá sem hafi greitt árgjöld, sé styrktarmaður Sjálfstæðisflokksins eða hafi skráð sig til þátttöku í málefnnastarfi á aðalskrifstofu flokksins. Aðeins fullgildir flokksmenn hafi síðan kosningarétt og kjörgengi til hvers konar trúnaðarstarfa innan félaga og flokksins í heild.

Töluverð gagnrýni kom fram á þessa grein í nógildandi skipulagsreglum. Var bent á að allur gangur væri á því hvort félögin gengu eftir því að allt flokksfólk í viðkomandi félagi stæði skil á árgjöldum. Þau sjónarmið heyrðust að þessi áskilnaður gerði eftirlit aðildarfélaga með því hvort flokksmaður væri fullgildur nánast ómögulegt. Skráning í styrktarmannakerfi og málefnnastarf væri í Valhöll og þær upplýsingar lægju ekki á lausu. Ef flokksmaður, sem hefði ekki greitt árgjöld, mætti t.d. á fund til að greiða atkvæði og væri stöðvaður þá gæti viðkomandi haldið því fram að hann væri í styrktarmannakerfinu eða hefði skráð sig í málefnnastarf og mætti því kjósa. Flestir fundir innan aðildarfélaga eru haldnir utan vinnutíma eða um helgar og því væri bæði tímafrekt og erfitt fyrir aðildarfélögin að þurfa að freista þess að ræsa einhvern út í Valhöll til að sannreyna fullyrðingu viðkomandi.

Niðurstaða Framtíðarnefndar var sú að einfalda þessi skilyrði og er tillaga hennar sú að þeir sem eru skráðir í flokkinn og hafa greitt árgjöld til viðkomandi félags séu fullgildir félagsmenn og hafi atkvæðisrétt, kosningarétt og kjörgengi. Þetta leiðir af sér að aðildarfélög geta sjálf haft með höndum alla umsjón með þessum þáttum innan vébanda sinna.

Rétt er að geta þess að Framtíðarnefnd leggur til að tekin verði út heimild í nógildandi skipulagsreglum sem heimilar að undanskilja elli- og/eða lífeyrisþega frá gjaldskyldu í sjálfstæðisfélögum með fullum félagsréttindum. Það var mat nefndarinnar að miðstjórn hefði fulla heimild til að taka slíka ákvörðun án heimildar í skipulagsreglunum. Einnig kom fram að mögulega væru fleiri hópar sem gætu óskað eftir slíkri undanþágu t.d. ungt sjálfstæðisfólk og

ef heimildin um elli- og lífeyrisþega væri inni í reglunum þá væri hægt að gagnálykta á þá leið að ekki væri leyft að veita öðrum hópum slíka undanþágu.

B. Fjöldaskráningar í flokkinn

Við umræðu um þessa grein spunnust miklar umræður um fjöldaskráningar í flokkinn. Á liðnum árum hefur innganga í flokkinn verið mjög sveiflukennnd; á nokkrum vikum í tengslum við prófkjör og aðalfundi í ungliðahreyfingunni hafa oft yfir þúsund nýrra einstaklinga gengið til liðs við flokkinn. Þess á milli er rólegt; lauslega áætlað má gera ráð fyrir að um 10-20 einstaklinga skrái sig í flokkinn í hverjum mánuði og á sama tíma skrái nokkrir sig úr honum.

Óhætt er að segja að margt af því flokksfólki sem kom að máli við nefndina hafi verið andsnúið slíkum fjöldaskráningum. Sérstaklega var þetta áberandi út á landsbyggðinni. Framtíðarnefnd tók málið til sérstakrar skoðunar, safnaði saman rökum með og móti, kannaði þær reglur sem nú eru í gildi og gerði síðan tillögu að breytingum. Niðurstaða vinnu nefndarinnar er eftirfarandi:

Rök með fjöldaskráningum í flokkinn:

1. Margir nýir einstaklingar koma inn í flokkinn, ganga inn í starfstöðvar flokksins sem stundum er erfiðasta skrefið og kynnast þeim krafti sem oftast er í starfinu í tengslum við prófkjör eða mikilvægar kosningar.
2. Þrátt fyrir að margir verði síðan í framhaldinu einungis flokksbundnir að nafni til þá koma einnig öflugir einstaklingar inn í starfið með þessum hætti.
3. Ekki er heldur hægt að líta fram hjá því að fyrir flesta er það að ganga í stjórnmalaflokk stór ákvörðun af ýmsum ástæðum. Þegar fólk er á annað borð skráð í stjórnmalaflokk þá er það líklega bundnara viðkomandi flokki en ella.
4. Fjöldaskráningar stuðla að fjölmennri flokksskrá og í dag eru tæplega 50 þúsund einstaklingar skráðir í flokkinn. Með lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 hafa möguleikar stjórnmalaflokka til að nálgast og halda utan um kjósendur sína verið heftir verulega. Þessar hömlur eiga ekki við þegar um er að ræða einstaklinga sem eru flokksbundnir. Stór flokksskrá er því til þess fallinn að hjálpa flokknum verulega í kosningum.
5. Rúmar reglur um skráningar í flokkinn gefa nýjum einstaklingum kost á að bjóða sig fram og koma með sitt fólk inn í flokkinn. Það fólk er líklegt til að vera virkt nái viðkomandi frambjóðandi framgangi í kosningunni. Þröngar reglur eru aftur á móti til þess fallnar að festa í sessi þá fulltrúa sem eru fyrir á fleti.

Rök gegn fjöldaskráningu í flokkinn:

1. Það er eðlilegra að virkir flokksmenn velji fólk til ábyrgðarstarfa innan hans.
2. Fjöldaskráningar hafa í för með sér að prófkjörs- og kosningabaráttur snúast fremur um fjölda nýrra félaga en málefnalegan ágreining.
3. Fjöldaskráningar eru tengdar því að þeir sem þekkja flesta utan flokks t.d. eru vel tengdir inn í íþróttafélög ná góðum árangri.
4. Fjöldaskráningar eiga sér oftast stað á höfuðborgarsvæðinu eða í þéttbýliskjörnum út á landi. Það hefur það í för með sér að fjöldi flokksmanna á því svæði eykst verulega. Fjöldi flokksmanna í aðildarfélagi skiptir máli varðandi hversu marga fulltrúa viðkomandi félag fær á landsfund, kjördæmisþing og landsþing sérsambanda. Þetta hefur það í för með sér að áhrif félaga á landsbyggðinni skerðast þegar kemur að landsfundi og þingum sérsambanda.

5. Á það var bent að þegar nýr einstaklingur gengur í flokkinn þá er nánast ekkert gert til að bjóða viðkomandi velkominn og kynna hann innviðum flokksstarfsins. Meginástæða þess eru líklega sveiflukenndar fjöldaskráningar í flokkinn en nánast ómögulegt er fyrir stjórnir félaga að taka vel á móti og rækta samband við hundruð nýrra flokksmanna sem skrá sig allir á sama tíma.

C. Núgildandi heimildir til fjöldaskráninga

Framtíðarnefnd athugaði heimildir til fjöldaskráningar í flokkinn en eins og áður segir þá tíðkast þær einkum í tveimur þáttum í starfi Sjálfstæðisflokksins; innan ungliðahreyfingarinnar annars vegar og hins vegar í prófkjörum. Þessir tveir þættir innra starfsins eru hins vegar mjög ólíkir. Um prófkjörin gilda sérreglur og verður nánar fjallað um þær í umfjöllun um 55. gr. tillagna Framtíðarnefndar og mun þessi umfjöllun því einungis taka til fjöldaskráningar í tengslum við kosningar innan aðildarfélaga Sjálfstæðisflokksins.

Þegar kemur að kosningu innan félags þá eru skipulagsreglurnar skýrar. Eins og fjallað var um framfarir í þessari umfjöllun um 5. gr. þá þarf flokksbundinn einstaklingur núna að hafa greitt félagsgjöld, verið styrktarmaður eða skráður í málefnaþátt til að fá atkvæðisrétt um einstök mál, kosningarétt og kjörgengi. Í tillögum Framtíðarnefndar er þetta einfaldað og gert ráð fyrir að einstaklingur þurfi að hafa greitt félagsgjöld til að öðlast ofangreind réttindi. Þessi áskilnaður núgildandi skipulagsreglna og tillagna Framtíðarnefndarinnar býr til ákveðin þröskuldur fyrir nýja flokksmenn ef þeir vilja taka virkan þátt í starfinu. Þessi þröskuldur á hins vegar ekki við um meirihluta félaga í ungliðahreyfingunni. Þar sem þau innheimta yfirleitt ekki félagsgjöld er ljóst að skv. 35. gr. núgildandi skipulagsreglna og 5. gr. tillagna Framtíðarnefndar þá verða einstaklingar innan félaga sem innheimta ekki félagsgjöld félagar við skráningu.

D. Niðurstaða framtíðarnefndar á fjöldaskráningum

Eins og áður hefur komið fram þá byggjast reglur um fullgilda félagsmenn á því að viðkomandi hafi greitt félagsgjöld. Þessi þröskuldur er eðlilegur út frá grundvallarsjónarmiðum flokksins um jafnræði þ.e. allir félagsmenn í aðildarfélagi verða að sitja við sama borð þegar kemur að atkvæðisrétti, kosningarétti og kjörgengi innan félags.

Málið vandast þegar kemur að félögum sem innheimta ekki félagsgjöld. Nánast eina gagnrýnin á fjöldaskráningar í flokkinn tengist ungliðahreyfingunum á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega í tengslum við aðalfund ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík. Engin andmælti því að viðkomandi félagsmenn sætu við sama borð en því var haldið fram að sá mikli fjöldi sem væri smalað inn í flokkinn t.d. á aðalfund ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík skekkti áhrif Heimdallar gagnvart landsfundi, fulltrúaráðinu í Reykjavík og á þingum SUS.

Í því samhengi bendir Framtíðarnefnd sérstaklega á að sérsambönd, fulltrúaráð og kjördæmisráð geta brugðist við skekkjum vegna fjöldaskráninga í sínum eigin starfsreglum. Sem dæmi má nefna að samkvæmt lögum SUS getur Heimdallur ekki haft meira en 45% fulltrúa á SUS þingi og samkvæmt reglugerð Varðar getur Heimdallur ekki haft meira 150 fulltrúa í fulltrúaráðinu í Reykjavík. Fjöldi fulltrúa á landsfundi skiptir minna máli þar sem tillaga Framtíðarnefndar liggur fyrir um að opna landsfund fyrir öllum flokksmönnum.

Framtíðarnefnd telur ljóst að ef á að koma í veg fyrir fjöldaskráningar innan félaga sem innheimta ekki félagsgjöld yrði að setja reglur um lágmarksfélagsgjöld innan aðildarfélaga. Nefndin telur óráðlagt að setja lágmarksárgjöld þar sem ljóst er að ungt fólk hefur oftast minni

fjárráð en þeir sem eldri eru og það gæti haft slæmar afleiðingar fyrir ungliðahreyfinguna að setja ófrávíkjanlega kröfu um félagsgjald.

Af þeim sökum gerir Framtíðarnefnd það að tillögu sinni að þeir sem eru skráðir í flokkinn og hafa greitt árgjöld til viðkomandi félags séu fullgildir félagsmenn og hafi atkvæðisrétt, kosningarétt og kjörgengi. Eins og í nágildandi skipulagsreglum er gert ráð fyrir því að félög geti tekið ákvörðun um að innheimta ekki félagsgjöld og verður einstaklingur þá fullgildur félagsmaður við skráningu í flokkinn.

E. Starfsmönnum flokksins óheimilt að gegna öðrum trúnaðarstörfum fyrir flokkinn

Að lokum er rétt að geta þess að í lok 5. gr. tillagna Framtíðarnefndar er að finna áskilnað um að starfsmönnum Sjálfstæðisflokksins sé óheimilt að gegna öðrum trúnaðarstörfum á vegum flokksins. Starfsmenn flokksins skulu ekki skipa sæti á framboðslista flokksins við Alþingis- eða sveitarstjórnarkosninga. Þessi tillaga þrengir verulega að starfsmönnum flokksins en í 21. gr. nágildandi skipulagsreglna kemur einungis fram að starfsmönnum flokksins sé óheimilt að skipa aðalsæti á framboðslista flokksins til Alþingis.

Ástæðan fyrir þessari tillögu Framtíðarnefndar er aðstöðumunur starfsmanna flokksins, annars vegar og öðrum flokksmönnum hins vegar. Í gegnum vinnu sína eru starfsmenn flokksins í nánu samneyti við áhrifafólk í flokknum, koma að skipulagningu kosninga og hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum. Sá möguleiki er fyrir hendi að starfsmenn flokksins geti nýtt þessa aðstöðu sína sér til framdráttar. Framboð starfsmanns flokksins getur einnig sett óeðlilegan þrýsting á þá sem skipa í embættið þar sem þeir gætu talið að það að ganga fram hjá starfsmanni flokksins gæti bakað þeim vandræði inni á flokksskrifstofunum.

Rétt er að geta þess að afar fá dæmi eru um að starfsfólk flokksins gegni trúnaðarstöðum á vegum flokksins eða skipi sæti á framboðslistum. Hins vegar verður flokksfólk að geta treyst fullkomlega því að þegar það leitar til skrifstofu flokksins þá sé starfsfólkið, allt sem eitt, eingöngu að hugsa um hag flokksins.

Sömu rök búa að baki banni við því að starfsmenn flokksins skipi sæti á framboðslista flokksins. Framtíðarnefnd taldi engan mun vera á framboði til Alþingis eða sveitarstjórnar og gerir því þá tillögu að sveitarstjórnarstigið bætist við. Jafnframt taldi nefndin að ekki væri nóg að skilyrða bannið við aðalsæti á framboðslistum. Reynslan hefur einmitt sýnt það að prófkjör ákvarða oftast aðalsæti en uppstillingarnefndir á vegum flokksins skipi sætin sem á eftir koma. Þar er aðstöðumunurinn skýr; starfsmenn flokksins eru yfirleitt í miklum samskiptum við uppstillingarnefndirnar og skipuleggja vinnuna í sumum tilfella.

6. gr.

Atkvæðagreiðslur meðal flokksmanna

Þessi grein er ný í skipulagsreglunum og fjallar um almennar atkvæðagreiðslur meðal flokksmanna. Lýðræði hefur þann tilgang að skapa sterkt samfélag sem byggir á því að vilji fjöldans fái framgang og sátt skapist um sem flest mál. Fullkomið lýðræði er sennilega óframkvæmanlegt en hægt er að hugsa sér mismunandi stig lýðræðis innan hreyfingar eins og Sjálfstæðisflokksins. Það eru vissulega skiptar skoðanir um hvað innleiða á mikið beint lýðræði í samfélaginu sem og í Sjálfstæðisflokknum. Sumir telja að nóg sé að kjósa fulltrúa í kosningum og þeir sjái síðan um framkvæmd lýðræðisins meðan aðrir vilja helst ræða málin rækilega og kjósa síðan um allt milli himins og jarðar.

Á fundum Framtíðarnefndar kom glögg í ljós að hinn almenni flokksmaður taldi sig oft og tíðum hafa lítil áhrif á ákvarðanatöku innan flokksins. Málefnaþing og stefna flokksins í einstökum málum væri ákveðin af fámennum hópi fólks og samráð væri lítið sem ekkert. Litlu máli skipti þótt um væri að ræða lykilspurningar í þjóðfélaginu svo sem málefni tengd inngöngu í Evrópusambandið eða Icesave samningunum. Það var algengt viðkvæði að vissulega gæti hinn almenni flokksmaður mætt á landsfund og greitt þar atkvæði um stefnu flokksins í ákveðnum málaflokki en vandamálið væri að margir kjörinna fulltrúa flokksins virtust “gleyma ályktunum landsfundar um leið og honum lyki eða túlkuðu og teygðu ályktanirnar þar til að þær féllu að skoðunum þeirra.”

Þessi viðhorf komu ekki eingöngu fram á hjá almennum flokksmönnum heldur einnig meðal fulltrúa innan miðstjórnar, stjórnunum kjördæmisráða, fulltrúaráða og félaga. Alls staðar var áberandi krafa um aukið lýðræði og meiri áhrif á ákvarðanatöku innan flokksins. Fólk benti á að Sjálfstæðisflokkurinn hefði alltaf verið flokkur mismunandi stétta og viðhorfa í samfélaginu og vilji hann vera það áfram sé mikilvægt að allar skoðanir eigi sér vettvang innan flokksstarfsins. Rétt er að geta þess að flestir sem nefndin talaði við voru meðvitaðir um mikilvægi þess að finna sem best jafnvægi milli beins lýðræðis og upplýstra ákvarðana forystu.

Til að mæta þessu leggur Framtíðarnefnd til að landsfundur, flokksráð, miðstjórn, kjördæmisráð eða fulltrúaráð geti lagt ákveðið málefni til ráðgefandi eða bindandi atkvæðagreiðslu á meðal flokksmanna. Rétt er að geta þess að samkvæmt núgildandi regluverki er fátt sem gæti stöðvað ofangreindar stofnanir flokksins í að halda slíka kosningu en ljóst að vafi myndi leika á vægi niðurstöðunnar.

Stærsta breytingin er hins vegar að um 2% skráðra flokksmanna eða 1000 flokksmenn geta óskað eftir sambærilegri atkvæðagreiðslu. Einu skilyrðin fyrir þessari heimild eru að viðkomandi séu flokksmenn og að samsetning undirskriftarlistans sé þannig að a.m.k. 100 undirskriftir komi frá flokksmönnum í hverju kjördæmi landsins. Framtíðarnefndin er meðvituð um að þetta er líklega ein rúmasta heimild til slíkra atkvæðagreiðslna sem um getur hér á landi. Það var mat nefndarinnar að fyrst um sinn ætti þessi heimild að vera rýmri frekar en hitt. Áskilnaðurinn um undirskriftir úr öllum kjördæmum er nægjanleg hindrun gagnvart hugmyndum sem ættu ekki erindi í slíka atkvæðagreiðslu. Reynslan mun síðan leiða í ljós hvort rétt sé að endurskoða þennan þröskuld.

Framtíðarnefnd sér fyrir sér mismunandi lausnir fyrir mismunandi málefni. Það gætu verið hreinar kosningar um ákveðin fyrirfram skilgreind málefni, ráðgefandi skoðanakannanir sem fengju meira vægi við meiri þátttöku um önnur málefni og jafnvel einhvers konar málefna grunnur þar sem félagsmenn gætu smám saman ljáð málefnum og hugmyndum aukið vægi um leið og umfjöllun færi fram á vettvangi flokksins um viðkomandi málefni. Einnig þarf að hugsa fyrir því að einhvers konar hömlur séu á því að hagsmunablokkir eða hópar geti haft bein áhrif á niðurstöður umfram það að vinna sínum málstað fylgis á opinberum vettvangi.

Framtíðarnefnd telur að lýðræðishefðin sé sterk innan Sjálfstæðisflokksins og í þeim anda ætti hann að tileinka sér þá tækni sem býðst í dag til að ná beinna sambandi við flokksmenn og kjósendur. Yngstu kjósendur í næstu kosningum sem eru jafnvel yngri en internetið munu kannski ekki eiga mikla samleið með flokkum sem ekki tekst að tileinka sér hluti sem þau sjálf lærðu í barnæsku. Það þarf því að vera til staðar virkt tæki til að framkvæma rafræna kosningu á einfaldan hátt. Slíkt tól gæti verið rafræn félagaskrá beintengd greiðslukerfi

bankanna með dulkóðuðum persónuupplýsingum og stigskiptum aðgangi þar sem það ætti við. Með slíku tæki geta opnast margir möguleikar bæði hvað varðar innra starf félaganna, fjáröflun og beint samband flokksfólks við ákvarðanavald flokksins.

Að lokum er rétt er að geta þess að Framtíðarnefnd gerir ekki ráð fyrir því að atkvæðagreiðslur um framkvæmdir á vegum flokksins (t.d. sölu eigna) eða stuðning við einstaka flokksmenn (t.d. vantraust á forystu flokksins) falli undir þetta ákvæði enda er skýrt kveðið á um að atkvæðagreiðslan sé um ákveðið málefni. Miðstjórn er ætlað að setja samræmdar framkvæmdareglur um slíkar kosningar þar sem meðal annars er kveðið á um tilhögun kosninga, kjörstjórn, tímafresti og úrvinnslu atkvæðagreiðslunnar. Gert er ráð fyrir að atkvæðagreiðslurnar eigi sér stað eigi síðar en mánuði eftir að beiðnin barst viðkomandi stofnun flokksins og að miðstjórn setji nánari reglur um framkvæmdina.

II. kafli Skipulag Sjálfstæðisflokksins

Almennt

Í nágildandi skipulagsreglum flokksins hefur hver stofnun hans sér kafla. Framtíðarnefnd leggur til að umfjöllun um stofnanir flokksins verði steipt saman í einn stóran kafla sem ber heitið Skipulag Sjálfstæðisflokksins. Undir þessum lið verði umfjöllun um landsfund (núverandi I. kafli), flokksráð (núverandi II. kafli), miðstjórn (núverandi IV. kafli), kjördæmisráð (núverandi XII. kafli), fulltrúaráð (núverandi XI. kafli) og flokksfélög (núverandi X. kafli). Það er mat nefndarinnar að þessi breyting sé eðlileg og til þess fallin að einfalda reglurnar í augum þeirra sem þær lesa.

Landsfundur

Í yfirferð Framtíðarnefndar mynduðust oftast en ekki fjörugar umræður um landsfund. Að meginstefnu til var fólk ánægt með fundinn en engu að síður komu fram margar gagnlegar ábendingar varðandi skipulag og framkvæmd hans. Þrjár athugasemdir stóðu upp úr:

Í fyrsta lagi gerðu félög og kjördæmisráð alvarlegar athugasemdir við upplýsingaflæðið í aðdraganda landsfundar. Það væri nánast orðið að reglu að fundargögn, sérstaklega ályktanir málefna nefnda, væru ekki tilbúin fyrir á landsfundinum sjálfum. Þetta gerði það að verkum að nánast ómögulegt væri fyrir einstök félög í aðdraganda landsfundar að fara yfir dagskrá, málefnaályktanir og drög að stjórn málaályktun með félagsmönnum til undirbúnings landsfundinum. Þannig væri stórlega dregið úr getu félaga til að hafa áhrif á fundinum.

Í öðru lagi kom fram á meðal almennra flokksmanna rík krafa um meiri þátttöku í ákvarðanatöku á vegum flokksins, ekki síst á landsfundi. Framtíðarnefnd varð snemma í vinnu sinni vör við að töluverðar óánægju gætti meðal almennra flokksmanna með fyrirkomulag við val á fulltrúum á fundinn. Reglurnar um valið voru upphaflega settar til að tryggja jafnvægi á milli kjördæma, bæði út frá fjölda flokksmanna en einnig út frá stuðningi innan kjördæmisins. Reynslan sýnir hins vegar að þrátt fyrir að flestir landsfundarfulltrúar komi í gegnum sín félög er töluverður fjöldi fundarmanna sem gerir það ekki. Höfuðborgarsvæðið, sérstaklega Reykjavík, fær svo stóran kvóta að stundum er erfitt fyrir félögin að fylla hann. Þetta skrifast líklega meira á það að almennir flokksmenn sem hafa ekki verið virkir innan síns hverfis vita ekki hvernig þeir eiga að bera sig að til að komast á fundinn frekar en að um sé að ræða almennt áhugaleysi innan höfuðborgarinnar.

Þetta þýðir að stundum hefur verið gripið til þess ráðs að lauma fólki úr öðrum kjördæmum inn á fundinn í gegnum Reykjavík til að ná að fylla kvótann. Ástæðan fyrir því er að út á landi er þessu þveröfugt farið, lítil félög hafa fáa fulltrúa og þar hefur oftast en ekki myndast sterk hefð um það hverjir fara á fundinn. Í slíkum tilvikum er nánast engin möguleiki fyrir nýja og áhugasama einstaklinga að komast á fundinn nema í gegnum annað félag eða kjördæmi. Það er því ljóst að línurnar á milli félaga og kjördæma hafa brenglast. Innan stjórna félaganna sjálfra kom jafnframt fram að mörgum fannst nágildandi fyrirkomulag við val á fulltrúum vera allt of flókið og vissu menn aldrei nákvæmlega hversu margir fulltrúa þeir fengu á fundinn.

Í þriðja lagi kom fram gagnrýni á ákvæði nágildandi skipulagsreglna um val á fulltrúum á landsfund. Það þótti órökrétt að fækka fulltrúum á landsfund þegar illa gengur í kosningum. Jafnframt var bent á að reglurnar um fulltrúaval stæðu í vegi fyrir sameiningu félaga en vilji stendur til þess innan margra félaga m.a. vegna fækkunar sveitarfélaga en ekkert verður af því þar sem félögin myndu við sameiningu tapa fulltrúum á landsfund.

Framtíðarnefnd taldi ástæðu til að bregðast við þremur megin þáttum athugasemda sem bárust nefndinni frá flokksmönnum.

7. gr.

Um landsfund

Þessi grein er samhljóða 1. gr. núgildandi skipulagsreglna og áréttar að landsfundur hefur æðsta vald í málefnum flokksins.

8. gr.

Í þessari grein er fjallað um dagsetningar, dagskrá og kosningar á landsfundi. Í núgildandi reglum er kveðið á um að landsfundur skuli að jafnaði haldinn á tveggja ára fresti. Athygli er vakin á því að í núgildandi skipulagsreglum stendur að landsfundur skuli að jafnaði haldinn á tveggja ára fresti en þetta orðalag hefur verið tekið út og nú skal halda landsfund á tveggja ára fresti. Þetta er í samræmi við áralanga hefð innan flokksins. Haldið er í núgildandi heimild miðstjórnar til að boða auka landsfund ef svo ber undir. Þessi heimild var síðast notuð árið 2010 þegar landsfundur var boðaður um sumarið.

Sú breyting er gerð að reglulegir landsfundir skulu boðaðir með minnst þriggja mánaða fyrirvara í stað tveggja áður. Reynslan hefur sýnt að fundargögn og ályktanir eru ekki tilbúin fyrir en rétt fyrir fund. Þetta er gert til að tryggja að fólk og félög hafi meiri tíma til að undirbúa sig fyrir landsfundinn og helst í hendur við ákvæði 10. gr. þar sem skylt er að hafa öll gögn tilbúin og aðgengileg fundarmönnum mánuði fyrir fund. Þetta gefur því málefnanefndum og starfsfólki flokksins tvo mánuði til að ganga frá öllum gögnum sem verða lögð fyrir fundinn.

Innan Framtíðarnefndar voru umræður um það hvort þyrfti að setja sérstaka heimild í tillögurnar varðandi aukalandsfund sem mætti boða til með skemmri fyrirvara t.d. ef boðað yrði til alþingiskosninga með stuttum fyrirvara eða við aðraqr óvenjulegar aðstæður í þjóðfélaginu. Framtíðarnefnd ákvað að setja ekki slíka heimild í tillögurnar þar sem eðli málsins samkvæmt þarf slík heimild að vera þröng til að koma í veg fyrir misnotkun. Það þýðir að í ákvæðinu þyrfti að telja upp þau tilvik sem réttlættu skyndilega boðun aukalandsfundar og það er nánast ógerlegt – enginn veit hvað getur gerst í framtíðinni sem réttlæti slíka boðun. Framtíðarnefnd telur að þrátt fyrir að ekkert sé minnst á aukalandsfund í tillögunum sé þröng heimild fyrir honum til staðar og orðalagið “reglulegur landsfundur” þýði í raun að heimilt sé að boða til óreglulegra landsfunda ef svo ber undir. Nefndin telur hins vegar rétt að sá sem boðar til þess fundar þurfi að standa skil gjörða sinna fyrir landsfundi og réttlæta boðun fundarinnar.

Í greininni er kveðið á um liði sem eru ætíð á dagskrá landsfundar. Framtíðarnefndin leggur til töluverðar breytingar á þessum greinum í skipulagsreglum flokksins:

- a. Í öðrum lið dagskrár fundarins er gert ráð fyrir að varaformaður flokksins flytji fundinum skýrslu um störf flokksráðs og málefnnastarfið frá síðasta landsfundi. Málefnnastarfið er eitt af fjöreggjum flokksins og mikilvægt að það sé í lagi. Með þessari breytingu er tryggt að varaformaður flokksins þurfi að standa skil á sinni vinnu gagnvart landsfundi. Fundarmenn fá þannig upplýsingar um stöðu málefnnastarfsins og hafi tækifæri til að tjá sig um málefnnastarfið og störf varaformanns.

- b. Á sama hátt er í þriðja lið dagskrár fundarins gert ráð fyrir að 2. varaformaður flokksins flytji fundinum skýrslu um störf miðstjórnar og innra starf flokksins. Í gegnum tíðina hefur framkvæmdastjóri flokksins fjallað um innra starfið en að mati Framtíðarnefndar er óeðlilegt að enginn kjörinn forystumaður beri ábyrgð gagnvart landsfundi á innra starfinu. Með þessari breytingu er tryggt að 2. varaformaður flokksins þurfi að standa skil á sinni vinnu gagnvart landsfundi. Fundarmenn fá þannig upplýsingar um stöðu innra starfs og hafi tækifæri til að tjá sig um innra starfið og störf 2. varaformanns flokksins.
- c. Í fjórða lið dagskrár fundarins er gert ráð fyrir að framkvæmdastjóri flokksins þurfi að leggja fram reikninga fyrir starfsárin á milli landsfunda. Ástæðan fyrir þessari breytingu er að í vinnu Framtíðarnefndar komu fram eindregnar athugasemdir um að mikil leynd hvíli yfir fjármálum flokksins og í raun sé það einungis á vitorði örfárra einstaklinga hvernig þeim fjármunum sem berast flokknum frá hinu opinbera sé varið. Eflaust hafa góð og gild rök verið fyrir þessu fyrirkomulagi en m.t.t. þess að flokknum er núna skylt að senda endurskoðaða reikninga til Ríkisendurskoðunar sem birtir þá opinberlega skýtur það skökku við að landsfundur fái ekki sömu upplýsingar og tækifæri til að ræða ráðstöfun fjármuna flokksins.
- d. Framtíðarnefnd gerir tillögu um miklar breytingar á kosningu á landsfundi. Gert er ráð fyrir að formaður og varaformaður flokksins séu kosnir með hefðbundnum hætti en hins vegar leggur nefndin til að nýtt embætti 2. varaformanns flokksins verði stofnað og það bætist við kjör á forystu flokksins. Þannig er forysta flokksins breikkuð all verulega. Reynslan hefur sýnt að það er ærið verkefni fyrir forystuna að sinna innra starfi flokksins ásamt þing- og/eða ríkisstjórnarstörfum. Það er mat Framtíðarnefndar að nýtt embætti sé til þess fallið að mæta óskum fjölmargs flokksfólks um meiri breidd í forystu flokksins.

Í samræmi við tillögur Framtíðarnefndar um málefnanefndir í 45. og 46. gr. skipulagsreglnanna er gert ráð fyrir að stjórnir málefnanefnda séu kosnar á fundinum. Nánar er fjallað um þessar breytingar í umfjöllun um viðkomandi greinar en athygli er vakin á því að sökum breytinga á samsetningu miðstjórnar er ekki lengur gert ráð fyrir að hluti hennar sé kjörinn á landsfundi.

- e. Í nágildandi reglum er gert ráð fyrir að miðstjórn geri tillögur um lágmark árgjalda í sjálfstæðisfélögum um land allt og kjördæmissjóðagjald. Reynslan sýnir að þrátt fyrir þetta ákvæði í skipulagsreglunum hefur slík tillaga ekki komið fyrir fundinn í áratugi. Framtíðarnefnd gerir því tillögu um að þessi liður verði felldur út úr reglunum.

Heimild meirihluta landsfundar til að taka mál á dagskrá fundarins sem miðstjórn hefur ekki lagt fyrir fundinn er óbreytt.

Í nágildandi reglum er umfjöllun um kjör formanns og varaformanns flokksins á landsfundi að finna í kafla IV. um miðstjórn. Framtíðarnefnd taldi eðlilegra að þessa umfjöllun væri að finna í kaflanum um landsfund og kemur því í lok 7. gr. Við kosningu til málefnanefnda er gert ráð fyrir að einstaklingar þurfi að skila inn skriflegu framboði til kjörstjórnar. Til að kjörseðill teljist gildur þarf að merkja minnst við þrjá frambjóðendur en mest fimm. Að öðru leyti eru ekki gerðar neinar frekari efnislegar breytingar á fyrirkomulagi kosninga.

Í kafla IV. um miðstjórn er einnig að finna áskilnað um að framkvæmd kosninga á landsfundum skuli vera í höndum þriggja manna kjörstjórnar sem miðstjórn kýs eigi síðar en viku fyrir landsfund. Það var mat Framtíðarnefndar að eðlilegra væri að þessi áskilnaður væri í kaflanum um landsfund. Þessi málsgrein var því flutt yfir í 7. gr. án efnislegra breytinga frá nógildandi ákvæðum.

9. gr.

Í þessari grein kemur líklega fram viðamesta breytingartillaga Framtíðarnefndar á flokksstarfinu en nefndin leggur til að landsfundur verði framvegis opinn öllum flokksmönnum. Rökstuðningur fyrir breytingunum er eftirfarandi:

- a. Fjallað er um fulltrúaval á landsfund í 3. gr. nógildandi skipulagsreglna. Óhætt er að segja að reglurnar séu flóknar og ógagnsæjar. Fulltrúafjöldi í hverju kjördæmi fer annars vegar eftir fjölda atkvæða í síðustu alþingiskosningum og hins vegar eftir fjölda félagsmanna í kjördæminu. Þetta gerir það að verkum að nánast ómögulegt er fyrir einstök félög að átta sig á fulltrúafjölda sínum án þess að leita aðstoðar Valhallar.
- b. Nógildandi reglur gera ráð fyrir því að þegar hart er í ári hjá flokknum, gengi hans í kosningum hefur verið lélegt eða mikið um úrsagnir þá sé landsfundur fámennari en gerist og gengur. Að mati Framtíðarnefndar er það röng nálgun; ef staða flokksins er slæm þá er þeim mun meiri ástæða til að halda fjölmennan landsfund.
- c. Vilji er til sameiningar innan nokkurra félaga innan Sjálfstæðisflokksins m.a. vegna sameiningar sveitarfélaga. Samkvæmt nógildandi reglum hefði það í för með sér að viðkomandi félög myndu tapa fulltrúum á landsfund við sameiningu. Þetta hefur orðið til þess að ekkert hefur orðið úr áformunum.
- d. Landsfundur er vettvangur allra meiriháttar ákvarðana í flokksstarfinu. Samkvæmt nógildandi reglum þurfa flokksmenn að fara í gegnum stjórnir félaga sinna til að komast á fundinn og oft komast færri að en vilja.
- e. Í lýðræðislegum flokki ætti það að vera sjálfsagt að allir flokksmenn sem hafa áhuga geti sótt fundinn.
- f. Yfirleitt mæta um það bil 1000 manns á landsfund þrátt fyrir að sú tala hafi vissulega verið bæði töluvert hærri og lægri. Þrátt fyrir þennan mikla fjölda verður ekki fram hjá því litið að um er að ræða einungis 2% af skráðum flokksmönnum. Þessi 2% taka þannig ákvarðanir fyrir þann mikla fjölda sem er í flokknum.
- g. Framtíðarnefndin var meðvituð um þá röksemd sem heyrir gjarnan að ef fundurinn verði opnaður öllum félagsmönnum þá geti pólitískir andstæðingar hans skráð flugumenn í flokkinn og sent þá á fundinn. Þar sem bein útsending er iðulega frá fundinum og blaðamenn hafa ótakmarkaðan aðgang þá verða þessi gagnrök að teljast harla léttvæg.

Innan Framtíðarnefndar voru umræður um það hvort þessi tilhögun myndi raska jafnvæginu á milli höfuðborgar og landsbyggðar en ljóst er að íbúar höfuðborgarsvæðisins eiga mun auðveldara með að mæta á landsfund. Þau sjónarmið heyrðust jafnvel að ef tillögurnar væu samþykktar væri útilokað að einstaklingur af landsbyggðinni yrði nokkurn tímann kosinn

formaður flokksins. Framtíðarnefnd fór ítarlega yfir þessi sjónarmið og komst að eftirfarandi niðurstöðu:

Í fyrsta lagi þá er ekki hægt að líta fram hjá því að tæplega 60% fulltrúa á komandi landsfundi koma frá höfuðborgarsvæðinu. Það er því ljóst að hið svokallaða jafnvægi á milli landsbyggðar og höfuðborgar er ekki fyrir hendi í félagatali flokksins.

Í öðru lagi þá er reynslan sú að félögin í Reykjavík eiga stundum erfitt með að fylla sína kvóta. Á sama tíma eru mörg félög á landsbyggðinni í vandræðum vegna mikillar eftirspurnar eftir fáum sætum á landsfund. Stundum hefur því verið gripið til þess að senda fólk frá öðrum kjördæmum á landsfund í gegnum Reykjavík. Það er því ljóst að áhugi eftir fleiri landsfundarsætum er mun meiri utan Reykjavíkur en innan hennar.

Í þriðja lagi bendir Framtíðarnefnd á að þrátt fyrir að oft sé áherslumunur á milli landsbyggðar og höfuðborgar í hinum ýmsu málum þá fer fjarri að hægt sé að draga átakalínur á milli þessara svæða. Ef það gerist í framtíðinni að mikil átök myndist á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins þá er það mun alvarlegra en fulltrúaval á landsfundi. Það myndi falla í hlut forystu flokksins að reyna að setta aðila, bera klæði á vopnin og tryggja sameiginlega niðurstöðu á landsfundi.

Það hefur borið töluvert á því að stjórnir félaga séu að velja landsfundarfulltrúa fram á síðustu stundu. Eins og komið hefur fram gera tillögur Framtíðarnefndar ráð fyrir að sérhver flokksmaður þurfi að skrá þátttöku sína og greiða staðfestingargjald með a.m.k. mánaðar fyrirvara hjá félagi sínu til að verða fulltrúi. Þetta er gert til að það liggi fyrir, með góðum fyrirvara, hver þátttakan verði á landsfundinum og að félög geti undirbúið fundarsetuna með sínum félögum.

10. gr.

Eins og hefur komið fram í umfjöllun um nýju 8. og 9. gr. skipulagsreglnanna hefur töluvert borið á því að málefnaályktanir og fundargögn séu ekki tilbúin fyrr en á síðustu stundu. Þetta hefur það í för með sér að nánast ómögulegt er fyrir einstök aðildarfélög að undirbúa sig fyrir fundinn. Af þeim sökum leggur Framtíðarnefnd til að öll landsfundargögn skuli vera tilbúin a.m.k. mánuði fyrir landsfund. Þannig gefst einstökum fulltrúum tækifæri til að sækja gögnin á skrifstofur flokksins og félögum tækifæri til að kynna ályktanir fyrir félögum sínum og skipuleggja starf sitt á fundinum.

Rétt er að geta þess að samkvæmt 8. gr. er skylt að boða landsfund með þriggja mánaða fyrirvara í stað tveggja áður. Þetta gerir það að verkum að málefnanefndir og skrifstofa flokksins hafa í raun alveg jafn langan tíma og áður til að ljúka sinni vinnu.

Flokksráð

Í starfi Framtíðarnefndar kom glöggt í ljós að hinn almenni flokksmaður virtist oft og tíðum ekki gera sér almennilega grein fyrir hlutverki flokksráðs né heldur hvernig það væri skipað. Snérust umræður með aðildarfélögunum oft um það hvort ekki væri réttast að leggja flokksráð af.

Framtíðarnefnd byrjaði að kanna upphaflegan tilgang með skiptingu verkefna á milli miðstjórnar og flokksráðs. Eftir því sem nefndin kemst næst þá var ætlunin að skipta verkefnunum þannig að framkvæmdahliðin væri á verksviði miðstjórnar en pólitísk stefnumótun þ.e. málefnaðliðin hjá flokksráði. Flokksráð ætti þannig að taka afstöðu til

málefna sem kæmu upp og landsfundur hefði ekki tekið ákvörðun um. Af þeim sökum var gert ráð fyrir að miðstjórn hittist reglulega til að hafa umsjón með rekstri innra starfsins en flokksráð óreglulega þar sem ekki lægi fyrir hvenær þörf væri á því að ráðið tæki afstöðu til málefna líðandi stundar. Þessi skipting átti sér einnig rætur í þeirri hugmynd að það væri ekki heppilegt ef ein stofnun flokksins hefði öll þessi völd.

Reynslan hefur hins vegar sýnt að þessi áform hafa ekki gengið eftir. Á meðan miðstjórn hittist reglulega þá eru skyldubundnir árlegir fundir flokksráðs meira til sýnis. Í 31. gr. núgildandi skipulagsreglna er heimild fyrir miðstjórn að fella saman flokksráðsfund og formannaráðstefnu og er þeirri heimild undantekningarlítið beitt. Skoðun á dagskrá og umræðum síðustu flokksráðsfunda sýndi að hvorki er verið að leggja fyrir flokksráð pólitískar spurningar né láta ráðið taka þátt í pólitískri stefnumótun eða málefnastrafi. Flokksráðsfundir eru mun frekar umræðuvettvangur fyrir forystu flokksins með þeim trúnaðarmönnum sem sitja í flokksráði og/eða gegna formennsku innan aðildarféлага. Reyndar hefur flokksráð verið kallað saman á grundvelli 10. gr. núgildandi skipulagsreglna til að staðfesta ríkisstjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokksins við aðra flokka, síðast sumarið 2007 þegar stjórnarsáttmáli Þingvallarstjórnar Geirs Haarde lá fyrir.

Það er mat Framtíðarnefndar að þessi þróun sé bagaleg. Með þeim miklu breytingum og aukna hraða sem hafa orðið á síðustu árum í þjóðfélaginu er ljóst að margoft hafa komið upp áleitnar pólitískar spurningar sem landsfundarályktanir hafa ekki getað svarað. Að sama skapi hafa ákveðin mál líðandi stundar breyst og þróast frá ákvörðun landsfundar þannig að í mörgum tilfellum hefði verið rétt að kalla saman flokksráð til að taka afstöðu til nýrrar stöðu. Framtíðarnefnd telur að lítil virkni flokksráð hafi orðið til þess að auka frjállega túlkun á því sem standi í landsfundarályktunum. Þannig hafi kjörnum fulltrúum flokksins í raun verið gefið algjört sjálfsvald þegar kemur að túlkun landsfundarályktana og því hvort afstaða viðkomandi sé í samræmi við þær.

Framtíðarnefnd tók því ákvörðun um að leggja til að efla starf flokksráðs og setja yfir störf þess framkvæmdastjórn sem hittist reglulega og heyrir beint undir varaformann flokksins. Allt málefnastraf flokksins er skv. tillögu nefndarinnar fært undir flokksráð og framkvæmdastjórn. Rétt er að undirstrika það að Framtíðarnefnd gerir einnig tillögu að grundvallarbreytingu á málefnastrafi flokksins með það að markmiðið að það skili sér í enn skarpari stefnumótunar- og málefnastrafi á milli landsfunda.

Tillögur framtíðarnefndar varðandi flokksráð eru eftirfarandi:

11. gr.

Hlutverk flokksráðs er skilgreint í 10. gr. núgildandi skipulagsreglna. Þar kemur fram að flokksráð marki stjórnsmálafund flokksins, ef ekki liggja fyrir ákvarðanir landsfundar. Jafnframt megi ekki taka afstöðu til samstarfs við aðra stjórnsmálaflokka nema með samþykki flokksráðs.

Framtíðarnefnd hélt þessu orðalagi en bætti við að ásamt stjórnsmálafundum marki flokksráð afstöðu til einstakra mála ef ekki liggja fyrir ákvarðanir landsfundar. Í því samhengi er að sjálfsögðu einungis átt við málefni af pólitískum, málefnalegum og stefnumótunar toga en ekki álitaefni sem koma að rekstri flokksins eða innra starfi.

Í samræmi við þá tillögu Framtíðarnefndar að færa ábyrgð og framkvæmd málefnastrafsins frá Valhöll undir flokksráð er tiltekið í greininni að flokksráð hafi úrskurðarvald á milli

landsfunda um allt málefnavarfr Sjálfstæðisflokksins og beri að tryggja að öll starfsemi flokksins sé í samræmi við samþykktir hans, stefnuskrá og ályktanir landfunda. Þetta þýðir að í raun er flokksráð komið með málefnavlegt eftirlitshlutverk gagnvart þeim sem gegna trúnaðarstörfum í flokksnum og koma fram fyrir hönd hans.

Eins og nánar er rætt um í umfjöllun um 45. og 46. gr. skipulagsreglnanna þá telur framtíðarnefnd það afar mikilvægt að ábyrgðin á málefnavarfrinu sé þannig færð frá skrifstofu flokksins til varaformanns sem sækir umboð sitt til landsfundar.

12. gr.

Í 12. gr. kemur fram að flokksráð skuli boðað til fundar eigi sjaldnar en einu sinni á ári við upphaf hvers reglulegs Alþingis eða oftár. Þessi grein er efnislega samhljóða 12. gr. nógildandi skipulagsreglna.

Eina breytingin er sú að ásamt formanni og 20 flokksráðsmönnum er gert ráð fyrir að stjórn flokksráðs geti einnig kallað flokksráðið saman. Nánar er fjallað um stjórnina í umfjöllun um 15 gr. er engu að síður er rétt að geta þess að Framtíðarnefnd taldi að þar sem stjórn flokksráðsins yrði með yfirumsjón með málefnavarfrinu þá væri hún líklega best til þess fallinn að meta hvort þörf væri á því að kalla flokksráð saman.

Framtíðarnefnd íhugaði að fjölga reglubundnum fundum flokksráðs en eftir miklar umræður var tekin ákvörðun um að halda þessu óbreyttu. Ástæður þess voru aðallega þær að vegna eðlis málefnavarfrsins þá er í raun ómögulegt að spá fyrir um hvenær þörf er á því að kalla ráðið saman. Að sama skapi var það mat nefndarinnar, eins og áður sagði, að stjórn flokksráðs gæti létt undir og ákveðið hvenær rétt væri að kalla ráðið saman.

13. gr.

Í 13. gr. kemur fram hverjir eru sjálfkjörnir í flokksráð. Nokkrar breytingar eru gerðar á skipan ráðsins frá 13. gr. nógildandi skipulagsreglna. Forystu flokksins er bætt við upptalninguna, meðstjórnendum málefnavnefnda, sveitarstjórnarmönnum og stjórnnum kjördæmisráða.

14. gr.

Í 14. gr. kemur fram hverjir eru kosnir í flokksráð. Þessi grein er að meginstefnu efnislega samhljóða 14. gr. nógildandi skipulagsreglna. Eina breytingin sem Framtíðarnefnd gerði var að taka út heimild miðstjórnar til að tilnefna í flokksráð allt að 20 einstaklinga úr hópi fyrirverandi miðstjórnarmanna. Framtíðarnefnd sá ekki tilgang í þessari heimild og var hún því tekin út.

15. gr.

Framtíðarnefnd taldi brýna ástæðu til styrkja málefnavarfríð verulega samhliða tilfærslu þess undir flokksráð. Í því skyni voru gerðar verulegar breytingar á öllu málefnavarfrí sbr. 45. og 46. gr. skipulagsreglnanna. Nánar er fjallað um það í umfjöllun um viðkomandi greinar en rétt er að geta þess hér að samkvæmt tillögunum er gert ráð fyrir að málefnavnefndir verði eins konar “skuggaráðuneyti” flokksins. Málefnavnefndirnar fylgja nefndaskipulagi þingsins og í hverri stjórn málefnavnefndar, ásamt fimm einstaklingum kosnum af landsfundi, eru allir þingmenn flokksins sem eru í sambærilegri nefnd í þinginu. Í hverri nefnd verður því unnið náið með þingmönnum flokksins í hverjum málaflökk fyrir sig, mál krufin til mergjar og

afstaða mótuð í kjölfarið. Á sama hátt er gert ráð fyrir að málefnanefndirnar geti undirbúið mál fyrir þingmennina sem eru í samræmi við ályktanir landsfundar.

Tillögur Framtíðarnefndar miða að því að allt málefnavark flokksins verði fært undir flokksráð. Vegna fjölda fulltrúa í ráðinu og þess hversu sjaldan það hittist þá var það mat nefndarinnar að koma þyrfti á fót vettvangi sem hittist reglulega og hefði eftirlit og umsjón með málefnavarkfinu. Þess vegna er í 15.gr. tillagna Framtíðarnefndar gert ráð fyrir að setja á stofn stjórn flokksráðs sem hafi þetta hlutverk. Í henni sitja varaformaður flokksins sem jafnframt er formaður stjórnarinnar og formenn málefnavarfnda flokksins. Með þessu er búið að skapa vettvang fyrir varaformann til að hafa umsjón og eftirlit með skyldum sínum gagnvart málefnavarkfinu og fyrir formenn málefnavarfnda til að ræða málefni sinnar nefndar og koma ábendingum á framfæri. Stjórn flokksráðs er að sama skapi best til þess fallin að meta hvort og hvenær nauðsynlegt sé að kalla flokkráð saman.

Í þriðju málsgrein 15.gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að ef ekki liggja fyrir ákvarðanir landsfundar eða flokksráðs um pólitíska afstöðu flokksins og ekki er unnt að koma því við, að þessir aðilar taki afstöðu til mála, sem skyndilega ber að höndum, skal framkvæmdarstjórn flokksráðs fjalla um þau og getur hún þá markað pólitíska afstöðu flokksins í samráði við þær málefnavarfndir sem málið varðar. Þessi heimild var í 19. gr. nógildandi skipulagsreglna hjá miðstjórn. Framtíðarnefnd taldi eðlilegra að hún færðist til stjórnar flokksráðs með tilliti til hlutverks hennar og bætti jafnframt við að stjórnin þyrfti að hafa samráð við þær málefnavarfndir sem málið varðaði.

16. gr.

Í síðustu málsgrein 20. gr. nógildandi skipulagsreglna undir umfjöllun um miðstjórn kemur fram að ef formaður flokksins deyr eða forfallast þá tekur varaformaður sæti hans en flokksráð kys nýjan varaformann.

Árið 2009 kom upp sú staða að varaformaður flokksins sagði af sér. Þrátt fyrir að flestir væru þeirrar skoðunar að taka ætti á því máli með sambærilegum hætti og ef formaður flokksins forfallaðist þ.e. láta flokkráð kjósa nýjan varaformann var ljóst að meðferðin var óljós. Á aukalandsfundi var svo kosinn nýr varaformaður flokksins. Af þeim sökum taldi Framtíðarnefnd rétt að setja reglur um fráfall eða forföll varaformanns og 2. varaformanns flokksins. Jafnframt taldi nefndin rétt að taka slíka umfjöllun út úr kaflanum um miðstjórn og setja undir flokksráð þar sem kosning staðgengils færi fram á þeim vettvangi.

Í 16. gr. skipulagsreglnanna er því að finna sambærilega grein um fráfall eða forföll formanns eins og kemur fram í 20. gr. nógildandi skipulagsreglna. Hins vegar hefur verið bætt við að ef varaformaður falli frá eða forfallist þá taki kjörinn 2. varaformaður við störfum hans en flokksráð skuli kjósa nýjan 2. varaformann. Jafnframt að ef 2. varaformaður falli frá eða forfallist skuli flokksráð kjósa staðgengil í hans stað.

Miðstjórn

Flestir flokksmenn hafa einhverja hugmynd um hlutverk og tilvist miðstjórnar enda er um að ræða þá stofnun flokksins sem hefur verið einna virkust síðustu ár. Þegar miðstjórn bar á góma almennra flokksmanna í vinnu framtíðarnefndar kom í ljós að fólk vissi að kosið væri í hana á landsfundi og einnig að hún tæki við kærnum vegna atriða sem kæmu upp í starfinu. Mörgum fannst hins vegar að verkefni hennar væru óljós og sumir gengu svo langt að stinga upp á því að miðstjórnin yrði lögð niður. Framtíðarnefnd ræddi einnig við fyrrverandi og

núverandi miðstjórnarfulltrúa og fékk fram sjónarmið um stöðu miðstjórnar. Helstu gagnrýnisatriði voru eftirfarandi:

1. Núverandi hlutverk miðstjórnar er eingöngu til málamynda.

Fundur miðstjórnar taka nánast aldrei af skarið í neinu máli og eru fremur spjallvettvangur forystu og miðstjórnarfulltrúa en valdastofnun. Oftar en ekki ganga fundirnir út á að formaður fer yfir svokallað stjórnsmálaviðhorf þ.e. hvað er títt úr þinginu og svo framvegis. Á eftir fylgja síðan miðstjórnarmenn, taka til máls og ræða það sem kom fram í ræðu formanns. Mikill meirihluti fundartímans fer í þetta og engar ákvarðanir eru teknar. Þetta samræmist ekki því hlutverki sem miðstjórn var ætlað þegar henni var komið á fót.

2. Miðstjórn er ekki starfrækt í samræmi við tilgang sinn.

Meginhlutverk miðstjórnar samkvæmt núgildandi skipulagsreglum á að vera framkvæmd innra starfs flokksins. Engu að síður hefur megináhersla funda miðstjórnar oftar en ekki verið svokallað stjórnsmálaviðhorft þ.e. landsmálin og pólitísk afstaða flokksins til ýmissa mála. Þetta þýðir að innra starf situr á hakanum og er lítið rætt. Því var stundum kastað fram að þetta gæti orsakast af því að vægi þingmanna er mjög mikið innan miðstjórnar.

3. Miðstjórn sinnir illa ábyrgð og eftirlitshlutverki sínu með innra starfi.

Innra starfið er almennt lítið rætt innan miðstjórnar og það er nánast einungis þegar erfið mál koma upp eða þegar kvartanir berast til miðstjórnar að hún tekur á málum í innra starfinu. Þessi athugasemd var mjög rík meðal fólks sem hefur setið í miðstjórn. Bæði fyrrverandi og núverandi miðstjórnarfulltrúar höfðu orð á því að almennar umræður um flokksstarfið væru sjaldgæfar og það vanti sárlega upp á upplýsingagjöf til miðstjórnar um stöðu innra starfsins á milli funda til að hún geti sinnt skyldum sínum. Þeim var tíðrætt um að á árunum 2007-2009 tíðkaðist það að framkvæmdarstjóri legði fyrir miðstjórn svokallað stöðuskýrslu framkvæmdarstjóra sem var nákvæm skýrsla um allt innra starfið á milli miðstjórnarfundu. Þar kom m.a. fram starfsáætlun, staða flokksskrár, yfirlit yfir störf allra deilda innan Valhallar ásamt skýrslu um störf allra sérsambanda og kjördæmisráða innan flokksins. Með því fengu miðstjórnarfulltrúar mælikvarða til að meta starfið á milli funda, spyrja um ákveðna hluti og svo framvegis. Það var mál margra að það væri miður að þetta verklag hafi verið aflagt.

4. Miðstjórn sinnir illa ábyrgð og eftirliti með rekstri flokksins og fjármálum.

Það heyrir til algjörra undantekninga að rekstrar- og fjármál komi á borð miðstjórnar. Engir reikningar eru lagðir fram, staða fjáröflunar nánast aldrei rædd og miðstjórnarfulltrúar hafa yfir höfuð ekki hugmynd um fjárhagsstöðu flokksins. Þetta gerir það að verkum að miðstjórn sinnir ekki eftirlitshlutverki sínu með rekstri og fjármálum flokksins.

5. Eftirfylgni ákvarðana miðstjórnar er losaraleg.

Það var ljóst af samræðum við núverandi og fyrrverandi miðstjórnarfulltrúa að ekki skortir áhugann í þau skipti sem innri mál ber á góma. Oft bera umræðurnar ávöxt; upp koma góðir punktar eða hugmyndir sem gætu nýst í starfsemi flokksins. Jafnvel þótt allir fundarmenn séu sammála viðkomandi hugmynd þá virðist enginn bera ábyrgð á því að koma henni framkvæmd. Þannig verður umræðan að engu; enginn ýtir

hugmyndinni áfram, kemur henni á framfæri eða framkvæmir. Þetta gerir það að verkum að mörgum innan miðstjórnar finnst slíkar umræður tilgangslausar.

6. Starfsemi miðstjórnar snýst í kringum höfuðborgina.

Þrátt fyrir að fulltrúar frá öllum kjördæmum sitji í miðstjórn þá hittist hún sjaldan utan höfuðborgarinnar. Á sama hátt er starfið innan landsbyggðarkjördæmanna sjaldan rætt. Þetta gæti orsakast af því að síðustu ár hefur mikill meirihluti þess miðstjórnarfólks sem kosið er af landsfundi verið frá höfuðborgarsvæðinu.

Framtíðarnefnd skoðaði jafnframt sjálf starfsemi miðstjórnar og kom ýmislegt athyglisvert í ljós. Skoðun á virkni miðstjórnar leiddi í ljós að allur gangur hefur verið á því hversu oft hún hefur komið saman. Það hafa verið löng tímabil þar sem miðstjórn var einungis kölluð saman einu sinni til tvisvar á ári en í seinni tíð hefur hún komið saman mun oftar. Athugun á dagskrá miðstjórnarfunda leiddi í ljós að mikið var til í þeim athugasemdum sem höfðu borist og mikið vantaði upp á að þessi stofnun flokksins væri að sinna hlutverki sínu sem skyldi. Skoðun á dagskrám miðstjórnarfunda leiddi í ljós að stóru punktarnir hafa verið örfáir úrskurðir í kærumálum sem miðstjórn hefur ekki átt annars kostar vól en að taka á. Það kom einnig í ljós að frá árinu 2000 hefur miðstjórn tekið við nokkrum kærum vegna misferlis í starfinu, þar stendur hæst kæra vegna meints misferlis í aðdraganda prófkjörs í Norðvesturkjördæmi árið 2002 og kæra vegna þess að stjórn Heimdallar ákvað að hafna nýskráningum yfir 1000 einstaklinga árið 2003.

Einnig kom í ljós að allur gangur er á því hvort ákvæðum núgildandi skipulagsreglna sé fylgt í hvívetna. Tvímælalaust er hægt að taka undir gagnrýni á að reglum sem varða eftirlitshlutverk miðstjórnar hefur ekki verið fylgt strangt eftir t.d. varðandi upplýsingagjöf til flokkráðs og yfirferð reikninga.

Þegar fundarstaðir miðstjórnar eru skoðaðir kemur í ljós að hún hittist örsjaldan utan höfuðborgarinnar og lítið er að finna í dagskrám funda sem lítur að málefnum kjördæmanna. Reyndar er rétt að geta þess að ekki var heldur að finna marga dagskrárliði sem vörðuðu kjördæmin á höfuðborgarsvæðinu sérstaklega.

Líflegar umræður sköpuðust um þá þróun innan miðstjórnar að eyða meirihluta fundartímans í stjórnsmálaviðhorf formanns og viðbrögð við þeim. Var fólk einna helst á þeirri skoðun að lítil virkni flokksráðs hefði gert það að verkum að miðstjórn hafi í raun tekið bæði hlutverkin að sér. Innan miðstjórnar er því bæði rætt um innra starf og málefni. Það var mat Framtíðarnefndar að þessi þróun væri afar óheppileg þar sem engin ein stofnun innan flokksins ætti að hafa svo mikil völd, hvort sem þau væru nýtt eður ei.

Með tilliti til ofangreindra athugasemda gerir Framtíðarnefnd eftirfarandi tillögu að breytingu á miðstjórn:

17. gr.

Í 17. gr. er fjallað um hlutverk miðstjórnar og er hún efnislega samhljóða 18. gr. núgildandi skipulagsreglna. Þar kemur fram að miðstjórn beri ábyrgð á framkvæmdarstjórn flokksins, eftirlits og úrskurðarvald um allar framkvæmdir á vegum hans, umráð eigna og gætir þess að skipulagsreglum sé fylgt. Þrátt fyrir að það komi hvergi skýrt fram hefur þetta orðalag verið túlkað þannig að allt innra starf flokksins félli undir miðstjórn. Til að taka af allan vafa er bætt við upptalninguna um verkefni miðstjórnar að hún beri ábyrgð á öllu innra starfi flokksins.

Í samræmi við 18. gr. nógildandi skipulagsreglna þá kemur fram í 17. gr. tillögu Framtíðarnefndar að miðstjórn semur árlega skýrslu um starf flokksins sem er lögð fyrir flokksráð til umræðu. Því miður hefur allur gangur verið á því hvort þessum áskilnaði sé fylgt. Skoðun Framtíðarnefndar á dagskrá flokksráðsfunda leiddi í ljós að slík skýrsla hefur nánast aldrei verið lögð fram.

Á sama hátt, í samræmi við 18. gr. nógildandi skipulagsreglna, kemur fram í 17. gr. tillagna Framtíðarnefndar að miðstjórn fjallar árlega um reikninga flokksins sem framkvæmdastjóri skal bera upp til samþykktar. Því miður fundust ekki dæmi þess að þessum áskilnaði hafi verið fylgt. Ekki er útilokað að þetta hafi gerst einhvern tímann en ljóst að það hefur verið undantekning frekar en meginregla.

Til að styrkja eiginlegt hlutverk miðstjórnar þá leggur Framtíðarnefnd til að í skipulagsreglunum verði tekið fram hvað skuli m.a. tekið fyrir á fundum miðstjórnar. Rétt er að geta þess að með þessu er ekki verið að geirnegla dagskrána niður; miðstjórn getur eftir sem áður tekið önnur mál á dagskrá. Þau atriði sem nefndin telur rétt að miðstjórn fjalli sérstaklega um á hverjum fundi sínum er eftirfarandi:

A. Nýskráningar og úrsagnir úr Sjálfstæðisflokknum.

Það er mat Framtíðarnefndar að þessi liður sé nauðsynlegur til að miðstjórn geti sinnt hlutverki sínu. Nýskráningar og úrsagnir eru vísbendingar um það hvernig flokkurinn er að standa sig og því mikilvægt að miðstjórn hafi reglulegan aðgang að þeim upplýsingum. Fjöldi úrsagna eða nýskráninga á ákveðnu svæði gæti gefið mikilvægar upplýsingar um stöðu mála og gefið miðstjórn tækifæri til að annað hvort grípa inn í eða draga lærdóm af þeirri góðu vinnu sem flokksfólkið á viðkomandi svæði er að inna af hendi.

B. Starf upplýsinga- og fræðslunefndar.

Upplýsinga- og fræðslunefnd ber ábyrg á fræðslu- og upplýsingamálum flokksins jafntframt því sem hún er skólastjórn stjórnsmálaskóla Sjálfstæðisflokksins. Formaður nefndarinnar er í miðstjórn og þessi liður færir honum tækifæri til að gefa miðstjórn skýrslu um störf nefndarinnar og fá viðbrögð frá miðstjórnarmönnum. Það er einnig von Framtíðarnefndar að þessi reglubundna skýrslugjöf sé hvatning til upplýsinga- og fræðslunefndar um að vera virk allt árið. Rétt er að geta þess að nánar er fjallað um upplýsinga- og fræðslunefnd í umfjöllun um 50. - 52. gr. þessara athugasemda.

C. Fjármál flokksins, starf fjármálaráðs og staða fjáröflunar.

Í gegnum tíðina hefur mikil leynd hvílt yfir öllum fjármálum flokksins. Staða fjármála hefur verið á fárra vitorði, aðallega formanns og framkvæmdarstjóra, og stundum hafa ekki einu sinni meðlimir fjármálaráðs gert sér grein fyrir heildarstöðunni. Þetta var að einhverju leyti skiljanlegt þegar fjárframlög einstaklinga og fyrirtækja voru algjörlega frjáls þar sem hægt var að færa rök fyrir því að ef upplýsingar um einstök framlög spyrdust út þá myndi það koma flokknum illa út á við. Hið umtalaða styrkjamál sem kom upp 2009 er gott dæmi um það.

Nú er staðan hins vegar þannig að með lögum um fjármál stjórnsmálaflokkanna er flokknum skylt að skila árlega inn til Ríkisendurskoðunar ársreikningi og yfirliti um alla þá sem hafa styrkt flokkinn. Jafnframt hefur verið sett þak á það hversu mikið hver og einn getur lagt til flokksins. Reikningar flokksins og yfirlit yfir styrktaraðila eru síðan birtir opinberlega. Það er því ljóst að staðan hefur gjörbreyst, bæði hefur

upphæð hvers framlags minnkað verulega og þetta er orðið að opinberum upplýsingum.

Fjármál skipta meginmáli í flokksstarfinu. Þau hafa áhrif á það hversu mikið flokkurinn getur leyft sér að eyða í viðburði, útgáfu, veitingar og svo framvegis. Það vekur því furðu að það hefur heyrt til algjörra undantekninga ef fjármál flokksins eru rædd innan miðstjórnar þrátt fyrir að hún beri í raun ábyrgð á innra starfi og rekstri flokksins. Formaður fjármálaráðs hverju sinni situr í miðstjórn og hefur í besta falli komið með almennar yfirlýsingar um starf ráðsins þegar kallað er eftir.

Það er mat nefndarinnar að miðstjórn verði að hafa upplýsingar um fjármál flokksins til að geta sinnt hlutverki sínu sem skyldi. Það er einnig von nefndarinnar að slík reglubundin skýrslugjöf formanns fjármálaráðs verði honum hvatning til að halda úti sem bestu starfi innan ráðsins, allt árið um kring.

D. Starf skrifstofu flokksins.

Eins og áður sagði þá tíðkaðist það á árunum 2007-2009 að framkvæmdastjóri flokksins legði fyrir miðstjórn ítarlega skýrslu um innra starfið á milli miðstjórnarfunda þar með talið um störf hvernar einustu deildar innan Valhallar. Þetta er nauðsynlegt til að miðstjórn geti haft eftirlit með störfum framkvæmdastjóra og skrifstofunnar. Slík skýrslugjöf gefur miðstjórn einnig tækifæri til að koma með ábendingar til framkvæmdarstjóra um störf skrifstofunnar um það sem vel er gert eða betur mætti fara.

E. Starf flokksskrifstofa út á landi.

Í 44. gr. tillagna Framtíðarnefndar er gert ráð fyrir að flokksskrifstofur verði starfræktar í öllum kjördæmum landsins. Verði það að veruleika er mikilvægt að miðstjórn geti haft virkt eftirlit með starfsemi þeirra.

F. Starf sérsambanda.

Innan flokksins eru starfandi nokkur sérsambönd og sitja formenn þeirra í miðstjórn. Það hefur stundum tíðkast á fundum miðstjórnar að formennirnir fjalli um starf innan síns sambands. Þetta hefur gefið góða raun og með þessum lið vill Framtíðarnefnd festa þessar umræður í sessi.

Rétt er að taka fram að sérsamböndunum er að sjálfsögðu í sjálfvald sett hvernig starfi innan þeirra er háttað, svo framarlega sem það er innan marka skipulagsreglnanna, en með þessum lið er formönnum þeirra gefið tækifæri til að upplýsa miðstjórn um starfið innan þeirra.

G. Starf innan kjördæma.

Formenn kjördæmisráða sitja einnig í miðstjórn. Það hefur stundum tíðkast á fundum miðstjórnar að formennirnir fjalli um starf innan síns kjördæmis. Þetta hefur gefið góða raun og með þessum lið vill Framtíðarnefnd festa þessar umræður í sessi.

Rétt er að taka fram að kjördæmisráðunum er að sjálfsögðu í sjálfvald sett hvernig starfi innan þeirra er háttað, svo framarlega sem það er innan marka skipulagsreglnanna, en með þessum lið er formönnum þeirra gefið tækifæri til að upplýsa miðstjórn um starfið innan þeirra.

H. Önnur mál

Framtíðarnefnd gerir ráð fyrir að í dagskrá hvers einasta fundar sé liðurinn „Önnur mál“ til að fulltrúar í miðstjórn geti tekið upp hvað eina sem þeir telja að eigi erindi inn á fundinn. Hins vegar, er rétt að ítreka að þessi dagskrá í skipulagsreglunum er ekki tæmandi og ekki er gert ráð fyrir að allt annað sé tekið fyrir undir þessum lið. Formanni miðstjórnar er að sjálfsögðu heimilt að setja jafnframt aðra liði á dagskrá fundarins.

Í lok greinarinnar kemur fram áskilnaður um að ákvörðun miðstjórnar megi skjóta til landsfundar. Þessi áskilnaður er samhljóma áskilnaði í 18. gr. núgildandi skipulagsreglna.

Rétt er að geta þess að skv. 19.gr. núgildandi skipulagsreglna er miðstjórn heimilt að móta pólitíska afstöðu flokksins ef ekki er unnt að koma því við að flokksráð eða landfundur taki afstöðu til viðkomandi mála. Framtíðarnefnd telur að aðskilnaður á milli pólitískrar stefnumótunar og framkvæmdar innra starfs eigi að vera algjör innan Sjálfstæðisflokksins og gerir því tillögu um að þessi heimild verði færð frá miðstjórn til framkvæmdarstjórnar flokksráðs.

18. gr.

Samkvæmt 20. gr. núgildandi skipulagsreglna eru 27 einstaklingar í miðstjórn; formaður og varaformaður flokksins, 11 einstaklingar kosnir af landsfundi, 5 kosnir af þingflokki, 5 formenn kjördæmisráða og 4 formenn sérsambanda. Í stjórninni hafa einnig 4 einstaklingar seturétt með málfrelsi og tillögurétt formenn þingflokks, fjármálaráðs, sveitarstjórnarráðs og upplýsinga- og fræðslunefndar. Framkvæmdarstjóri flokksins situr síðan alla fundi miðstjórnar þótt ekki sé heimild fyrir því í skipulagsreglunum. Alls eru þetta 32 einstaklingar.

Það var mat Framtíðarnefndar að núverandi skipan miðstjórnar hentaði illa því hlutverki sem hún ætti að gegna. Eins og áður segir þá ber miðstjórn ábyrgð á innra starfi og rekstri flokksins – ekki stefnumótun eða málefnavarfi. Framtíðarnefnd vill með tillögum sínum reyna að styrkja eiginlegt hlutverk miðstjórnar og færa stefnumótun og málefnavarf yfir til flokksráðs – þar sem sú vinna á heima.

Í 18. gr. er fjallað um skipan miðstjórnar og í þeirri grein setur Framtíðarnefnd fram veigamiklar breytingar frá núgildandi skipulagsreglum.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að öll ábyrgð á störfum miðstjórnar hvíli á nýskipuðu embætti 2. varaformanns flokksins sem verður formaður miðstjórnar. Þetta er í samræmi við þá stefnu Framtíðarnefndar að aðgreina og dreifa verkefnum innan forystusveitar flokksins. Þannig mun 2. varaformaður þurfa að standa skil á verkefnum og vinnu miðstjórnar, bæði gagnvart formanni flokksins og landsfundi. Að sjálfsögðu hefur formaður Sjálfstæðisflokksins seturétt og málfrelsi á öllum fundum á vegum flokksins þannig að hann gæti, eftir sem áður, mætt eins og honum sýndist, hvort heldur sem er til að ræða ákveðin mál eða eingöngu til að fylgjast með störfum miðstjórnar.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að formaður þingflokks sé í miðstjórn. Samkvæmt c- lið 20. gr. í núgildandi skipulagsreglum kýs þingflokkur sjálfstæðismanna 5 þingmenn til setu í miðstjórninni en formaður þingflokks hefur skv. e- lið 20. gr. seturétt með málfrelsi og tillögurétti. Framtíðarnefnd taldi að sökum hlutverks miðstjórnar þ.e. innra starf og framkvæmd flokksstarfsins þá væri óþarfi að hafa svo marga þingmenn í stjórninni. Formaður þingflokks mun því vera tengiliður á milli miðstjórnar og þingflokks. Þingmenn

Sjálfstæðisflokksins verða hins vegar allir, eins og áður hefur verið fjallað um, fulltrúar í stjórnnum málefnanefnda sem sjá um stefnumótun og málefnavinnu undir flokksráði.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að formaður sveitarstjórnarráðs sitji í miðstjórn. Samkvæmt e-lið 20. gr. í nágildandi skipulagsreglum hefur hann seturétt með málfrelsi og tillögurétt. Það var mat nefndarinnar að réttast væri að formaður sveitarstjórnarráðs sæti í miðstjórninni og væri tengiliður miðstjórnar við sveitarstjórnarstigið.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir að formenn kjördæmisráða sitji í miðstjórn. Þetta er í samræmi við e- lið 20. gr. nágildandi skipulagsreglna. Framtíðarnefnd leggur hins vegar til þá breytingu að formaður og varaformaður fulltrúaráðsins í Reykjavík sitji í stjórninni og hafi þannig tvo fulltrúa. Þetta skýrist af því að fulltrúaráðið í Reykjavík nær í raun yfir tvö kjördæmi, Reykjavík norður og Reykjavík suður. Það er óeðlilegt ef þessi tilhögun í höfuðborginni kæmi niður á fulltrúum Reykvíkinga í stofnunum flokksins.

Í fimmta lagi er gert ráð fyrir að formaður fjármálaráðs og formaður upplýsinga- og fræðslunefndar sitji í miðstjórn. Samkvæmt e- lið 20. gr. nágildandi skipulagsreglna hafa viðkomandi formenn seturétt á fundum miðstjórnar með málfrelsi og tillögurétt. Þar sem hlutverk þessara nefnda varða rekstur flokksins og innra starfið með beinum hætti þótti Framtíðarnefnd rétt að formenn þessara nefnda sætu í miðstjórn.

Í sjötta lagi er gert ráð fyrir því að kjördæmisráðin kjósi samtals 18 fulltrúa til setu í miðstjórn. Þessi fjöldi kemur í raun í staðinn fyrir þá 11 einstaklinga sem landsfundur kys nú samkvæmt b- lið 20. gr. skipulagsreglna flokksins. Ástæðan fyrir þessari breytingu er einföld. Það var mat Framtíðarnefndar að framkvæmdarstjórn og ábyrgð á innra starfi flokksins ætti að vera í höndum þeirra sem sinna þeim verkefnum nánast daglega. Fólkið sem starfar innan kjördæmisráðanna sér um skipulagningu og framkvæmd innra starfs innan síns kjördæmis og er því í bestu aðstöðu til að takast á við verkefni miðstjórnar. Gert er ráð fyrir að kjördæmisráðin verði að kjósa fulltrúa í miðstjórn innan 30 daga frá landsfundi.

Í sjöunda lagi er gert ráð fyrir að framkvæmdarstjóri eigi seturétt í miðstjórn með málfrelsi og tillögurétt. Enga slíka heimild er að finna í nágildandi reglum en reynslan hefur verið sú að framkvæmdastjóri situr alla fundi miðstjórnar og heldur oft en ekki utan um fundargerð fundarins. Það er því eðlilegt að það komi fram í skipulagsreglunum að hann hafi seturétt á fundum miðstjórnar.

Rétt er að geta þess að formenn sérsambanda sitja eftir sem áður í miðstjórn. Í d- lið 20. gr. kom hins vegar fram áskilnaður um það að hverju landssambandi væri heimilt að tilnefna einn einstakling í miðstjórn með málfrelsi og tillögurétt ef enginn af þeirra félagsmönnum væri þegar í miðstjórn. Reynslan sýnir að lítið hefur reynt á þetta atkvæði og var það því tekið út.

19. gr.

Í nágildandi skipulagsreglum er ekki kveðið á um hvar eða hversu oft miðstjórn eigi að hittast á hverju ári. Eini vísir að slíku er að finna í 23. gr. nágildandi skipulagsreglna þar sem segir að miðstjórn skuli hittast árlega utan höfuðborgarsvæðisins. Allur gangur hefur verið á því hvort þessi áskilnaður sé virtur.

Sjálfstæðisflokkurinn er meðal stærstu félagasamtaka landsins. Framtíðarnefnd leggur ríka áherslu á að reglubundnir fundir miðstjórnar eru afar mikilvægir fyrir allt innra starf flokksins. Verkefnin eru næg og eftirlit nauðsynlegt. Það má ekki endurtaka sig að miðstjórn komi

saman einu sinni á ári og þá eingöngu til málamynda. Af þeim sökum setur Framtíðarnefnd áskilnað um að miðstjórn hittist a.m.k. 8 sinnum á ári þ.e. með rúmlega 6 vikna millibili allt árið. Að mati nefndarinnar er það algjört lágmark til að miðstjórn geti sinnt skyldum sínum.

Framtíðarnefnd setur jafnframt þann áskilnað að miðstjórn hittist í annað hvert skipti utan höfuðborgarinnar. Eins og áður segir þá hefur allur gangur verið á því hvort áskilnaður 23. gr. um árlegan fund utan höfuðborgarsvæðisins hefur verið virtur. Það er mat nefndarinnar að það sé ótækt að einblína um of á höfuðborgarsvæðið þegar kemur að fundarhaldi miðstjórnar – það sendir röng skilaboð til landsbyggðarinnar. Það er ljóst að fulltrúar í miðstjórn koma víða að af landinu og mikilvægt að færa þungamiðju flokksstarfið til þeirra.

Engan áskilnað er að finna í núgildandi skipulagsreglum um hvernig eða hverjir geti boðað fundi miðstjórnar. Framtíðarnefnd gerir tillögu um að ef formaður flokksins eða a.m.k. 10 miðstjórnamenn óska þess skriflega og tilgreina fundarefni sé heimilt að kalla miðstjórn saman til aukafundar. Miðstjórnarfundi skal boða með bréfi til allra fulltrúa miðstjórnar með viku fyrirvara. Rétt er að geta þess að Framtíðarnefnd telur að tölvupóstur falli undir skilgreiningu á bréfi.

20. gr.

Í 20. gr. er áskilnaður um að miðstjórn skuli á fyrsta fundi sínum kjósa varaformann miðstjórnar og formann og fjóra meðstjórnendur í upplýsinga- og fræðslunefnd. Í gegnum tíðina hefur þessi nefnd verið skipuð af miðstjórn án þess að fólki hafi verið gefinn kostur á því að bjóða fram krafta sína. Framtíðarnefnd leggur til breytingu á þessu þannig að hver sem er geti boðið sig fram og miðstjórn kjósi síðan á milli frambjóðenda.

Í lok 20. gr. kemur fram að miðstjórn skipi fjármálaráð á sínum fyrsta fundi. Nánar er fjallað um fjármálaráð í greinum 47-49 en Framtíðarnefnd taldi rétt að láta koma fram undir 20. gr. að fjármálaráð þyrfti að skipa á fyrsta fundi eftir landsfund.

Kjördæmisráð

Töluverðar umræður áttu sér stað í vinnu Framtíðarnefndar um kjördæmisráðin og kjördæmisstjórnirnar. Flestir töldu kjördæmisráðin nauðsynleg en spurt var hvort ráðin væru að gera það sem þau ættu að vera að gera.

Fólk benti á að það kæmi oft fyrir að eitthvað væri í deiglu í landsmálapólitíkinni sem varðaði viðkomandi kjördæmi beint. Í stað þess að kjördæmisráð væri kallað saman til umræðu og ályktunar eða að kjördæmisstjórnin ályktaði í nafni kjördæmisráðsins væri beðið eftir viðbrögðum frá þingflokknum. Að sama skapi færi lítil sem enginn málefnavinna fram undir merkjum kjördæmisráðanna sem gerði það að verkum að t.d. á landsfundi væru þau illa í stakk búin til takast á við ágreiningsefni í málefnanefndunum.

Flestir sem Framtíðarnefnd ræddi voru sammála um að miða flokksskipulagið við kjördæmin en töldu að það vantaði mikið upp á samheldni. Þetta virtist reyndar ekki vera mikið vandamál á höfuðborgarsvæðinu en var hins vegar viðkvæði nánast allra úti á landi. Þar var stærð kjördæma og vegalengd á milli aðildarfélaganna greinilega vandamál. Á landsbyggðinni varð mörgum tíðrætt um að eina skiptið sem þeir hittu félag sína úr öðrum aðildarfélögum í kjördæminu væri á árlegum kjördæmisþingum og á landsfundi. Þeir vildu flestir meiri samvinnu og samheldni milli aðildarfélaganna út á landsbyggðinni en töldu sig ekki hafa tækifæri til þess.

Viðtöl Framtíðarnefndar við fulltrúa í stjórnnum kjördæmisráða leiddi í ljós að erfitt var fyrir stjórnirnar að funda sökum fjarlægðar á milli fulltrúa í stjórninni. Það leiddi til þess að stjórnirnar hittust sjaldnar en þær ættu að gera.

Framtíðarnefnd fór vel yfir þessar athugasemdir en taldi ekki ástæðu til að breyta miklu. Það var ljóst að allar heimildir eru til staðar fyrir kjördæmisráðin til að auka stefnumótun, málefnavinnu og samheldni. Það er ekkert sem stöðvar kjördæmisráð eða kjördæmisstjórn í að álykta um málefni líðandi stundar, það er ekkert því til fyrirstöðu að kjördæmisráðin fari í málefnavinnu og hægt er að boða kjördæmisþing oftast en einu sinni á ári. Það sem eftir stendur eru hinar miklu fjarlægðir á milli aðildarfélaga og fulltrúa í kjördæmisstjórninni. Framtíðarnefnd sér tvær lausnir á því vandamáli:

Annars vegar að breyta skipulagi flokksins algjörlega og búa til minni einingar. Framtíðarnefnd telur það ekki fýsilegan kost að svo stöddu.

Hins vegar að auka notkun fjarfundarbúnaðar í öllu starfi flokksins. Í því samhengi bendir nefndin á umfjöllun sína um upplýsinga- og fræðslunefnd flokksins í 50. – 52. gr. tillagnanna en þar kemur m.a. fram að allir flokksmenn eigi að geta tekið þátt í starfi Sjálfstæðisflokksins óháð dvalarstað.

Að lokum er rétt að geta þess að við umræður um miðstjórn komu reglulega fram þær hugmyndir að láta kjördæmisráðin kjósa fulltrúa í miðstjórn. Eins og kemur fram í umfjöllun um miðstjórn þá gerði Framtíðarnefnd þær hugmyndir að sínum.

Eftirfarandi er greinargerð Framtíðarnefndar um tillögur varðandi kjördæmisráðin:

21. gr.

Þessi grein fjallar um að kjördæmisráð fari með sameiginleg flokksmál í hverju kjördæmi fyrir utan Reykjavík þar sem Vörður fer með málefni beggja Reykjavíkurkjördæma. Þessi grein er samhljóða 46. gr. nógildandi skipulagsreglna.

22. gr.

Þessi grein fjallar um hvernig fulltrúar eru valdir í kjördæmisráðin og er samhljóða 47. gr. nógildandi skipulagsreglna. Einu breytingarnar eru þær að Framtíðarnefnd taldi rétt að kjörnir aðalmenn í sveitarstjórnnum fyrir Sjálfstæðisflokkinn í kjördæminu væru sjálfkjörnir í kjördæmisráð. Jafnframt var leiðrétt tvítekning í nógildandi skipulagsreglum varðandi það að formenn fulltrúaráða væru sjálfkjörnir í kjördæmisráð.

23. gr.

Í þessari grein kemur fram að kjördæmisráð skuli koma saman til fundar minnst einu sinni á ári. Framtíðarnefnd íhugaði alvarlega að fjölga skyldubundnum fundum í tvo á ári en féll frá því. Það verður að vera val hvers kjördæmis fyrir sig hversu virkt það ætlar að vera í flokksstarfinu.

Framtíðarnefnd bætti við áskilnaði um það að eftir hvert kjördæmisráð skuli að loknu kjördæmisþingi senda miðstjórn skýrslu um störf ráðsins, skipan í stjórn og trúnaðastöður ásamt afriti skýrslna þeirra félaga sem eiga aðild að kjördæmisráði. Eins og fram kom í umfjöllun um miðstjórn þá vantar mikið upp á að hún geti sinnt skyldum sínum í flokksstarfinu og það var mat Framtíðarnefndar að þessi skýrslugjöf væri skref í rétta átt hvað það varðar.

24. gr.

Fjallað er um kjördæmisstjórn í 24. gr. tillagna Framtíðarnefndar. Þar kemur fram að 7-15 einstaklingar geti verið kosnir í kjördæmisstjórn af viðkomandi kjördæmisráði. Einnig koma fram ákvæði sem heimila kjördæmisráði að skipa undirnefndir sér til halds og trausts. Þessi hluti 24. gr. er samhljóma 49. gr. núgildandi skipulagsreglna.

Framtíðarnefnd bætti við ákvæðið áskilnaði um að kjördæmisráðin kysu þrjá fulltrúa í miðstjórn og þrjá til vara sbr. 18. gr. tillagna nefndarinnar. Þetta á ekki við um fulltrúaráðið í Reykjavík sem kys sex einstaklinga og sex til vara. Eins og kemur fram í 21. gr. þá nær fulltrúaráðið í Reykjavík yfir tvö kjördæmi og það var mat Framtíðarnefndar að fulltrúaráðið í Reykjavík ætti ekki að líða fyrir það í flokksstarfinu.

Að lokum kemur fram í 24. gr. að frambjóðendur til miðstjórnar verði að skila inn skriflegum framboðum og að þriggja manna kjörstjórn annist kosninguna.

25. gr.

Þessi grein fjallar um ábyrgð kjördæmisstjórnar gagnvart miðstjórn á því að flokkskerfið í viðkomandi kjördæmi sé í samræmi við skipulagsreglur flokksins. Jafnframt hvernig því eftirliti er háttað. Þessi grein er samhljóða 50. gr. núgildandi skipulagsreglna.

26. gr.

Í 26. gr. kemur fram að kjördæmisráð skuli kosið árlega. Þessi grein er samhljóða 51. gr. núgildandi skipulagsreglna.

Fulltrúaráð

Við umræðu um fulltrúaráðin í starfi Framtíðarnefndar komu upp svipaðar athugasemdir og var fleygt fram þegar kjördæmisráðin bar á góma. Þau kæmu sjaldan saman og þær samkundur væru að mestu til málamynda: hátíðarávörp, skýrsla stjórnar, reikningar, fyrirfram samin stjórn málaályktun og kosning stjórnar. Það heyrði til algjörra undantekninga ef fulltrúaráðin stæðu fyrir málefnavinnu af einhverju tagi. Á sama hátt kæmi það örsjaldan fyrir að stjórn fulltrúaráðs ályktaði um málefni líðandi stundar þrátt fyrir að málefnið varðaði sveitarfélagið beint og ekkert hefði heyrst frá kjörnum fulltrúum.

Innan nefndarinnar var mikið rætt um það hvort þörf væri á miklum breytingum á regluverkinu í kringum fulltrúaráðið. Niðurstaðan var sú að gera lítilvægar breytingar á heimildum fulltrúaráða til að skipa undirnefndir en flest annað var óbreytt. Ástæðan var sú að nefndin taldi að fulltrúaráðin hefðu allar heimildir sem þær þyrftu til að hittast oft, auka málefnavinnu og svo framvegis. Það eina sem þyrfti til væri vilji til breytinga á núverandi starfsháttum.

Eftirfarandi eru tillögur Framtíðarnefndar að reglum er varða fulltrúaráð:

27. gr.

Í 27. gr. er fjallað um að sjálfstæðisfélög í hverju sveitarfélagi myndi sameiginlegt fulltrúaráð. Jafnframt að kjördæmisráð geti ákveðið önnur staðarmörk fulltrúaráðs að áskildu samþykki viðkomandi félags- og fulltrúastjórna. Síðan er ítrekað að fulltrúaráðið í Reykjavík fari með málefni beggja Reykjavíkurborgkjördæma og að vissar greinar umfjöllunar um fulltrúaráðin eigi ekki við fulltrúaráðið í Reykjavík vegna stöðu þess sem eiginlegt kjördæmisráð. Þessi hluti greinarinnar er samhljóða 40. gr. núgildandi skipulagsreglna.

Framtíðarnefnd ákvað að bæta við heimild fyrir fulltrúaráðin til að skipa undirnefndir sér til halds og trausts. Þetta er sambærileg heimild og er að finna í 24. gr. tillagnanna um kjördæmisráð. Ákveðin hætta var til staðar á því að fólk gagnályktaði frá þeirri grein og teldi að fyrst ekkert væri fjallað um þetta í umfjöllun um fulltrúaráð þá væri það ekki heimilt. Framtíðarnefnd telur að fulltrúaráðin hafi alltaf getað sinnt málefnum starfi og verið virk í málefnum líðandi stundar en þetta er sett inn til að taka af allan vafa.

28. gr.

Í þessari grein kemur fram að hvert fulltrúaráð skuli skipað það mörgum einstaklingum að svari til eins fulltrúa fyrir hverja 100 íbúa sveitarfélagsins. Meðlimir skulu þó aldrei vera færri en 12 og eigi fleiri en 180, að viðbættum formönnum allra sjálfstæðisfélaganna á starfssvæðinu. Jafnframt kemur fram heimild fyrir fulltrúaráð að ákveða aðra tölu fulltrúaráðsmanna. Engu að síður skal við kjör til kjördæmisráðs og atkvæðagreiðslu um sameiginleg mál kjördæmisins takmarka réttindi við þá tölu fulltrúaráðsmanna sem þessi grein kveður á um. Þessi grein er samhljóða 41. gr. nógildandi skipulagsreglna.

29. gr.

Í 29. gr. kemur fram að þar sem fleiri en eitt félag er í sveitarfélagi skulu þau velja í fulltrúaráð í hlutfalli við meðlimatölu fullgildra félagsmanna. Hins vegar er heimilt að semja um önnur hlutföll í skiptingu fulltrúa milli félaganna. Þessi grein er samhljóða 42. gr. nógildandi skipulagsreglna.

30. gr.

Í þessari grein er kveðið á um það að fulltrúaráð skuli kosið árlega. Stjórn fulltrúaráðs fylgist með því að félögin kjósi reglulega fulltrúa sína í ráðið og endurskoðar árlega skiptingu fulltrúa milli félaganna í samræmi við tölu fullgildra félagsmanna. Er stjórnnum félaganna skylt að gefa stjórn fulltrúaráðs nákvæmar upplýsingar um fjölda fullgildra félagsmanna. Þessi grein er samhljóða 43. gr. nógildandi skipulagsreglna.

31. gr.

Í 31. gr. er áskilnaður um að hvert fulltrúaráð setji sér nánari starfsreglur, þar sem m.a. séu ákvæði um stjórn ráðsins. Ekki mega starfsreglur viðkomandi fulltrúaráðs brjóta í bága við skipulagsreglur flokksins. Þessi hluti er samhljóða 44. gr. nógildandi skipulagsreglna.

Innan Framtíðarnefndar sköpuðust umræður um að það skyti skökku við að hvergi væri kveðið á um í skipulagsreglum flokksins hverjum bæri að staðfesta starfsreglur fulltrúaráðanna en í skipulagsreglunum er hins vegar kveðið á um að miðstjórn þurfi að staðfesta reglur kjördæmisráða. Með tilliti til ábyrgðar kjördæmisráða gagnvart flokksstarfinu í kjördæminu ákvað Framtíðarnefnd að gera tillögur um áskilnað þess að fulltrúaráð njóti ekki réttinda innan flokksins nema reglur þess hafi verið staðfestar af viðkomandi stjórn

kjördæmisráðs. Jafnframt að ákvörðun stjórnar kjördæmisráðs samkvæmt þessari grein megi skjóta til miðstjórnar.

32. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að þegar aðeins eitt sjálfstæðisfélag er í sveitarfélagi sé ekki skylt að starfrækja þar einnig fulltrúaráð, heldur fari stjórn félagsins með öll þau réttindi sem stjórn fulltrúaráðs á starfssvæðinu annars hefði. Félagsfundir fara með réttindi fulltrúaráðsfunda og skal fjöldi fulltrúa félagsins í kjördæmisráð miðaður við, að þar starfi einnig fulltrúaráð. Formaður slíks félags er sjálfkjörinn í kjördæmisráð, á sama hátt og formenn fulltrúaráða. Þessi grein er samhljóða 45. gr. núgildandi skipulagsreglna.

Flokksfélög

Við umræður um flokksfélögin var mikið rætt um litla virkni innan margra félaga. Í því samhengi var oft rætt um formenn félaga sem héldu mánaðarlega spjallfundi með stjórn án neins eiginlegs starfs á vegum félaganna sjálfra. Stundum væri þetta vinnulag orðið að lífseigri hefð innan ákveðinna félaga sem gengi í arf milli stjórna; nýir stjórnarmenn kynntust þessum mánaðarlegu spjallfundum, héldu að starfið í Sjálfstæðisflokknum gengi út á það og viðhéldu hefðinni. Augljóst er að mismikil virkni er í aðildarfélögum flokksins og oftast veltur kraftur starfsins á þeim einstaklingum sem veljast í stjórn félags en ekki félaginu sjálfu. Flestir sem Framtíðarnefnd ræddi við tóku undir þetta og voru sammála um að lausnin fælist ekki í breytingum á skipulagsreglum heldur mun frekar að vanda valið á forystu innan aðildarfélaga.

Í starfi nefndarinnar var einnig bent á að komið hefði fyrir að félög lentu í þeirri stöðu að formaður neiti að halda aðalfund svo unnt sé m.a. að skipa nýja stjórn og á meðan grotni starfið innan félagsins niður. Afar fá dæmi eru um þessa stöðu enda fær viðkomandi félag strangt til tekið ekki seturétt á samkomum flokksins án þess að halda aðalfund. Einhver brögð virtust hins vegar vera að því að viðkomandi félög fengju að velja fulltrúa á landsfund og kjördæmisráðsþing þrátt fyrir þennan annmarka. Framtíðarnefnd ákvað að taka á þessu vandamáli í 37. gr. tillagna sinna sem fjallað er um hér að neðan.

Mikil umræða var einnig um svokölluð „draugafélög“ í flokknum. Það eru félög sem eru í raun ekki starfandi en er haldið lifandi til að halda í fulltrúa á landsfundi, kjördæmisráðsþingum og landsþingum sérsambanda. Þau vakna eingöngu til lífsins og halda aðalfund þegar þarf að kjósa fulltrúa á samkomum flokksins. Framtíðarnefnd taldi miður að ekki væri meiri metnaður innan ákveðinna félaga til að halda úti starfi. Það væri hins vegar erfitt að koma í veg fyrir þetta og í raun í höndum stofnana flokksins á hverju svæði og miðstjórnar að hvetja fólk áfram í starfinu. Reyndar er rétt að geta þess að þar sem tillögur Framtíðarnefndar ganga út á að allir sjálfstæðismenn geti mætt á landsfund þá má gera ráð fyrir að hin svokölluðu „draugafélög“ muni sofna svefnum langa.

Eftirfarandi er umfjöllun um tillögur Framtíðarnefndar varðandi flokksfélög:

33. gr.

Í þessari grein er fjallað um sjálfstæðisfélög sem heimilt er að stofna innan ákveðins félagsvæðis. Sérstaklega er tiltekið að einungis er heimilt að starfrækja eitt sjálfstæðisfélag

sömu tegundar á sama félagssvæði. Þessi grein er samhljóða 32. gr. nógildandi skipulagsreglna.

34. gr.

Í 34. gr. kemur fram að hvert félagssvæði skuli ná yfir sveitarfélag. Þó getur stjórn kjördæmisráðs ákveðið að félagssvæði nái yfir fleiri en eitt sveitarfélag innan sama kjördæmis. Jafnframt er heimild fyrir miðstjórn, með samþykki stjórna viðkomandi fulltrúaráðs og kjördæmisráðs, að stofna og starfrækja fleiri en eitt almennt félag sjálfstæðisfólks í sveitarfélagi, enda nái hvert félag yfir ákveðið hverfi í sveitarfélaginu. Að lokum getur miðstjórn einnig heimilað að félög nái yfir fleiri en eitt kjördæmi. Þessi grein er samhljóða 33. gr. nógildandi skipulagsreglna.

35. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að öll réttindi félags sem ákvarðast af fjölda félagsmanna skv. skipulagsreglunum skuli miðast við fjölda fullgildra félagsmanna á síðasta aðalfundi félagsins. Þessi grein er samhljóða 38. gr. nógildandi skipulagsreglna.

36. gr.

Í 36. gr. er fjallað um þau skilyrði sem félag þarf að uppfylla til að halda réttindum sínum. Þessi grein er samhljóða 37. gr. nógildandi skipulagsreglna.

37. gr.

Í fyrri hluta greinarinnar er fjallað um að hvert flokksfélag setji sér reglur sem mega ekki brjóta í bága við skipulagsreglurnar og verða að vera samþykktar af stjórn kjördæmisráðs. Þessi hluti 37. gr. er efnislega samhljóða 36. gr. nógildandi skipulagsreglum.

Seinni hluta greinarinnar er nýr. Þar er kveðið á um að ef ekki er haldinn aðalfundur í félagi missa félagsmenn þess rétt til setu á kjördæmisþingi. Ef aðalfundur hefur ekki verið haldinn í tvö ár skal stjórn kjördæmisráðs gera miðstjórn grein fyrir störfum viðkomandi félags, sem tekur ákvörðun um skipun bráðabirgðastjórnar, slit þess eða sameiningu við annað félag. Skipi miðstjórn bráðabirgðastjórn öðlast viðkomandi félag hvorki réttindi til að kjósa fulltrúa til kjördæmisráðs eða fulltrúaráðs fyrr en að löglegur aðalfundur hefur verið haldinn. Framtíðarnefnd setti þennan áskilnað til að hægt væri að grípa inn í þegar félög væru ekki starfandi og vandamál væru með fráfarandi stjórn, þau neituðu að halda aðalfund og svo framvegis. Þá gæti miðstjórn tekið í taumana skipað bráðabirgðastjórn sem myndi boða aðalfund sem kysi nýja stjórn og hæfi starfið að nýju.

38. gr.

Í 38. gr. er kveðið á um að nýtt og endurvakið sjálfstæðisfélag skuli hafa starfað í sex mánuði áður en það öðlast réttindi til að kjósa fulltrúa í kjördæmisráð eða fulltrúaráð, nema bæði miðstjórn og kjördæmisráð samþykki annað. Þetta ákvæði er samhljóða 39. gr. núgildandi skipulagsreglna.

III. kafli Flokksstarfið

Í nógildandi skipulagsreglum er fjallað um framkvæmdastjórn (V. kafli), fjármálaráð (VI. Kafli) og upplýsinga- og fræðslunefnd (VII. Kafli) í sérstökum köflum. Umfjöllun um framkvæmdastjóra og starfsstöðvar er að finna í 21. gr. IV. kafla um miðstjórn. Framtíðarnefnd gerir tillögu um að þessir liðir verði færðir undir einn kafla. Eftirfarandi er umfjöllun um tillögur Framtíðarnefndar varðandi flokksstarfið:

Formaður Sjálfstæðisflokksins

39. gr.

Í nógildandi skipulagsreglum eru engin sérstök ákvæði um formann Sjálfstæðisflokksins en hins vegar kemur fram að hann er formaður flokksráðs (10. gr.) og framkvæmdarstjórnar (24. gr.). Þrátt fyrir að 20. gr. nógildandi skipulagsreglna tiltaki það ekki sérstaklega hefur reyndin verið sú að formaður flokksins gegni einnig formennsku í miðstjórn.

Í vinnu Framtíðarnefndar komu fram athugasemdir varðandi þetta fyrirkomulag. Flestir voru sammála um að formaður Sjálfstæðisflokksins ætti að koma fram fyrir hönd flokksins út á við og vera einhvers konar verkstjóri í allri vinnu innan hans, sinna eftirliti og samræmingu. Til þess þyrfti hann að hafa yfirsýn yfir allt sem væri að gerast innan flokksins. Í því fælist hins vegar ekki að formaðurinn þyrfti sjálfur að stjórna öllum verkefnum í innra starfinu og þau sjónarmið heyrðust ítrekað að þessar miklu starfsskyldur hans væru til þess fallnar að skyggja á yfirsýn frekar en hitt. Að auki var bent á að formaður flokksins er iðulega einnig alþingismaður og/eða ráðherra og hefur miklar skyldur á þeim vettvangi.

Flokksmenn gerðu mikið úr mikilvægi þess að formaður flokksins kæmi sem oftast fram fyrir hönd hans út á við, skýrði sjónarmið hans og veitti forystu. Það væri hins vegar ljóst að slíkt krefðist oftar en ekki mikillar vinnu og undirbúnings ef vel ætti að vera. Miklar og nánast daglegar starfsskyldur við að halda utan um allar æðstu stofnanir flokksins væru til þess fallnar að draga tíma og athygli frá slíkum undirbúningi. Það þyrfti því að skýra og dreifa verkefnum á milli forystumanna flokksins.

Framtíðarnefnd tekur undir þessi sjónarmið og gerir tillögu um dreifða og skýra verkaskiptingu forystu flokksins. Í 1. mgr. 39. gr. kemur fram að formennska í Sjálfstæðisflokki er æðsta embætti innan flokksins. Formaður sækir umboð sitt beint til landsfundar. Hann stýrir, samræmir og hefur eftirlit með öllu starfi innan flokksins. Hann kemur fram fyrir hönd flokksins út á við.

Í 2. mgr. 39. gr. segir að formaður Sjálfstæðisflokksins hafi seturétt með málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt á öllum fundum á vegum flokksins. Hann hefur jafnframt rétt til að boða fundi í öllum félögum og stofnunum innan flokksins og taka að sér fundarstjórn. Tillögur Framtíðarnefndar gera ráð fyrir því að formaður flokksins sitji ekki í miðstjórn eða stjórn flokksráðs. Með þessu ákvæði er tryggt að formaður flokksins geti komið inn á alla fundi á vegum flokksins þ.m.t. miðstjórnarfundi og fundi stjórnar flokksráðs með málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt. Jafnframt getur hann boðað fundi í öllum félögum og stofnunum innan flokksins og stýrt fundum viðkomandi félags eða stofnunar. Rétt er að geta þess að tillagan felur ekki í sér að formaður flokksins geti eingöngu tekið að sér fundarstjórn á þeim fundum sem hann boðar sjálfur; hann getur mætt á hvaða fund sem er innan flokksins og stýrt fundinum.

Varaformaður Sjálfstæðisflokksins

40. gr.

Í nágildandi skipulagsreglum eru engin sérstök ákvæði um varaformann Sjálfstæðisflokksins. Hann á sæti í flokksráði (10. gr.), miðstjórn (20. gr.) og framkvæmdastjórn (24. gr.). Þrátt fyrir að hlutverk hans sé hvergi skilgreint er hefð fyrir því að varaformaður eigi að sinna innra starf flokksins.

Í vinnu Framtíðarnefndar komu fram athugasemdir varðandi þetta fyrirkomulag. Var bent á að þrátt fyrir að varaformaður ætti að sjá um innra starf hefði hann engan sérstakan vettvang til þess að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Enn fremur væri ekki til bóta að miðstjórnarfundir undir formennsku formanna flokksins snúast oftast um annað en innra starf flokksins. Meðal annars af þessum ástæðum hefðu tilraunir varaformanna flokksins til að stjórna innra starfinu oft verið ómarkvissar og byggðar á góðum vilja frekar en getu til að hrinda áætlunum sínum í framkvæmd. Án þess að leggja frekara mat á þessar fullyrðingar taldi Framtíðarnefnd ljóst að það þyrfti að styrkja umboð varaformanns flokksins til að sinna hlutverki sínu og skyldum.

Framtíðarnefnd telur mikilvægt að deila ábyrgð á milli forystumanna með þeim hætti að sá sem stjórnir ákveðnum málaflokki stýri einnig þeirri stofnun flokksins sem beri ábyrgð á viðkomandi þætti í flokksstarfinu. Nefndin telur að stærstu þáttum flokksstarfsins megi skipta í tvennt: Málefnnastarf og innra starf flokksins. Verkaskipting þarf síðan að vera þannig að það falli í hlut nánustu samstarfsmanna formanns flokksins að halda utan um viðkomandi málaflokka en hans hlutverk sé að hafa yfirsýn yfir starfið, samræma og hafa eftirlit með heildinni. Þar sem tillögur Framtíðarnefndar um verkaskiptingu gerir ráð fyrir að varaformaður flokksins haldi utan um málefnnastarf flokksins þá segir í 1. mgr. 40. gr. að varaformaður sé formaður stjórnar flokksráðs og hafi yfirumsjón með allri stefnumótun og málefnnastarfi innan flokksins. Einnig kemur þar fram að varaformaður flokksins sækir umboð sitt beint til landsfundar og er staðgengill formanns í fjarveru hans.

Í 2. mgr. 40. gr. kemur fram að varaformaður Sjálfstæðisflokksins hefur seturétt með málfrelsi og tillögurétt á öllum fundum á vegum flokksins. Þessi heimild er ekki jafn rúm og hjá formanni flokksins en með henni er tryggt að varaformaður flokksins geti mætt á alla fundi innan hans með málfrelsi og tillögurétt.

2. varaformaður Sjálfstæðisflokksins

41. gr.

Gerð er tillaga um embætti 2. varaformanns Sjálfstæðisflokksins og er það nýtt innan vébanda flokksins. Eins og áður sagði þá taldi Framtíðarnefnd að það þyrfti að skýra og dreifa verkefnum á milli forystumanna flokksins. Nóg er af verkefnum en stærstu þættir flokksstarfsins lúta að málefnnastarfi og innra starfi flokksins. Gert er ráð fyrir að varaformaður annist málefnnastarfið og það var mat nefndarinnar að þar væru ærin verkefni fyrir einn einstakling. Það er því þörf á nýju embætti til að taka að sér ábyrgð á innra starf flokksins. Af þeim sökum leggur nefndin til að forystan verði eflað með þessum hætti.

Eins og áður segir þá telur Framtíðarnefnd að það þurfi að deila ábyrgð á milli forystu þannig að sá sem stýrir ákveðnum málaflokki stjórnir einnig þeirri stofnun flokksins sem beri ábyrgð á viðkomandi þætti í flokksstarfinu. Þar sem tillaga nefndarinnar að nýrri verkaskiptingu gerir ráð fyrir að 2. varaformaður flokksins beri ábyrgð á innra starfi segir í 41. gr. að 2. varaformaður sé formaður miðstjórnar og hafi yfirumsjón með öllu innra starfi flokksins. Einnig kemur fram að 2. varaformaður sækir umboð sitt beint til landsfundar og sé staðgengill formanns og varaformanns í fjarveru þeirra.

Í 2. mgr. 41. gr. kemur fram að 2. varaformaður Sjálfstæðisflokksins hefur seturétt með málfrelsi og tillögurétt á öllum fundum á vegum flokksins. Þessi heimild er sambærileg við heimild varaformanns en er ekki jafn rúm og hjá formanni flokksins. Með henni er engu að síður tryggt að 2. varaformaður flokksins geti mætt á alla fundi innan hans með málfrelsi og tillögurétt.

Framkvæmdastjórn

42. gr.

Í 24. gr. nágildandi skipulagsreglna er fjallað um framkvæmdastjórn. Þar kemur m.a. fram að hún sé skipuð 5 einstaklingum: Formanni, sem jafnframt er formaður framkvæmdastjórnar, varaformanni flokksins og formanni þingflokks, auk tveggja einstaklinga sem miðstjórn kýs úr sínum hópi.

Með tilliti til samræmingarhlutverks framkvæmdastjórnar taldi Framtíðarnefnd rétt að í henni væru einstaklingar sem hefðu yfirsýn yfir ákveðna þætti í flokksstarfinu. Framtíðarnefnd gerir það að tillögu sinni að framkvæmdastjórnin verði skipuð formanni flokksins, sem jafnframt yrði formaður framkvæmdastjórnar, varaformanni, 2. varaformanns, formanni þingflokks og formanni sveitarstjórnaráðs.

43. gr.

Í 24. gr. nágildandi skipulagsreglna kemur fram að framkvæmdastjórn starfi í umboði miðstjórnar að samræmingu flokksstarfsins og eflingu. Miðstjórn skal setja framkvæmdastjórn erindisbréf og fela henni að auki sérstök verkefni. Fundargerðir framkvæmdastjórnar skulu lagðar fram á miðstjórnarfundum.

Framtíðarnefndar kannaði núverandi virkni og starfsemi framkvæmdastjórnar. Sú skoðun leiddi í ljós að framkvæmdarstjórn flokksins hittist mjög sjaldan, ekkert nýlegt erindisbréf er til, engin sérstök verkefni hafa komið frá miðstjórn og fundargerðir framkvæmdastjórnarinnar hafa ekki verið lagðar fyrir miðstjórnarfundi lengi. Með öðrum orðum þá er virkni og starfsemi framkvæmdastjórnar flokksins í lágmarki.

Framtíðarnefnd telur fulla ástæðu til að skerpa á verkefnum og styrkja framkvæmdarstjórnina eins og aðrar stofnanir flokksins, sérstaklega með tilliti til tillagna Framtíðarnefndar um að varaformaður flokksins gegni formennsku í stjórn flokksráðs og 2. varaformaður flokksins verði formaður miðstjórnar. Þær tillögur hafa að markmiði að dreifa verkefnum, ábyrgð og völdum í forystusveit flokksins. Þannig hefðu varaformaður og 2. varaformaður flokksins skýr verkefni og vettvang til að hrinda þeim í framkvæmd en verða að standa skil á sínum störfum gagnvart formanni flokksins. Það breytir því ekki að formaður flokksins er verkstjóri alls starfs á vegum flokksins. Hann þarf að tryggja að samræmi sé í starfi stofnana flokksins og verður því að hafa góða yfirsýn yfir allt starf á vegum flokksins. Í fyrstu var gert ráð fyrir að formaður flokksins sinnti verkstjórn eingöngu í gegnum stöðuumboð sitt en við vinnu Framtíðarnefndar varðandi framkvæmdastjórnina komu fram hugmyndir um að hún væri heppilegur vettvangur fyrir formann flokksins til að halda utan um allt starf flokksins. Þar sem öll forysta flokksins situr í framkvæmdastjórninni er það kjörinn vettvangur til að samræma starfið.

Því gerir Framtíðarnefnd tillögu um að framkvæmdastjórn beri ábyrgð á samræmingu flokksstarfsins og eflingu þess um allt land. Orðalagið “í umboði miðstjórnar” hefur verið tekið út þar sem formaður flokksins sækir umboð sitt til landsfundar og á ekki að þurfa umboð miðstjórnar til að sinna störfum sínum. Á sama grundvelli hefur verið tekin út áskilnaður um

að miðstjórn setji framkvæmdastjórn erindisbréf eða feli henni sérstök verkefni. Að lokum gerir tillaga Framtíðarnefndar ráð fyrir að fundargerðir framkvæmdastjórnar skuli lagðar fram á miðstjórnarfundum og fundum stjórnar flokksráðs. Með tilliti til samræmingarhlutverks framkvæmdastjórnar taldi Framtíðarnefnd þennan áskilnað eðlilegan enda rétt að viðkomandi stofnanir flokksins hafi sem besta vitneskju um áherslur og ákvarðanir framkvæmdastjórnar flokksins.

Starfsstöðvar

44. gr.

Í 21. gr. núgildandi skipulagsreglna undir kafla um miðstjórn er að finna umfjöllun um Valhöll, flokksskrifstofur og starfsmenn þeirra. Þar segir m.a. að aðalskrifstofa flokksins skuli vera í Reykjavík en miðstjórn geti sett upp flokksskrifstofur á sínum vegum víðar um land. Miðstjórn ráði framkvæmdastjóra flokksins svo og forstöðumenn miðstjórnarskrifstofa úti um land. Um val forstöðumanna miðstjórnarskrifstofa utan Reykjavíkur skal hafa samráð við viðkomandi kjördæmisráða. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk á aðalskrifstofu flokksins í samráði við miðstjórn. Framkvæmdastjóri og forstöðumenn miðstjórnarskrifstofa út um land skulu eigi ráðnir lengur en til 4 ára í senn.

Athugun Framtíðarnefndar leiddi í ljós að þessu ákvæði er ekki fylgt strangt eftir. Tillaga um framkvæmdastjóra er vissulega borin upp á miðstjórnarfundum en lítið hefur borið á samráði framkvæmdastjóra við miðstjórn þegar kemur að vali á starfsfólki þ.m.t. starfsmönnum skrifstofa út á landi. Nýleg dæmi sýna enn frekar að allur gangur er á því hvort samráð sé haft við kjördæmisráðin þegar kemur að vali á sérstökum starfsmönnum þeirra. Á sama hátt hafa stöður út á landi beinlínis verið lagðar niður án samráðs við miðstjórn eða kjördæmisráðin. Upplýsingar Framtíðarnefndar sýna einnig að starfsmenn flokksins eru flestir á ótímabundnum samningum og margir þeirra búnir að vera mun lengur en 4 ár þannig að sú regla er ekki höfð í heiðri.

Framtíðarnefnd gerir það að tillögu sinni að þjónustumiðstöð flokksins skuli vera í Reykjavík. Nefndinni fannst þjónustumiðstöð eiga mun betur við en aðalskrifstofa þar sem Valhöll á að þjóna flokksmönnum og aðildarfélögum.

Jafnframt kemur fram í tillögu Framtíðarnefndar að miðstjórn starfræki flokksskrifstofur víða um land og dreifi verkefnum á milli starfsstöðva. Í þessu orðalagi felst meiri skylda til að starfrækja flokksskrifstofur út á landi en í núgildandi skipulagsreglum. Á síðustu misserum hefur flokksskrifstofum út á landi verið fækkað og stöðugildi verið lögð niður eða flutt til Reykjavíkur. Framtíðarnefnd telur þessa þróun ekki vera heillavænlega; það skiptir öllu máli að starfsemi flokksins einskorðist ekki við höfuðborgarsvæðið. Tillagan gerir því ráð fyrir að flokksskrifstofur verði starfræktar út á landi.

Að lokum kemur fram að miðstjórn ráði framkvæmdastjóra flokksins svo og forstöðumenn starfsstöðva að fengnum tillögum stjórna viðkomandi kjördæmisráða. Framkvæmdastjóri ráði síðan starfsfólk á aðalskrifstofu flokksins. Ráðning framkvæmdastjóra er í samræmi við núgildandi skipulagsreglur. Það var hins vegar mat Framtíðarnefndar að það væri nauðsynlegt að miðstjórn kæmi að ráðningu forstöðumanna starfsstöðva flokksins út á landi. Reynslan hefur sýnt að ekki er alltaf haft samráð við þessar ráðningar þrátt fyrir skýran áskilnað í núgildandi skipulagsreglum og því er lagt til að miðstjórn staðfesti þessar ráðningar að fengnum tillögum viðkomandi kjördæmisráðs. Framtíðarnefnd leggur til að framkvæmdastjóri hafi fullt umboð til ráðningar starfsfólks Valhallar; það hefur verið vaninn til þessa og er

jafnframt í samræmi við þær hefðir sem þekkjast í öðrum félögum á landinu. Áskilnaður um 4 ára ráðningu starfsmanna hefur einnig verið tekinn út enda taldi nefndin ákvæðið óþarft.

Málefnanefndir

Almennt

Stjórnsmál ganga út á að vinna ákveðnum sjónarmiðum og hugmyndafræði fylgis ásamt því að koma áherslum sínum í framkvæmd. Styrkur hvers stjórnsmálaafls ræðst af málefna grunni þess. Um árabíl hafa málefnanefndir flokksins borið ábyrgð á málefnavinnu milli landsfunda; þær útbúa drög að málefnaályktunum sem síðan eru lagðar fyrir fundinn. Í vinnu Framtíðarnefndar urðu oft skarpar umræður um málefnanefndir flokksins og starfssemi þeirra. Helstu ábendingar sem nefndinni bárust voru eftirfarandi:

a. Seta í málefnanefndum væri lokuð almennum flokksmönnum

Margir lýstu þeirri skoðun sinni að val í málefnanefndir væri á fárra höndum og svolítill klíkustimpill yfir þeim. Skoðun Framtíðarnefndar í kjölfarið sýndi að starfsmenn Valhallar útbúa yfirleitt tillögu að nefndarmönnum sem forysta flokksins fer yfir, lagfærir og leggur síðan fyrir miðstjórn. Miðstjórn gerir sjaldan neinar athugasemdir við listann og hann er yfirleitt samþykktur athugasemdalaust. Það var mat margra að málefnanefndirnar þyrftu að vera opnar flokksmönnum, annað hvort með kosningu á landsfundi eða þá að sérhver flokksmaður gæti tekið þátt í starfinu.

b. Starfssemi málefnanefnda væri lokuð almennum flokksmönnum

Þau sjónarmið heyrðust að starf málefnanefndanna væri lokað almennum flokksmönnum. Ekkert heyrðist frá nefndunum fyrr en rétt fyrir landsfund en þá væri stundum boðið upp á opna fundi sem væru jafnvel sýndir beint á netinu. Flokksmenn voru almennt sammála um ágæti þess en vildu að þetta gerðist fyrr í ferlinu. Skoðun Framtíðarnefndar í kjölfarið leiddi í ljós að yfirleitt ætti þessi athugasemd ekki við rök að styðjast. Ástæðan fyrir því að fundir málefnanefnda eru eingöngu opnaðir og sýndir beint rétt fyrir landsfund er að yfirleitt hefur lítil sem engin starfssemi verið innan nefndarinnar fyrr en þá.

c. Málefnanefndirnar starfa eingöngu rétt fyrir landsfund

Í 22. gr. nügildandi skipulagsreglna kemur fram að málefnanefndir fjalli um afmörkuð málefni og skili álitserðum og tillögum til miðstjórnar. Einnig skulu þær undirbúa drög að ályktunum fyrir landsfund og alþingiskosningar. Óhætt er að segja að mikil óánægja hafi verið á meðal flokksfólks með þá staðreynd að málefnanefndirnar sinna einungis hluta þessara verkefna og starfa ekki reglulega heldur fer starfið í þeim í gang rétt fyrir landsfund. Framtíðarnefnd kannaði málið sérstaklega og sú skoðun leiddi í ljós að því fer fjarri að málefnanefndir flokksins fjalli um afmörkuð málefni, komi að drögum að ályktunum fyrir alþingiskosningar eða vinni reglulega að málefnaályktunum flokksins. Þvert á móti eru þær iðulega kallaðar fyrst saman þegar landsfundur nálgast. Þannig hafa örfáar nefndir verið virkar frá síðasta landsfundi og eiginlegt málefna starf flokksins hófst ekki fyrr en undir lok sumars þegar búið var að boða til landsfundar þann 17. nóvember 2011. Nefndin tekur undir rök margra sem komu að vinnunni varðandi það að í núverandi ástandi hafi verið full þörf á því að málefnanefndir væru að vinna baki brotnu að því að koma fram með hugmyndir og tillögur að úrbótum.

Reyndar er rétt að geta, í þessu samhengi, að það er ekki við málefnanefndirnar sjálfar að sakast hvað þetta varðar. Það heyrir til algjörra undantekninga ef miðstjórn eða aðrir hafi reynt að nýta málefnanefndirnar til að aðstoða kjörna fulltrúa í sinni vinnu, miðstjórn felur þeim engin afmörkuð málefni og engin hefur samband þegar alþingiskosningar nálgast. Það hefur einfaldlega skort á nauðsynlegar tengingar og samvinnu á þessu sviði til að stilla saman krafta flokksmanna í stjórnmalabaráttu flokksins.

d. Engin verkstjórn eða leiðbeiningar

Samtöl Framtíðarnefndar við fólk sem tekur eða hefur tekið þátt í störfum málefnanefnda leiddi í ljós að mikið vantar upp á samræmingu, stefnumótun, verkstjórn og leiðbeiningar til málefnanefnda. Í 22. gr. nógildandi skipulagsreglna kemur fram að miðstjórn setji málefnanefndum starfsreglur en fáir sem Framtíðarnefnd ræddi við könnuðust við að hafa séð þær.

Í dag er nánast eina verkefni málefnanefnda að undirbúa drög að landsfundaályktunum og þær ráða sér sjálfar við það verkefni. Það er ekki fyrr en undir lok vinnu þeirra sem einhver sýnir afrakstrinum áhuga en þá er farið yfir drögin og samræming á sér stað.

Skoðun Framtíðarnefndar leiddi einnig í ljós að frumkvæði málefnanefnda að fundum um ákveðin málefni líðandi stundar hefur stundum mætt áhugaleysi forystu og skrifstofu flokksins. Dæmi eru um tilvik þar sem slíkt frumkvæði var beinlínis brotið niður og viðkomandi málefnanefnd tjáð að viðkomandi fundarhald væri ekki inn á þeirra verksviði.

e. Áhugaleysi kjörinna fulltrúa

Miðstjórn hefur yfirleitt kosið einn alþingismann til að sitja í hverri nefnd og vera tengiliður á milli málefnavinnunnar og þingflokksins. Viðtöl Framtíðarnefndar við fólk sem tekur eða hefur tekið þátt í starfi málefnanefnda sýndi glöggt að það vantar mikið upp á áhuga kjörinna fulltrúa til að taka þátt í málefnastarfinu. Kjörnir fulltrúar mættu iðulega seint og illa. Það heyrði til undantekninga ef þeir komu með málefni líðandi stundar inn á fundina og fáheyrt að þeir bæðu nefndina um að aðstoða sig. Upplifun margra í málefnanefndunum var að kjörnir fulltrúar litu á það sem leiðinlegt skylduverk að mæta á fundi málefnanefnda og leggðu fátt af mörkum.

Það er óhætt að segja að Framtíðarnefnd hafi orðið vör við ríka kröfu um að málefnastarfið verði gert að þungamiðju flokkstarfsins – vettvangi þar sem þingmenn og sveitarstjórnarmenn sækja hugmyndir og samræðu við flokkinn. Framtíðarnefnd tekur undir þessa kröfu og bera tillögur hennar mið af því.

Í nógildandi skipulagsreglum er einungis minnst á málefnanefndir í einni stuttri grein. Það vekur furðu Framtíðarnefndar að jafn mikilvægum hluta flokksstarfsins séu gerð svo lítil skil. Að mati Framtíðarnefndar má rekja hluta vandamála málefnastarfsins til þess að umboð og verkstjórn er afar óskýr í nógildandi fyrirkomulagi.

Samkvæmt nágildandi skipulagsreglum eru málefnanefndir skipaðar af miðstjórn og starfa í umboði hennar. Þetta fyrirkomulag vakti einnig furðu innan nefndarinnar. Miðstjórn ber samkvæmt skipulagsreglunum ábyrgð á framkvæmdastjórn flokksins en það er flokksráð sem samkvæmt skipulagsreglunum á að marka stjórnámálastefnu flokksins, ef ekki liggja fyrir ákvarðanir landsfundar. Málefnastarf fellur klárlega undir stjórnámálastefnu og með þessu fyrirkomulagi í nágildandi skipulagsreglum er miðstjórn í raun falið að ganga inn í hlutverk flokksráðs innan skipulags flokksins.

Framtíðarnefnd fór ítarlega yfir þær athugasemdir sem bárust og lagði heildstætt mat á þær. Nefndin tekur undir að það sé nauðsynlegt að málefnanefndirnar starfi allt árið um kring og séu tengdari kjörnum fulltrúum og þeim verkefnum sem þeir kljást við daglega. Það er jafnframt mat nefndarinnar að það sé nauðsynlegt að verkstjórn og leiðbeiningar séu skýrar; það verður að liggja fyrir hver ber ábyrgð á hverjum einasta þætti í málefnastarfinu.

Tillögur Framtíðarnefndar markast af því að það var eindregið skoðun innan nefndarinnar að öflugt málefnastarf væri grunnforsenda fyrir því að flokkurinn gæti þrífist áfram um ókomna tíð. Málefnastarfið væri í raun fjöregg flokksins og því þyrfti að búa þannig um hnútana að það yrði þungamiðja flokksstarfsins. Þar sem skipulag málefnastarfsins hefur til þessa verið á ábyrgð miðstjórnar og verið afar losaralegt taldi nefndin nauðsynlegt að koma með afgerandi tillögur varðandi skipulag og uppbyggingu málefnastarfs. Þær tillögur koma fram í 42. – 43. gr. tillagna Framtíðarnefndar og er umfjöllun um þær greinar eftirfarandi:

45. gr.

Í nágildandi 22. gr. skipulagsreglna Sjálfstæðisflokksins segir að miðstjórn skipi málefnanefndir til að fjalla um afmörkuð málefni og skulu þær skila álitserðum sínum og tillögum til miðstjórnar. Þar kemur einnig fram að málefnanefndir undirbúi drög að ályktunum fyrir landsfundi og alþingiskosningar og leggi fyrir miðstjórn. Miðstjórn setji síðan málefnanefndunum starfsreglur.

Framtíðarnefnd gerir tillögu um að málefnastarfið verið sett inn í skipulagsreglurnar í 45. og 46. gr. og það heyri undir flokksráð. Í 1. mgr. 45. gr. kemur fram að innan flokksins skulu starfa málefnanefndir í umboði flokksráðs. Þær hafa umsjón með og skipuleggja málefnastarf Sjálfstæðisflokksins, fjalla um afmörkuð málefni og skulu skila álitserðum sínum og tillögum til landsfundar og/eða flokksráðs. Þessi málsgrein í tillögunni gengur út á að skapa ramma utan um málefnanefndirnar. Þær heyra undir flokksráð og leggja tillögur sínar undir ráðið og/eða stjórn flokksráðs annars vegar og hins vegar landsfund.

Í 2. mgr. eru verkefni málefnanefnda skilgreind enn frekar en þar segir að þær undirbúi einnig drög að ályktunum fyrir landsfundi og alþingiskosningar og leggi fyrir miðstjórn. Málefnanefndir skulu skipaðar með hliðsjón af nefndaskipan Alþingis á hverjum tíma. Skal

vera ein málefnanefnd fyrir hverja fastanefnd Alþingis en heimilt er að skipa undirnefndir um einstök málefni og skipa þeim formann.

Í þessari málsgrein felast stærstu breytingar Framtíðarnefndar á málefnnastarfi Sjálfstæðisflokksins. Verði tillögur nefndarinnar samþykktar er eftirfarandi verkefni málefnanefnda Sjálfstæðisflokksins:

a. Drög að landsfundarályktunum

Að vanda er gert ráð fyrir að málefnanefndir undirbúi drög að ályktunum landsfundar. Það er hins vegar von Framtíðarnefndar að sökum aukinnar ábyrgðar málefnanefndarinnar og meiri samvinnu við kjörna fulltrúa þá muni vinnan við þetta verkefni verða samfelldari og reglulegri á milli landsfunda.

b. Drög að stefnuskrá fyrir alþingiskosningar

Reynslan sýnir að þegar kemur að ritun stefnuskrár fyrir kosningar er lítið sem ekkert leitað til málefnanefnda. Kosningastjórn ásamt starfsmönnum Valhallar fara yfirleitt yfir landsfundarályktanirnar og nýta sem grunn að kosningastefnuskrá. Miðað við þá sérþekkingu sem yfirleitt er að finna innan málefnanefnda þá er þarna vannýttur vettvangur til að aðstoða og koma með hugmyndir í einstökum málaflokkum.

c. Álitsgerðir fyrir landsfund eða flokksráð

Í samræmi við núgildandi skipulagsreglur gera tillögur Framtíðarnefndar ráð fyrir að landsfundur, flokksráð og stjórn flokksráðs geti óskað eftir áliti málefnanefndar á ákveðnu málefni. Það er mat nefndarinnar að Sjálfstæðisflokkurinn þurfi að nýta þessa heimild. Það mun skerpa viðbragðskraft flokksins þegar óvænt mál koma upp í þjóðfélaginu sem landsfundarályktanir ná ekki yfir eða ef vafi leikur á túlkun landsfundarályktana. Þá getur viðkomandi málefnanefnd lagt sitt af mörkum til að skýra ágreiningsefnið áður en flokksráð eða framkvæmdastjórn flokksráðs tekur formlega afstöðu í málinu.

d. “Skuggaráðuneyti” flokksins.

Gerð er tillaga um að hver málefnanefnd fylgi ákveðinni fastanefnd Alþingis og verði í raun “skuggaráðuneyti” Sjálfstæðisflokksins í viðkomandi

málaflokki. Hver nefnd starfi að þeim málefnum sem bera hæst hverju sinni og aðstoði kjörna fulltrúa flokksins í sínum störfum. Með þessu verða málefnanefndirnar virkari allt árið um kring og verða betur í stakk búnar til að taka á málefnum líðandi stundar. Eins og kemur fram í 46. gr. þá eru allir kjörnir fulltrúar í viðkomandi fastanefnd þingsins einnig fulltrúar í stjórn viðkomandi málefnanefndar.

Í 3. mgr. tillagna Framtíðarnefndar er áréttað að allir flokksmenn eiga rétt til þess að taka þátt í störfum málefnanefnda. Nánar verður fjallað um skipulag málefnnastarfsins í umfjöllun um 46. gr. tillagna nefndarinnar.

46. gr.

Í 46. gr. tillagna Framtíðarnefndar kemur fram að á landsfundi skuli kjósa fimm fulltrúa í stjórnir málefnanefnda. Sá sem flest atkvæði hlýtur í kjörinu er formaður nefndarinnar. Allir flokksmenn geta boðið sig fram til stjórnarsetu í málefnanefndum. Þar kemur einnig fram að þingflokkur skipar þingmenn viðkomandi fastanefnda og sveitarstjórnarráð skipar einn fulltrúa úr sínum röðum í stjórn hvernar málefnanefndar.

Verði tillögur Framtíðarnefndar samþykktar verður skipulag málefnnastarfs Sjálfstæðisflokksins með eftirfarandi hætti:

a. Flokksráð

Samkvæmt 11. gr. tillagna Framtíðarnefndar hefur flokksráð úrskurðarvald um allt málefnnastarf Sjálfstæðisflokksins og ber að tryggja að öll starfsemi sé í samræmi við samþykktir hans, stefnuskrá og ályktanir landsfunda. Í raun mun verklagið líklega verða þannig að flokksráð taki ákvarðanir á árlegum fundum sínum en stjórn flokksráðs og málefnanefndir sjá um málefnnastarfið á milli flokksráðsfunda. Ekki er útilokað að flokksráð verði kallað sérstaklega saman til umræðu og ákvarðana varðandi málefnnastarfið.

b. Stjórn flokksráðs

Samkvæmt 15. gr. tillagna Framtíðarnefndar verður skipuð stjórn flokksráðs. Hún er undir formennsku varaformanns flokksins og í henni sitja auk hans formenn allra málefnanefnda. Stjórnin ber ábyrgð á verkefnum flokksráðs og málefnnastarfinu milli flokksráðsfunda.

c. Stjórnir málefnanefnda

Eins og fjallað var um hér að ofan þá eru fimm einstaklingar kosnir af landsfundi í stjórn hvernar málefnanefndar og sá sem flest atkvæði hlýtur verður formaður nefndarinnar. Jafnframt munu þingmenn flokksins í sambærilegri fastanefnd á Alþingi ásamt einum kosnum af sveitarstjórnarráði sitja í stjórn hvernar málefnanefndar. Stjórn málefnanefndar ákveður verklag

og verkefni nefndarinnar. Það er jafnframt von Framtíðarnefndar að þessi beina tenging við kjörna fulltrúa muni leiða til þess að málefnanefndirnar muni í ríkari mæli taka til umfjöllunar mál líðandi stundar og aðstoða kjörna fulltrúa í störfum sínum.

d. Málefnanefndir

Stjórn málefnanefnda skipuleggur fundi hverrar málefnanefndar og er gert ráð fyrir því að þeir séu opnir öllum flokksmönnum. Þannig geta allir flokksmenn látið að sér kveða í málefnaástarfinu, mætt á fundi, tekið þátt í því eða komið með ábendingar um þau atriði sem þeir telja að skipti máli.

Fjármál

Almennt

Í gegnum tíðina hefur mikil leynd hvílt yfir fjármálum stjórnmalasamtaka á Íslandi og er Sjálfstæðisflokkurinn þar ekki undanskilinn. Staða fjármála var oft einungis ljós formanni flokksins og framkvæmdastjóra. Þetta breyttist árið 2007 með lögum um stjórnmalaflokka en þá var stjórnmalasamtökum skylt að skila reikningum til Ríkisendurskoðunar sem birti þá opinberlega ásamt lista yfir styrktarmenn.

Lögin tryggðu stjórnmalaflokkum einnig árleg framlög frá ríki og sveitarfélögum og settu þak á möguleg fjárframlög einstaklinga og lögaðila til stjórnmalasamtaka. Reynslan hefur hins vegar sýnt að opinber framlög eru ekki nóg og standa í flestum tilvikum ekki straum af rekstri stjórnmalaflokka og er því önnur fjáröflun þeim nauðsynleg til starfa sinna.

Til þessa hefur fjáröflun Sjálfstæðisflokksins skipst í tvennt:

Annars vegar í gegnum styrktarmannakerfi flokksins sem byggist á því að flokksmenn greiða til flokksins mánaðarlega ákveðna fjárhæð sem þeir ákveða sjálfir hver er. Yfirleitt skrá flokksmenn þátttöku sína í styrktarmannakerfinu í gegnum heimasíðu flokksins en það þekkist einnig að skrifstofa flokksins fari í sérstakt átak til að fjölga styrktarmönnum eða fá þá sem fyrir eru í þeim hópi til að auka framlög sín.

Hins vegar í gegnum beiðnir til einstaklinga og lögaðila um stuðning við flokksstarfið. Slíkar beiðnir eru yfirleitt unnar á vegum fjármálaráðs flokksins en það vakti athygli nefndarinnar að ráðið hefur aldrei hist eftir skipun þess fyrir rúmu ári síðan. Nýlega var bryddað upp á þeirri nýbreytni að vera með einn fastan starfsmann í Valhöll sem sinnir fjáröflun.

Skoðun Framtíðarnefndar leiddi í ljós að það er margt í núverandi skipulagi sem gerir ekki ráð fyrir þeim breytingum sem urðu við setningu laga um fjármál stjórnmalaflokka. Þannig eru vinnubrögðin að mörgu leyti í takt við þá leyndarhyggju sem ríkti fyrir 2007 þar sem allt var gert til að sem fæstir gerðu sér grein fyrir heildarmynd fjármála. Þetta lýsir sér í eftirfarandi:

- a. Fjármálaráð hefur engin afskipti af styrktarmannakerfi flokksins þrátt fyrir að bera ábyrgð á fjármálunum hans skv. skipulagsreglum.
- b. Fjármálaráð tekur ekki reikninga flokksins til afgreiðslu þrátt fyrir að bera ábyrgð á fjármálum skv. skipulagsreglum.

- c. Miðstjórn ræðir nánast aldrei reikninga flokksins, styrktarmannakerfið og starfsemi fjármálaráðs þrátt fyrir skýran áskilnað um slíka upplýsingagjöf í skipulagsreglunum.

Samkvæmt núverandi verklagi er framkvæmdastjóri flokksins eini einstaklingurinn í flokknum sem hefur heildarsýn yfir fjármál og ráðstöfun fjármuna í flokksstarfinu. Það skýtur skökku við að halda flokksfólki í myrkri þegar hver sem er getur náð í reikninga flokksins á netinu og séð meginþætti fjármála t.d. tekjur, gjöld eignir, skuldir og eigið fé. Þessar upplýsingar gefa vissulega ekki mynd af ráðstöfun fjármuna heldur veita einungis yfirsýn yfir heildarstöðuna. Það er hægt að færa sannfærandi rök fyrir því að miðstjórn og fjármálaráð þyrftu einmitt að hafa aðgang að upplýsingum um ráðstöfun fjármála til að geta sinnt skyldum sínum. Að mati Framtíðarnefndar er kominn tími til að breyta verklaginu innan flokksins í takt við nýja tíma og láta af leyndarhyggju þegar kemur að fjármálum flokksins. Nefndin telur hins vegar að ákvæði núgildandi skipulagsreglna séu fullnægjandi og einungis sé nauðsynlegt að fylgja þeim eftir.

Tillögur Framtíðarnefndar um fjármál koma fram í 47. – 49. gr. og eftirfarandi er umfjöllun um þær.

47. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að miðstjórn skipi fjármálaráð, sem hafi með höndum fjármál flokksins. Þar kemur jafnframt fram að í fjármálaráði geta setið allt að 30 fulltrúar. Þessi grein er samhljóða 25. gr. núgildandi skipulagsreglna að öðru leyti en því að Framtíðarnefnd leggur til fjölgun fulltrúa ráðsins frá 20 upp í 30.

48. gr.

Í 48. gr. kemur fram að miðstjórn skipi formann fjármálaráðs en ráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum. Þessi grein er efnislega samhljóða 26. gr. núgildandi skipulagsreglna.

49. gr.

Í þessari grein kemur fram að miðstjórn setur fjármálaráði starfsreglur. Fjármálaráð skal skipað að loknum hverjum almennum þingkosningum. Það skal gera miðstjórn grein fyrir störfum sínum árlega. Þessi grein er efnislega samhljóða 27. gr. núgildandi skipulagsreglum.

Skoðun Framtíðarnefndar leiddi í ljós að mikill brestur er á því að þessari grein sé fylgt eftir. Engar nýlegar starfsreglur eru til staðar og fjármálaráð gerir miðstjórn ekki grein fyrir störfum sínum árlega. Það er því ljóst að mikið vantar upp á að skipulagsreglunum sé fylgt þegar kemur að fjármálum flokksins.

Upplýsinga- og fræðslumál

Almennt

Upplýsinga- og fræðslunefnd var sett á laggirnar seint á tíunda áratug síðustu aldar. Markmiðið var að bregðast við hinni öru tækniþróun sem var að breyta öllu lífsmynstri á landinu. Óhætt er að segja að með stofnun nefndarinnar á sínum tíma hafi flokkurinn sýnt mikla forsjálni varðandi þær breytingar sem í vændum voru. Á fyrstu árunum sem nefndin var starfrækt var hún mjög virk og hittist reglulega. Þegar kom að tæknimálum flokksins lét nefndin til sín taka í vefmálum flokksins, flokksskránni og netfangasöfnun. Jafnframt tók hún kynningarmál flokksins upp á sína arma, skipulagði opna fundi og ræddi útgáfumál. Í samræmi við fræðsluhlutverk sitt þá endurskoðaði nefndin starfsemi Stjórnmalaskólans. Í raun var nefndin eins konar hugveita þar sem upp spruttu nýjar hugmyndir í flokksstarfinu og þrátt fyrir að ekki yrðu allar hugmyndirnar að veruleika þá efast fáir um gagnsemi starfsins sem þar var unnið.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá. Í seinni tíð hefur lítill kraftur verið í starfi nefndarinnar og stundum hefur hún einungis verið til á blaði. Upp á síðkastið hefur nefndin þó komið reglulega saman en lítið fer fyrir eiginlegum tillögum. Þetta er miður því þróun tækniframfara sem hægt er að nýta í flokksstarfinu er síður en svo lokið. Að sama skapi er óhætt að segja að ætíð sé þörf á frjórri umræðu og tillögum varðandi upplýsinga- og fræðslumál.

Við umræðu um starfsemi nefndarinnar komu margar athugasemdir varðandi kynningarmál flokksins. Margt flokksfólk var þeirrar skoðunar að þeim væri verulega ábótavant og sjónarmið flokksins skiluðu sér illa inn í umræðuna. Þessi sjónarmið voru meira áberandi á meðan Sjálfstæðisflokkurinn var í ríkisstjórn en hafa síður en svo horfið. Skoðun Framtíðarnefndar leiddi í ljós að í gegnum tíðina hefur afstaða skrifstofu flokksins verið sú að kjörnir fulltrúar séu best til þess fallnir að koma sér og sínum hugðarefnum á framfæri. Þannig var lengi vel enginn sérstakur starfsmaður innan Valhalar í kynningarmálum. Nýlega var hins vegar gerð sú breyting að ráðinn var sérstakur starfsmaður til að sinna þessu hlutverki. Framtíðarnefnd telur að það megi færa sannfærandi rök fyrir því að kjörnir fulltrúar þurfi hjálp í kynningarmálum og einn starfsmaður skrifstofu flokksins sé ekki nóg í þeim efnum. Eru því gerðar breytingar á kynningarmálum flokksins og þau færð undir upplýsinga- og fræðslunefnd.

Eftirfarandi er umfjöllun Framtíðarnefndar um ákvæði tillagna um upplýsinga- og fræðslunefnd:

50. gr.

Í fyrstu málsgrein þessarar greinar kemur fram að miðstjórn skipi fimm manna upplýsinga- og fræðslunefnd, sem sjái um kynningarmál flokksins. Nefndin vinnur jafnframt að tillögum og áætlunargerð á sviði fræðslumála og upplýsingamála jafnt innan flokksins og á almennum vettvangi samkvæmt erindisbréfi sem miðstjórn setur. Þessi grein er efnislega samhljóða 28. gr. núgildandi skipulagsreglna fyrir utan að kynningarmálum er bætt við.

Það var mat Framtíðarnefndar að full þörf væri á því að færa kynningarmálin undir upplýsinga- og fræðslunefnd. Dæmi frá fyrri tíð sína að hún gat sinnt því hlutverki afar vel ásamt skyldum sínum gagnvart upplýsinga- og fræðslumálum. Gert er ráð fyrir að nefndin

skipi undirnefndir t.d. á sviði greinaskrifa, stjórnmalabarattu á internetinu, funda- og útgáfumála. Þannig sé hægt að koma kynningarmálum í fastar skorður.

Í 2. mgr. 50. gr. kemur fram að upplýsinga- og fræðslunefnd geti skipað undirnefndir um einstaka málaflökka inn á verksviði hennar. Allir flokksmenn geti boðið sig fram til embætta í undirnefndunum. Nefndin skal einnig halda reglulega opna fundi þar sem öllum flokksmönnum er gefinn kostur á því að taka þátt í verkefnum og starfi nefndarinnar. Framtíðarnefnd taldi nauðsynlegt að upplýsinga- og fræðslunefnd hefði heimild til að skipa undirnefndir. Miðað við umfang verkefna sem liggja fyrir nefndinni er ljóst að þörf er á slíkum undirnefndum, sérstaklega með tilliti til þess hvað kynningarmál eru orðin margslungin. Framtíðarnefnd taldi einnig nauðsynlegt að almennir flokksmenn hefðu aðgang að starfi nefndarinnar, gætu komið sjónarmiðum sínum á framfæri og hjálpað til. Þess vegna er lagt til að öllum flokksmönnum sé gefinn kostur á því að taka þátt í starfi undirnefnda og að upplýsinga- og fræðslunefnd skuli halda reglulega opna fundi með öllum flokksmönnum.

Rétt er að geta þess að í nógildandi skipulagsreglum er þetta eina umfjöllunin um upplýsinga- og fræðslunefnd. Í tillögum Framtíðarnefndar sem fjallað er um í 51. og 52. gr. er hlutverk nefndarinnar víkkað út.

51. gr.

Í 51. gr. kemur fram að upplýsinga- og fræðslunefnd starfræki Stjórnmalaskóla Sjálfstæðisflokksins. Stjórnin skal marka skólanum stefnu og vera tengiliður við flokksfélög um kennslu á vegum skólans. Skólinn skal m.a. halda námskeið um skipulag Sjálfstæðisflokksins, ræðumennsku, fundarsköp, greinaskrif, markaðssetningu og netmiðlun. Nefndin skal sjá til þess að námskeið á vegum skólans verði í boði um allt land.

Þessi grein er ný í skipulagsreglunum. Undanfarin ár hefur fræðslustarfsemi flokksins einskorðast við tvær einingar innan hans:

Annars vegar í gegnum Stjórnmalaskóla Sjálfstæðisflokksins en hann heldur að jafnað eitt námskeið á ári fyrir nokkra tugi áhugasamra einstaklinga. Umsjón hans hefur verið í höndum starfsmanna Valhallar en ekkert er minnst á hann í nógildandi skipulagsreglum. Á námskeiðum hans eru helstu stefnumál tekin fyrir, skipulag flokksins, ræðumennska og greinaskrif. Það hefur sýnt sig að skólinn er kjörin leið til að kynna nýtt fólk fyrir flokknunum og hefur margt öflugt fólk stigið sín fyrstu skref í starfinu í stjórnmalaskólanum.

Hins vegar í gegnum málfundarfélagið Óðinn í Reykjavík en síðustu ár hefur félagið haldið mörg stutt námskeið þar sem ræðumennska og fundarsköp eru tekin sérstaklega fyrir. Þessi námskeið eru sjálfsprottin innan félagsins og hafa mælst vel fyrir.

Með því að færa skólastjórnina úr Valhöll yfir í upplýsinga- og fræðslunefnd er það von Framtíðarnefndar að allt fræðslustarf innan flokksins verði öflugra fyrir vikið. Upplýsinga- og fræðslunefnd hefur yfirumsjón og samræmingarhlutverk gagnvart öllu fræðslustarfi og getur því t.d. nýtt það góða starf sem Óðinn er að vinna af hendi í Reykjavík.

52. gr.

Í þessari grein er áréttað að allir flokksmenn eigi að geta tekið þátt í starfi Sjálfstæðisflokksins óháð dvalarstað. Upplýsinga- og fræðslunefnd hefur forgöngu um uppbyggingu á þessu sviði.

Þessi grein er ný í skipulagsreglunum. Eins og hefur marg oft komið fram er það eindregin krafa landsbyggðarfólks að möguleikar þeirra á því að taka þátt í starfinu séu bættir, annað hvort með því að færa fleiri fundi út á land eða með tæknilegum lausnum. Þessi grein undirstrikar þá áherslu og setur hluta ábyrgðarinnar yfir á upplýsinga- og fræðslunefnd að hafa forgöngu um uppbyggingu á því sviði.

IV. kafli Framboð á vegum Sjálfstæðisflokksins

Í nógildandi skipulagsreglum er fjallað um þingframboð í XIV. kafla, sveitarstjórnarframboð í XV. kafla og prófkjör í XVI. kafla. Framtíðarnefnd gerir það að tillögu sinni að þessir kaflar verði sameinaðir í IV. kafla tillagna nefndarinnar.

Framtíðarnefnd fór ítarlega yfir nógildandi reglur og komst að því að þær hefðu að mestu staðist tímans tönn. Af þeim sökum eru ekki lagðar til neinar veigamiklar breytingar á fyrirkomulagi framboða á vegum Sjálfstæðisflokksins.

Eina breytingin sem Framtíðarnefnd gerir lýtur að vali á framboðslista á vegum flokksins. Mikil umræða var í starfi nefndarinnar um hvernig því vali skyldi háttað og sitt sýndist hverjum. Flestir töldu prófkjörin hafa sannað gildi sitt en aðrir voru efins. Þau sjónarmið heyrðust að það væri óeðlilegt að nógildandi skipulagsreglur minntust eingöngu á prófkjör en fjölluðu ekki um aðrar leiðir við val á framboðslista. Án þess að taka neina afstöðu til þess hvaða fyrirkomulag er heppilegast þá tekur Framtíðarnefnd undir þessi sjónarmið og gerir tillögu að nýjum ákvæðum sem taka á uppstillingu og röðun á framboðslista. Jafnframt gerir Framtíðarnefnd smávægilegar breytingar á ákvæðinu um prófkjör.

Eftirfarandi er umfjöllun um tillögur Framtíðarnefndar varðandi framboð á vegum Sjálfstæðisflokksins:

Um þingframboð

53. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að kjördæmisráð ákveði framboðslista flokksins við kosningar til Alþingis. Þessi grein er samhljóða fyrstu setningu 53. gr. nógildandi skipulagsreglna

Um sveitarstjórnarframboð

54. gr.

Í 54. gr. kemur fram við framboð flokksins til sveitarstjórnarkosninga gildi eftirfarandi reglur:

- a) Í sveitarfélögum þar sem fulltrúaráð starfa skulu framboð ákveðin af þeim.
- b) Í sveitarfélögum þar sem ekki er starfandi fulltrúaráð skulu framboð ákveðin af því sjálfstæðisfélagi sem þar starfar.
- c) Þar sem fulltrúaráð eða sjálfstæðisfélög ná yfir fleiri en eitt sveitarfélag skal atkvæðisréttur um framboð aðeins heimill þeim, sem lögheimili eiga innan þess sveitarfélags, sem kjósa skal í.

Þessi grein er samhljóða 1. mgr. 55. gr. nógildandi skipulagsreglna.

Um framboðslista

55. gr.

Í þessari grein kemur fram að þegar ákveða skal framboðslista, skal til þess fundar boðað í samræmi við reglur kjördæmis- eða fulltrúaráðs. Til þess að listi sé lögmætur, þarf samþykki meirihluta fundarmanna. Skylt er að hafa leynilega atkvæðagreiðslu, ef þess er óskað. Staðfestingu miðstjórnar þarf á framboðslista, svo að hann verði fram borinn í nafni flokksins.

Þessi grein er samhljóða 53. gr. og 54. gr. nógildandi skipulagsreglna. Eina breytingin er sú að í nógildandi skipulagsreglum er áskilnaður um samþykki miðstjórnar á framboðslista einungis bundinn við framboðslista við kosningar til Alþingis en ekki vegna sveitarstjórnarkosninga. Framtíðarnefnd taldi fátt styðja það fyrirkomulag; framboðslistar til sveitarstjórna eru jafn mikilvægir flokksnum og framboðslistar við kosningar til Alþingis.

Uppstilling framboðslista

56. gr.

Þessi grein er ný í skipulagsreglunum. Í 1. mgr. 56. gr. er kveðið á um að kjördæmisráð og fulltrúaráð geta ákveðið að kjósa uppstillingarnefnd sem hafi það hlutverk að gera tillögu um skipan framboðslista flokksins við alþingis – eða sveitarstjórnarkosningar. Slík ákvörðun þarf að hljóta samþykki 2/3 hluta fundarmanna og gildir einungis fyrir einn framboðslista í senn.

Þessi grein er sett inn í samræmi við þá ákvörðun Framtíðarnefndar að tiltaka fleiri leiðir en prófkjör við val á framboðslista. Ákvæðið gerir ráð fyrir sömu málsmeðferðarreglur varðandi prófkjör og röðun á framboðslista þ.e. samþykki 2/3 hluta fundarmanna og gildir einungis fyrir einn framboðslista í senn.

Í 2. mgr. 56. gr. kemur fram að tillaga uppstillingarnefndar um skipan framboðslista skuli lögð fyrir til afgreiðslu á fundi kjördæmis- eða fulltrúaráðs sem skulu skipuð bæði aðal- og varamönnum. Einfaldur meirihluti atkvæða nægir til að samþykkja listann. Miðstjórn setur samræmdar framkvæmdareglur um uppstillingu framboðslista á vegum flokksins.

Áskilnaðurinn um aðal- og varamenn er settur inn til að tryggja að sem flestir innan viðkomandi kjördæmis- eða fulltrúaráðs geti tekið þátt í valinu á listann. Að lokum er gert ráð fyrir að miðstjórn setji sambærilegar reglur um uppstillingu framboðslista og um prófkjör á vegum flokksins.

Röðun á framboðslista

57. gr.

Þessi grein er einnig ný í skipulagsreglunum. Í 1. mgr. þessarar greinar kemur fram að kjördæmisráð og fulltrúaráð geta ákveðið að boða fund þar sem ráðað verði upp framboðslista fyrir alþingis- eða sveitastjórnarkosningar. Slík ákvörðun þarf að hljóta samþykki 2/3 hluta fundarmanna og gildir einungis fyrir einar kosningar í senn.

Þessi grein er sett inn í samræmi við þá ákvörðun Framtíðarnefndar að tiltaka fleiri leiðir en prófkjör við val á framboðslista. Ákvæðið gerir ráð fyrir sömu málsmeðferðarreglum og varðandi prófkjör og uppstillingu á framboðslista þ.e. samþykki 2/3 hluta fundarmanna og gildir einungis fyrir einn framboðslista í senn.

Í 2. mgr. segir að kjördæmisráð eða fulltrúaráð skuli skipað bæði aðal- og varamönnum á fundi sem raðar upp framboðslista skv. þessari grein. Á þeim fundi skal gengið til kosninga meðal fundarmanna um eins mörg sæti á listanum og ákveðið hefur verið að bjóða fram. Byrjað er á því að kjósa um 1. sætið. Þegar ljóst er hver skipar það sæti er óskað eftir framboðum um 2. sæti. Þar geta þeir sem ekki hlutu kosningu í 1. sætið tekið áfram þátt með framboði sínu til næsta sætis o.s.frv. Miðstjórn setur samræmdar framkvæmdareglur um röðun á framboðslista flokksins.

Á sama hátt og með uppstillingu á framboðslista þá er áskilnaður um aðal- og varamenn settur inn til að tryggja að sem flestir innan viðkomandi kjördæmis- eða fulltrúaráðs geti tekið þátt í uppröðuninni. Fyrirkomulag kosninganna er einfalt og þarfnast ekki skýringa. Að lokum er gert ráð fyrir að miðstjórn setji sambærilegar reglur um röðun á framboðslista og um prófkjör á vegum flokksins.

Um prófkjör

58. gr.

Í 58. gr. tillagna Framtíðarnefndar er fjallað um prófkjör. Þar kemur fram að ákvörðunarvald um prófkjör er ávallt í höndum kjördæmisráðs við framboð til alþingiskosninga, en í höndum fulltrúaráða vegna framboða til sveitarstjórnarkosninga. Á sama fundi er heimilt að taka ákvörðun um að víkja tímabundið frá reglum b-liðar 5. gr. fram að prófkjöri. Slíkar ákvö arðanir þurfa að hljóta samþykki 2/3 hluta fundarmanna og gildir einungis fyrir einar kosningar í senn. Miðstjórn flokksins setur samræmdar framkvæmdareglur um prófkjör vegna framboða til Alþingis og sveitarstjórna sem gilda skulu þar sem prófkjör eru ákveðin.

Miklar umræður voru í Framtíðarnefnd um þetta ákvæði. Prófkjör hafa mikið verið nýtt til að ákveða framboðslista Sjálfstæðisflokksins til alþingis- og sveitarstjórnarkosninga. Óumdeilt er að prófkjör hafa verið griðarlega mikilvæg í starfi flokksins.

Í 2. mgr. 56. gr. nógildandi skipulagsreglna kemur fram að ákvörðun um prófkjör skuli ávallt vera í höndum kjördæmisráða við framboð til alþingiskosninga en í höndum fulltrúaráða vegna framboða til sveitarstjórnarkosninga. Framtíðarnefnd gerir tillögu um að halda þessum áskilnaði óbreyttum en, í samræmi við málsmeðferð þegar uppstilling eða uppröðun er ákveðin, gerir tillögu um að slík ákvörðun þurfi að hljóta 2/3 atkvæða á fundinum.

Í 1. mgr. 56. gr. nógildandi skipulagsreglna kemur fram að miðstjórn flokksins setji reglur um prófkjör vegna framboða til Alþingis og sveitarstjórna. Í 3. mgr. sömu greinar segir að miðstjórn setji samræmdar framkvæmdareglur um prófkjör vegna framboða til Alþingis. Framtíðarnefnd taldi þetta vera óþarfa tvítekningu og leggur til að aðeins einu sinni verði minnst á reglusetningarhlutverk miðstjórna. Því segir í tillögum Framtíðarnefndar að miðstjórn setji samræmdar reglur um prófkjör vegna framboða til Alþingis og sveitarstjórna sem gilda skulu við prófkjör á vegum flokksins eru ákveðin.

Fjöldaskráningar í tengslum við prófkjör

Mikil umræða spratt upp í starfi Framtíðarnefndar vegna fjöldaskráninga í flokkinn í tengslum við prófkjör enda eðlilegt að spurningar hafi verið settar fram um það hverjir eigi að hafa rétt til þátttöku. Framtíðarnefnd kannaði þetta samhliða vinnu við 5. gr. tillagna sinna og er nokkrum vandkvæðum bundið þegar kemur að prófkjörum að búa til eina algilda reglu í þessum efnunum. Eins og kemur fram í umfjöllun um 5. gr. þá er meginreglan samkvæmt 35. gr. nógildandi skipulagsreglna sú að einungis þeir flokksmenn sem hafa greitt félagsgjöld, eru skráðir í styrktarmannakerfið eða eru skráðir í málefnnastarf geti tekið þátt í kosningu innan flokksins. Í 2. gr. prófkjörsreglna miðstjórnar kemur hins vegar fram að þátttaka í prófkjöri sé heimil:

- a. Öllum fullgildum meðlimum sjálfstæðisfélaganna í kjördæminu sem þar eru búsettir.
- b. Þeim stuðningsmönnum Sjálfstæðisflokksins, sem eiga munu kosningarétt í kjördæminu fyrir kosningarnar og undirritað hafa inntökubeiðni í sjálfstæðisfélag í kjördæminu fyrir lok kjörfundar.

Seinni liður greinarinnar opnar sem sagt fyrir kosningu í prófkjöri fyrir einstaklinga sem hafa ekki greitt árgjald, verið styrktarmenn eða skráð sig í málefnnastarf flokksins eins og 35. gr. nógildandi skipulagsreglna kveður skýrt á um. Þetta vekur upp athyglisverðar lagatæknilegar spurningar. Það er ljóst að þessi grein í prófkjörreglunum gengur þvert gegn nógildandi 35. grein skipulagsreglnanna. Prófkjörsreglurnar eiga sér stoð í 56. gr. nógildandi skipulagsreglna þar sem segir að miðstjórn skuli setja reglur um prófkjör vegna framboða til Alþingis og sveitarstjórna..

Þetta vekur upp spurningar um það hvort miðstjórn sé í krafti heimildar í 56. gr. nógildandi skipulagsreglna heimilt að setja ákvæði í prófkjörsreglur flokksins þvert gegn 35. gr. nógildandi skipulagsreglna. Að mati Framtíðarnefndar leikur mikill vafi á gildi seinni málslíðar 2. gr. prófkjörsreglnanna þegar kemur að prófkjörum fyrir alþingiskosningar og sveitarstjórnarkosningar. Vegna þessa lagði Framtíðarnefnd mat á það hvort rétt væri að halda nógildandi regluverki, setja takmarkanir í skipulagsreglurnar eða setja stoð undir heimildina í prófkjörsreglunum.

- a. Það er mat Framtíðarnefndar að heimildin í nógildandi prófkjörsreglum sem leyfir flokksmönnum sem hafa ekki greitt félagsgjöld að taka þátt í prófkjörum gangi gegn skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins. Það þýðir að einungis þeir sem greiða félagsgjöld hefðu átt að fá að taka þátt í prófkjörum.

Framtíðarnefnd telur að slíkt fyrirkomulag skapi ójafnvægi innan kjördæma og fulltrúaráða á milli þeirra félaga sem innheimta félagsgjöld og þeirra sem ekki gera það. Þannig væri t.d. í Reykjavík hægt að skrá unga sjálfstæðismenn í hrönnum til að taka þátt í prófkjörinu á meðan einstaklingar í hverfafélögunum þyrftu að borga félagsgjald. Það er jafnframt ekki útilokað að einstök hverfafélög gætu einnig tekið upp á því að afnema árgjöldin til auðvelda sínu fólki að taka þátt í prófkjörinu.

Út frá grundvallarsjónarmiðum flokksins um jafnræði telur Framtíðarnefndin að þetta fyrirkomulag sé óæskilegt. Þegar kemur að prófkjöri innan einhvers ákveðins svæðis þá verða allir kjósendur að sitja við sama borð.

- b. Hjá þeim sem voru mótfallnir fjöldaskráningum heyrðust þau sjónarmið að það væri hugsanlega ekki nóg að halda núgildandi reglum þrátt fyrir að prófkjörsgjaldur gengi gegn skipulagsreglunum. Fyrst brotið hefði verið gegn skýrum áskilnaði skipulagsreglnanna í mörg ár væri ekkert sem útilokaði að það myndi einfaldlega halda áfram.

Í því samhengi kom upp sú hugmynd innan nefndarinnar hvort ekki væri rétt að setja skilyrði í 5.gr. tillagna Framtíðarnefndar um að nýr flokksfélagi öðlist ekki atkvæðisrétt fyrr en að liðnum tveimur mánuðum frá greiðslu félagsgjalds. Slík skilyrði er að finna í 2.gr. prófkjörsgjaldanna þar sem heimilt er að ákveða að kosningarétt hafi eingöngu þeir sem hafa verið flokksbundnir sjálfstæðismenn í a.m.k. mánuð þegar prófkjör fer fram. Þessi heimild hefur reyndar verið lítið notuð en dæmi er að finna frá síðasta prófkjöri fyrir alþingiskosningar í NV-kjördæmi. Reynslan þar sýnir hins vegar að fjöldi nýskráninga var nánast sami og prófkjörinu þar á undan þrátt fyrir að þar mætti skrá sig í flokkinn fram á kjördag. Slíkur frestur myndi því líklega ekki hafa nein áhrif á fjöldaskráningar í flokkinn.

- c. Þá vaknaði upp sú spurning hjá nefndinni hvort rétt væri að færa stoð undir regluna í prófkjörsgjaldunum og veita heimild til að víkja frá ákvæðum 35. gr. núgildandi reglna. Rök hníga til þess á grundvelli jafnræðis milli aðildarféлага innan ákveðins prófkjörssvæðis.

Framtíðarnefnd telur engu að síður að ákvörðun um að falla frá skilyrðum skipulagsreglnanna um fullgilda flokksmenn sé það mikilvæg að óhjákvæmilegt sé að hún verði tekin á almennum fundi innan fulltrúaráða og kjördæmisráða. Þannig yrði tryggt að ákvörðunin fengi eðlilega meðferð hjá viðkomandi stofnun innan flokksins og öllum gefinn kostur á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Lýðræðisleg kosning myndi síðan ráða um þá leið sem farin yrði.

Á þessum grundvelli gerir Framtíðarnefnd tillögu um að sett verði í 58. gr. skipulagsreglna flokksins áskilnaður um að frávik frá skilyrðum 3. gr., um að einungis þeir flokksmenn sem hafa greitt ársgjald hafi kosningarétt, séu heimil í tengslum við prófkjör á vegum flokksins ef viðkomandi fulltrúaráð eða kjördæmisráð samþykkir það með 2/3 atkvæða á lögmætum fundi.

Um meirihlutasamstarf

59. gr.

Í 59. gr. kemur fram að þar sem flokkurinn myndar sveitarstjórnarmeirihluta með öðrum flokkum eða samtökum skal kynna málefnasamning meirihlutans hjá þeim stofnunum flokksins er ákváðu framboðið. Þetta ákvæði er samhljóða síðustu málsgrein 55. gr. núgildandi skipulagsreglna.

V. kafli Þingflokkur, sveitarstjórnarráð og sérsambönd

Í nógildandi skipulagsreglum er fjallað um þingflokkinn í III. kafla, sveitarstjórnarráð í VIII. kafla, SUS í XVII. kafla, verkalýðsráð í XVIII. kafla, LS í XIX. kafla og SES í XX. kafla. Framtíðarnefnd gerir það að tillögu sinni að þessir kaflar verði sameinaðir í V. kafla tillagna nefndarinnar undir heitinu þingflokkur, sveitarstjórnarráð og sérsambönd.

Framtíðarnefnd taldi ekki tilefni til að breyta miklu varðandi þessa liði. Í flestum tilvikum er um að ræða einingar sem hafa töluvert sjálfstæði gagnvart valdastofnunum flokksins, annað hvort lögum eða hefðum samkvæmt. Sérsamböndin hafa flest unnið góða vinnu og nefndin taldi engin efni til að gera tillögu um breytingar á starfsemi þeirra.

Nánast einu athugasemdirnar sem bárust Framtíðarnefnd varðandi þennan kafla snéru að þingflokknum. Fjölmargir kvörtuðu yfir háttsemi kjörinna fulltrúa flokksins, töldu þá ekki fara eftir ákvörðunum landsfundar eða túlkuðu landsfundarályktanir afar frjáltslega. Framtíðarnefnd taldi hins vegar ekki ástæðu til að breyta nógildandi ákvæðum um þingflokkinn. En nógildandi skipulagsreglur og tillögur Framtíðarnefndar eru alveg skýrar hvað þennan þátt varðar; þingmenn flokksins eru að meginstefnu til bundnir af ákvörðunum landsfundar og flokksráðs.

Eftirfarandi er umfjöllun um tillögur Framtíðarnefndar hvað þennan kafla varðar:

Um þingflokk sjálfstæðismanna

60. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að þingmenn Sjálfstæðisflokksins myndi þingflokk sjálfstæðismanna. Þessi grein er samhljóða 15. gr. nógildandi skipulagsreglna.

61. gr.

Í 61. gr. kemur fram að þingflokkurinn taki ákvarðanir um afstöðu flokksins á Alþingi. Að meginstefnu er þingflokkurinn bundinn af ákvörðunum landsfundar og flokksráðs en markar stefnu flokksins að öðru leyti í samráði við flokksráð og miðstjórn. Þessi grein er samhljóða 16. gr. nógildandi skipulagsreglna fyrir utan að í nógildandi reglum er eingöngu gert ráð fyrir að þingflokkur marki stefnu flokksins í samráði við miðstjórn. Framtíðarnefnd taldi eðlilegt að bæta flokksráði við þá upptalningu enda ljóst að stefnumótun er mun frekar inn á hennar verksviði.

62. gr.

Í þessar grein kemur fram að þingflokkurinn kýs sér í upphafi hvers þings formann, varaformann og ritara. Að öðru leyti setur þingflokkurinn sér starfsreglur. Þessi grein er samhljóða 17. gr. nógildandi skipulagsreglna fyrir utan að áskilnaði um að miðstjórn þyrfti að staðfesta starfsreglur þingflokks var felld út.

Um sveitarstjórnaráð

63. gr.

Í 63. gr. er áskilnaður um að aðal- og varamenn Sjálfstæðisflokksins í sveitarstjórnnum hverju sinni myndi sveitarstjórnaráð Sjálfstæðisflokksins. Flokksbundnir sjálfstæðismenn sem gegna störfum bæjar- eða sveitarstjóra eða taka þátt í sameiginlegum framboðum til sveitarstjóra eiga einnig aðild að ráðinu. Sveitarstjórnaráð heldur aðalfund sinn á fjögurra ára fresti, að loknum sveitarstjórnarkosningum, og kys sér þá 9 manna stjórn. Ráðið setur sér sjálft starfsreglur. Þetta ákvæði er samhljóma 29. gr. núgildandi skipulagsreglna.

Um sérsambönd

64. gr.

Í þessari grein kemur fram að sérsambönd teljast Samband ungra sjálfstæðismanna, Landssamband sjálfstæðiskvenna, Verkalýðsráð Sjálfstæðisflokksins og Samtök eldri sjálfstæðismanna. Önnur sérsambönd verða ekki mynduð nema með samþykki landsfundar. Þetta ákvæði er samhljóða 61. gr. núgildandi skipulagsreglna.

65. gr.

Í 65. gr. kemur fram að starfsreglur sérsambanda innan flokksins og allra flokkssamtaka eru háðar staðfestingu miðstjórnar. Ef aðalfundur hefur ekki verið haldinn í sérsambandi í tvö ár getur miðstjórn skipað bráðabirgðastjórn í sambandinu til að boða nýjan aðalfund og kjósa nýja stjórn. Fyrri hluti þessa ákvæðis er efnislega samhljóða 62. gr. núgildandi skipulagsreglna.

Seinni hluti greinarinnar er nýr í skipulagsreglunum. Skoðun Framtíðarnefndar leiddi í ljós að því miður eru til dæmi um að sérsamband hafi ekki haldið aðalfund um árábil og á sama tíma datt allt starf niður í sambandinu. Framtíðarnefnd vonar að þessi heimild geti komið í veg fyrir að slík tilvik endurtaki sig; ef aðalfundur er ekki haldinn þá geti miðstjórn skipað bráðabirgðastjórn eingöngu í þeim tilgangi að halda slíkan fund og skipa lögmæta stjórn í viðkomandi sérsambandi.

Um samtök ungra sjálfstæðismanna

66. gr.

Í þessari grein er kveðið á um að Samband ungra sjálfstæðismanna fari með yfirstjórn félagsmála ungra sjálfstæðismanna innan vébanda flokksins. Félagsmaður í Sambandi ungra sjálfstæðismanna getur hver sá gerst sem orðinn er 15 ára. Sambandið setur sér sjálft starfsreglur. Þessi grein er samhljóða 57. gr. nógildandi skipulagsreglna.

Um verkalýðsráð

67. gr.

Í 67. gr. kemur fram að Verkalýðsráð Sjálfstæðisflokksins fari með yfirstjórn málefna félagsamtaka launþega innan vébanda flokksins. Reglur um starfsemi verkalýðsráðs og skipulag launþegasamtaka flokksins skulu settar af fulltrúasamkomu samtakanna. Þessi grein er samhljóða 58. gr. nógildandi skipulagsreglna.

Um samtök sjálfstæðiskvenna

68. gr.

Í þessari grein segir að Landssamband sjálfstæðiskvenna fari með yfirstjórn félagsmála félaga sjálfstæðiskvenna innan vébanda flokksins. Landssambandið setur sér sjálft starfsreglur. Þessi grein er samhljóða 59. gr. nógildandi skipulagsreglna.

Um samtök eldri sjálfstæðismanna

69. gr.

Í 69. gr. kemur fram að Samtök eldri sjálfstæðismanna fari með yfirstjórn félagsmála eldri sjálfstæðismanna innan vébanda flokksins. Félagsmaður í Samtökum eldri sjálfstæðismanna getur hver sá gerst sem orðinn er 60 ára. Heimilt er að starfrækja eitt eða fleiri félög innan samtakanna. Samtökin setja sér sjálf starfsreglur. Þessi grein er samhljóða 60. gr. nógildandi skipulagsreglna.

VI. kafli Lagabreytingar

Lagabreytingar

70. gr.

Í þessum kafla er eingöngu eitt ákvæði um lagabreytingar. Þar segir að landsfundur hafi einn vald til þess að breyta samþykktum Sjálfstæðisflokksins en þó getur landsfundur veitt miðstjórn eða flokksráði leyfi til bráðabirgðabreytinga milli landsfunda. Tillögur að breytingum á samþykktum Sjálfstæðisflokksins skulu hafa borist miðstjórn a.m.k. mánuði fyrir boðaðan landsfund og skal dreift með öðrum landsfundargögnum. Fyrri hluti ákvæðisins er samhljóða 63. gr. núgildandi skipulagsreglum en áskilnaðurinn um að tillögur að breytingum skuli hafa borist a.m.k. mánuði fyrir landsfund er nýr. Framtíðarnefnd taldi að þar sem breytingar á skipulagsreglunum geti haft mikil áhrif á allt starf innan flokksins sé rétt að gefa landsfundarfulltrúm nægjanlega tíma til að skoða tillögurnar og undirbúa viðbrögð sín á fundinum.

III. Kafli

Bætt innra starf Sjálfstæðisflokksins

I.

Eitt af verkefnum Framtíðarnefndar var að greina allt innra starf flokksins með það að markmiði að starfið verði opnara og gegnsærra og flokksmönnum verði gert auðveldara að taka þátt í flokksstarfinu, koma í auknum mæli að stefnumótun og ákvarðanatöku. Jafnframt var nefndinni ætlað að móta tillögur um hvernig efla skuli samvinnu þingflokks og sveitastjórnamanna flokksins, hvernig starfi hans á kjördæmisgrunni skuli hagað og þátttöku Valhallar í þeim verkefnum. Eftirfarandi eru tillögur Framtíðarnefndar:

A. Meira gegnsæi – beint lýðræði. Auka möguleika almennra flokksfélaga til þátttöku og að koma áherslum sínum á framfæri.

Í vinnu Framtíðarnefndar kom fram rík krafa frá flokksmönnum um áheyrn og betri tækifæri til fylgjast með og taka þátt. Það kæmi alltof oft fyrir að ákvarðanir í veigamiklum málum væru teknar án nokkurar vitneskju eða aðkomu almennra flokksmanna. Jafnframt væru helstu valdastofnanir flokksins lokaðar flokksmönnum – engin vissi hvað framkvæmdastjórn eða miðstjórn væru að fást við á sínum fundum, málefnanefndir væru einungis áberandi rétt fyrir landsfund og lítið gert til að kynna starf skrifstofu flokksins. Starfið þyrfti því að vera opnara og gegnsærra. Skýr krafa er meðal flokksfólks um breytt vinnubrögð og betri starfshætti í öllu starfi flokksins. Til að svara þeim óskum sem fram hafa komið gerir Framtíðarnefndin eftirfarandi tillögur:

- **Opna málefnanefndir öllum flokksbundnum félögum**

Landsfundarályktanir eru mikilvægustu stefnuskjöl flokksins hverju sinni. Í gegnum tíðina hafa drög að ályktunum verið samin af fámennum málefnanefndum skipuðum af miðstjórn. Framtíðarnefnd telur mikilvægt að allt flokksfólk hafi tækifæri til að taka þátt og koma sínum sjónarmiðum á framfæri þegar drögin eru samin. Rétt er að geta þess að í 45. – 46. gr. tillagna Framtíðarnefndar að breyttum skipulagsreglum er málefnastarfið styrkt verulega og þar kemur m.a. fram að málefnastarf Sjálfstæðisflokksins sé opið öllum flokksmönnum. Jafnframt er gerð tillaga um að allir flokksmenn geti boðið sig fram til setu í stjórnun málefnanefnda sem kosnar yrðu á landsfundi.

- **Opna landsfund öllum flokksbundnum félögum**

Eins og að framan greinir þá eru landsfundarályktanir mikilvægustu stefnuskjöl flokksins hverju sinni. Framtíðarnefnd telur að flokksfólk eigi að geta tekið þátt í því að móta drög málefnanefnda fyrir landsfund og ennfremur sé nauðsynlegt að allt flokksfólk geti tekið þátt í lokaafgreiðslu landsfundaályktana og þannig haft áhrif á stefnu flokksins í öllum meginmálum. Í því samhengi er rétt að geta þess að í 9. gr. tillagna Framtíðarnefndar að breyttum skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins kemur fram að öllum flokksmönnum sé heimilt að sækja landsfund flokksins að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

- **Innleiða atkvæðagreiðslur um einstök málefni**

Á fundum Framtíðarnefndar kom glöggt í ljós að almennir flokksmenn jafnt sem trúnaðarmenn töldu sig oft á tíðum hafa lítil áhrif á stefnumótun í einstökum málum innan flokksins og fram kom sterk krafa um aukið lýðræði og meiri áhrif við ákvarðanatöku. Litlu máli skipti þótt um væri að ræða lykilsurningar í þjóðfélaginu svo sem málefni tengd umsögn um inngöngu í Evrópusambandið eða IceSave samningana. Til að svara þessu ákalli telur Framtíðarnefnd mikilvægt að innleiða atkvæðagreiðslur um einstök mál í innra starfi Sjálfstæðisflokksins. Í 6. gr. tillagna Framtíðarnefndar að breyttum skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins kemur fram að

landsfundur, miðstjórn og flokksráð geta lagt tiltekið mál í ráðgefandi eða bindandi atkvæðagreiðslu á meðal flokksmanna. Að sama skapi geta 1000 flokksbundnir félagsmenn knúið fram sambærilega kosningu. Þess ber að geta að Framtíðarnefnd telur að lýðræðishefðin sé sterk innan Sjálfstæðisflokksins og í þeim anda ætti hann að tileinka sér þá tækni sem býðst í dag til að ná beinna sambandi við flokksmenn og kjósendur.

- **Kosið í flest embætti**

Í auknu lýðræði felst að flokksfólki sé gefinn kostur á því að bjóða sig fram, kjósa um menn og málefni og gegna sem flestum embættum innan flokksins. Í vinnu Framtíðarnefndar kom fram óánægja varðandi fjölda embætta sem almennir flokksmenn gætu ekki gefið kost á sér til að gegna eða haft áhrif á valið. Í því sambandi var nefnt sérstaklega að miðstjórn skipi málefnanefndir flokksins og upplýsinga- og fræðslunefnd. Framtíðarnefnd tekur undir framangreind sjónarmið gerðir tillögur að breytingum á skipulagsreglum flokksins með þetta að leiðarljósi:

- **Forysta flokksins**

Í 8. gr. tillagna Framtíðarnefndar að breyttum skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins kemur fram að formaður, varaformaður og 2. varaformaður flokksins skuli kosnir af landsfundi.

- **Stjórnir málefnanefnda**

Í 8. gr. tillagna Framtíðarnefndar að breyttum skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins kemur jafnframt fram að stjórnir málefnanefnda skuli kosnar á landsfundi.

- **Upplýsinga- og fræðslunefnd**

Í 20. gr. tillagna Framtíðarnefndar að breyttum skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins segir að miðstjórn skuli kjósa formann og fjóra meðstjórnendur í upplýsinga- og fræðslunefnd. Öllum flokksmönnum skal boðið að bjóða sig fram til setu í nefndinni.

- **Miðstjórn**

Í 18. gr. og 24. gr. tillagna Framtíðarnefndar að breyttum skipulagsreglum kemur fram að kjördæmisráð kjósi 18 fulltrúa til setu í miðstjórn.

- **Undirhópar og nefndir**

Í 50. gr. kemur fram að upplýsinga- og fræðslunefnd geti skipað undirnefndir um sérstaka málaflokka á sínu sviði. Allir flokksmenn geta boðið sig fram til setu í þeim.

- **Verklag Evrópunefndar og Endurreisnarnefndar nýtt í auknum mæli**

Framtíðarnefnd telur að það verklag sem var þróað árið 2008 í tengslum við starf Evrópunefndar og Endurreisnarnefndar flokksins hafi gefið afar góða raun og fylgdi vinna Framtíðarnefndar því fyrirkomulagi. Þannig verði skipaðar nefndir um sérstök málefni sem funda reglulega, hafa opinn aðgang og birti öll áfangaskjöl og niðurstöður á netinu. svo öllum sem það kjósa gefist kostur á að taka þátt. Jafnframt er heimasíða verkefnisins nýtt fyrir gagnvirk skoðanaskipti, upplýsingagjöf og tillögugerð. Framtíðarnefnd telur að Sjálfstæðisflokkurinn ætti að taka þessi vinnubrögð upp í

auknu mæli t.d. væri hægt að setja slíka vinnu af stað í aðdraganda almennrar atkvæðagreiðslu meðal flokksmanna.

- **Meiri upplýsingagjöf til almennra flokksmanna**

Í vinnu Framtíðarnefndar heyrðust ítrekað þau sjónarmið að kjörnir fulltrúar og skrifstofa flokksins væru ekki nógu dugleg við að koma upplýsingum til almennra flokksmanna um starfið og málefni líðandi stundar. Í því samhengi var rætt um fréttabréf flokksins og svokallað stjórnsmálaviðhorf sem skrifstofa flokksins sendi, fyrir nokkrum árum, reglulega (u.þ.b. tvisvar í mánuði) út með tölvupósti. Í því var að finna helstu punkta og afstöðu kjörinna fulltrúa til mála sem voru í deiglunni á hverjum tíma. Framtíðarnefnd telur að bæta megi verulega upplýsingagjöf og leggur til að skrifstofa flokksins hefji reglulegar sendingar á fréttabréfi til allra flokksmanna. Framkvæmdastjóri beri ábyrgð á framkvæmdinni.

- **Nýta heimasíðu flokksins betur fyrir skoðanaskipti og upplýsingagjöf**

Framtíðarnefnd telur að það sé hægt að nýta heimasíðu flokksins mun betur undir gagnvirk skoðanaskipti, upplýsingagjöf og tillögugerð. Skrifstofa flokksins mætti taka heimasíður Evrópunefndar, Endurreisarnefndar og Framtíðarnefndar sér til fyrirmyndar í þeim efnum. Framtíðarnefnd telur að fá skjöl í innra starfi flokksins séu þess eðlis að það megi ekki setja þau á heimasíðu flokksins, annað hvort með þeim hætti að allt tiltekið efni sé aðgengilegt öllum eða með aðgangsstýringu (þá myndi kennitala og lykilorð til flokksbundinna einstaklinga stjórna aðgangi). Framtíðarnefnd leggur til að fundargerðir miðstjórnar, framkvæmdastjórnar og stjórn flokksráðs ásamt drögum að landsfundarályktunum, ákvörðunum miðstjórnar, flokksráðs og stjórn flokksráðs verði með einum eða öðrum hætti sett inn á heimasíðu flokksins. Framkvæmdastjóri beri ábyrgð á útfærslu og framkvæmd verkefnisins.

- **Allt flokksfólk geti tekið þátt í starfinu óháð búsetu**

Framtíðarnefnd telur mikilvægt að öllum flokksmönnum verði gefinn kostur á því, óháð búsetu, að fylgjast með og taka þátt í áhugaverðum fundum sem flokkurinn gengst fyrir. Þetta er hægt með notkun gagnvirkis fjarfundarbúnaðar. Í tengslum við slíka fundi skulu starfsstöðvar flokksins í kjördæmum skipuleggja samveru flokksmanna í samstarfi við fulltrúaráð og félög á hverjum stað. Rétt er að geta þess að í 52. gr. tillagna Framtíðarnefndar að skipulagsreglum Sjálfstæðisflokksins er kveðið á um að allir flokksmenn eigi að geta tekið þátt í starfi flokksins, óháð dvalarstað. Það fellur í hlut Upplýsinga- og fræðslunefndar að hafa forgöngu um uppbyggingu á þessu sviði.

- **Ákvörðunum, skýrslum og ályktunum flokksins verði fylgt markvisst eftir**

Í vinnu Framtíðarnefndar kom fram mikil óánægja með eftirfylgni flokksins í kjölfar ákvarðana, skýrslna eða ályktana. Því var haldið fram að í raun breyttist ekkert eftir að ákvörðun hefði verið tekin eða skýrsla komið út. Töldu margir að ekkert hefði verið gert með tillögur t.d. í skýrslum Endurreisarnefndar, Evrópunefndar eða greinargerð fyrrverandi varaformanns frá vinnufundum með trúnaðarmönnum flokksins. Frá fyrrverandi og núverandi miðstjórnarfólki heyrðist einnig að jafnvel þótt hugmyndir þeirra og tillögur væru samþykktar hrinti enginn ákvörðuninni í framkvæmd. Víðast hvar á fundum Framtíðarnefndar var gerð krafa um að kjörnir fulltrúar virtu og framfylgdu ályktunum landsfundar í störfum sínum og töldu flestir að nokkuð skorti á í þeim efnum.

Framtíðarnefnd telur mikilvægt að öllum ákvörðunum og starfi innan flokksins sé fylgt eftir með markvissum hætti. Í því felst að ábyrgð og eftirlit þarf að vera skilgreint nákvæmlega. Rétt er að geta þess að í tillögum Framtíðarnefndar að skipulagsbreytingum eru verksvið flokksráðs, miðstjórnar og framkvæmdastjórnar skilgreind nákvæmlega og ábyrgð á verkefnum þessara stofnana dreifð á milli forystu flokksins. Þannig stjórnar formaður flokksins framkvæmdastjórninni, varaformaður stjórn flokksráðs og 2. varaformaður miðstjórn. Framtíðarnefnd telur mikilvægt að forysta flokksins skipi sérhverju verkefni ábyrgðarmann. Niðurstöður framkvæmdar verði síðan kynntar á fundum viðkomandi stofnunar og eftir atvikum á opnum fundum eða á heimasíðu flokksins.

B. Auka tengsl forystu flokksins, þingmanna og sveitarstjórnanna innbyrðis og við hinn almenna flokksmann.

Í vinnu Framtíðarnefndar kom fram rík krafa um aukin tengsl innan flokksins. Það heyrðist oft að hver væri við störf í sínu horni en samræming og samskipti væru hins vegar í lágmarki. Framtíðarnefnd telur nauðsynlegt að allar stofnanir flokksins vinni náið með almennum flokksmönnum og gerir eftirfarandi tillögur til úrbóta

- **Aukinn þátttaka kjörinna fulltrúa í innra starfi flokksins**

Í vinnu Framtíðarnefndar kom fram rík krafa um að kjörnir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins tæku meira þátt í innra starfi. Margir innan flokksins héldu því fram að eina skiptið sem kjörnir fulltrúar sýndu áhuga á aðildarfélögunum væri rétt fyrir prófkjör. Eftir það hyrfu kjörnir fulltrúar, hittu almenna flokksmenn nánast eingöngu á tyllidögum en kæmu síðan aftur upp á yfirborðið af krafti í aðdraganda næsta prófkjörs. Sumir gengu svo langt að fullyrða að kjörnir fulltrúar teldu sig hafna yfir hinn almenna flokksmann. Framtíðarnefnd telur þessar ábendingar alvarlegar.; Sjálfstæðisflokkurinn hefur alltaf verið flokkur allra stétta og ekki er ásættanlegt að hluti flokksmanna upplifi stéttaskiptingu milli kjörinna fulltrúa og hins almenna flokksmanns. Því telur nefndin mikilvægt að kjörnir fulltrúar séu meðvitaðir um þessi viðhorf og bregðist við þeim með aukinni þátttöku í starfi aðildarfélaga. Stjórnir kjördæmisráða í samráði við þingmenn viðkomandi kjördæmisins bera ábyrgð á framkvæmd þessa verkefnis.

- **Nýta varamenn**

Í vinnu Framtíðarnefndar minntust nokkrir á stöðu kjörinna varamanna á Alþingi og sveitarstjórnnum. Þegar kosningabaráttu er lokið virðist þátttöku þeirra í flokksstarfinu oft einnig lokið; þeir hafa enga stöðu í skiplagi flokksins og eru viðkomandi yfirleitt hvorki virkjaðir eða nýttir á nokkurn hátt. Að mati Framtíðarnefndar er þessi staða bagaleg. Oft er þarna um að ræða einstaklinga sem hafa lagt mikið á sig fyrir flokkinn – fyrst í prófkjörsbaráttu og síðan í kosningabaráttu. Það býr oft yfir mikilli þekkingu á málefnum, eigin kjördæmi og hefur í kringum sig gott tengslanet. Framtíðarnefnd leggur til að miðstjórn skipuleggi í samráði við formann þingflokks og sveitarstjórnaráðs aðkomu og aukna þátttöku kjörinna varamanna í öllu starfi flokksins.

- **Föst viðvera**

Fyrir nokkrum árum byrjuðu þáverandi varaformaður og framkvæmdastjóri að hafa fasta viðverutíma í Valhöll þar sem flokksmenn gátu komið, rætt málefni líðandi stundar og komið ábendingum á framfæri. Þetta mæltist vel fyrir og hefur núverandi varaformaður haldið þessari hefð lifandi og verið með fasta viðveru í Valhöll á tilteknum tímum. Hins vegar hafa aðrir kjörnir fulltrúar ekki séð ástæðu til að fylgja í kjölfarið og föst viðvera hefur ekki tíðkast utan Valhallar. Framtíðarnefnd telur að föst viðvera sé afar góð leið til að auka tengingar á milli kjörinna fulltrúa og almennra flokksmanna. Nefndin leggur því til að kjörnir fulltrúar hafi framvegis fasta viðveru og auglýsta viðtalstíma á starfsstöðvum flokksins í hverju kjördæmi a.m.k. einu sinni í mánuði. Miðstjórn í samráði við framkvæmdastjóra og stjórnir kjördæmisráða ber ábyrgð á útfærslu og framkvæmd þessa verkefnis.

- **Fundir um allt land**

Í vinnu Framtíðarnefndar kom skýrt fram að flokksmenn töldu að mikið vantaði upp á að forysta og kjörnir fulltrúar héldu reglulega fundi út á landsbyggðinni. Vissulega

hafi forysta flokksins farið hringferð um landið fyrir stuttu en það væri undantekning frekar en hitt. Mörgum fannst það einnig skjóta skökku við að hitta aldrei þingmenn annarra kjördæma og bentu á að verkaskipting þingflokksins gerir það að verkum að þingmenn sérhæfa sig í mismunandi málaflokkum. Það væri gamaldags hugsanagangur að vegna kjördæmaskipunar þá fengju flokksmenn nánast eingöngu að heyra ítarlega umfjöllun um málaflokka þingmanna viðkomandi kjördæmis. Framtíðarnefnd tekur undir þessi sjónarmið og leggur til að forysta og kjörnir fulltrúar skipuleggi reglulega fundi um allt land án tillits til kjördæma viðkomandi þingmanna. Auk almennra funda þessara verði tækifærið nýtt til að rækta samskipti við forsvarsmenn viðkomandi sveitarfélaga. Valhöll hafi með höndum skipulag þessa í samstarfi við starfsstöðvar flokksins og viðkomandi þingmenn.

- **Fundir sveitarstjórnarmanna**

Svipaða sögu er að segja varðandi sveitarstjórnarmenn flokksins. Margir flokksmenn töldu að mikið vantaði upp á samráð sveitarstjórnarmanna við hinn almenna flokksmann. Framtíðarnefnd telur að við þessum athugasemdum eigi að bregðast. Í sveitarstjórnnum landsins er oft verið að taka mikilvægar ákvarðanir sem hafa bein áhrif á íbúa sveitarfélagsins og því áriðandi að sveitarstjórnarmenn haldi reglulega fundi með flokksfólki, beri undir það hugmyndir, fái viðbrögð og ábendingar. Góð reynsla er fyrir hendi í nokkrum sveitarfélögum af slíku starfi og Framtíðarnefnd leggur því til að allir sveitarstjórnarmenn flokksins haldi mánaðarlega opna fundi með sínu flokksfólki. Fulltrúaráð bera ábyrgð á þessu verkefni í samráði við sveitarstjórnarmenn á sínu starfssvæði.

- **Samráð þingflokks og sveitarstjórnaráðs**

Til þessa hafa samskipti þingflokks og sveitarstjórnarmanna verið í lágmarki. Framtíðarnefnd telur það afar bagalegt þar sem ljóst er að þessar stofnanir flokksins gætu aðstoðað og styrkt hvor aðra í verkum sínum. Því leggur Framtíðarnefnd til að reglulegum samskiptum á milli þingflokks og sveitarstjórnaráðs verði komið á fót. Þannig ættu stjórn þingflokks og stjórn sveitarstjórnaráðs að hittast mánaðarlega og bera saman bækur sínar. Einnig er æskilegt að þingflokkur og sveitarstjórnarráð hittast í tengslum við stórar samkomur á vegum flokksins s.s. landsfund og flokksráðsfundi. Lagt er til að formaður sveitarstjórnaráðs verði boðaður á þingflokksfundum þegar sameiginleg málefni eru þar á dagskrá og að formaður þingflokks mæti til fundar við stjórn sveitarstjórnarráðs þegar ástæða þykir til.

- **Samstarf innan kjördæma**

Í vinnu Framtíðarnefndar kom fram að margt flokksfólk utan höfuðborgarsvæðisins taldi mikið vanta upp á samvinnu innan kjördæma. Stærð kjördæma og vegalengd á milli aðildarfélaga væri mikið vandamál í þeim efnum. Var mörgum tíðrætt um að eina skiptið sem þeir hittu félaga sína úr öðrum aðildarfélögum í kjördæminu væri á árlegum kjördæmisþingum og á landsfundi. Flestir vilja meiri samvinnu milli aðildarfélaga en töldu sig ekki hafa tækifæri til.

Framtíðarnefnd telur að kjördæmisráðin eigi að leita allra leiða til að auka sameiginlega stefnumótun, málefnavinnu og samstarf félaga innan vébanda sinna. Nefndin leggur því til að kjördæmisráðin stuðli að og skipuleggi aukin samskipti og samstarf milli aðildarfélaga innan kjördæma t.d. með sameiginlegri málefnavinnu og tíðari kjördæmisþingum. Í þessu samhengi er rétt er að minna á að Framtíðarnefnd

leggur til aukna notkun fjarfundarbúnaðar í öllu starfi flokksins. Kjördæmisráð beri ábyrgð á þessu verkefni.

C. Nútímavæða starfið - Auka tengsl Valhalla við flokksmenn og kjördæmi

Nú á tímum eru möguleikar á hvers kyns félagsstarfi meira en nokkru sinni áður. Það hefur í för með sér að flokkurinn er nú í meiri samkeppni en áður um tíma og athygli flokksmanna sinna. Einnig kynnast og venjast flokksmenn í gegnum önnur félagssamtök nútímalegum vinnubrögðum í félagsstarfi. Í vinnu Framtíðarnefndar kom glögg í ljós að fjölmargir töldu vinnubrögð flokksins hafa lítið breyst í áratugi á mörgum sviðum. Að mati Framtíðarnefndar verður Sjálfstæðisflokkurinn að bregðast við þessum athugasemdum og laga vinnubrögð, gera þau sambærileg eða betri þeim sem fólk er vant hjá öðrum félagssamtökum.

Í þessu samhengi kom fram töluverð gagnrýni á starfsemi skrifstofu flokksins í Reykjavík. Töldu margir að Valhöll væri barn síns tíma og ímynd hennar þannig að hún hefði aldrei verið athvarf hins almenna flokksmanns, sérstaklega ekki þeirra sem kæmu af landsbyggðinni. Flokksfólk hrósaði oft á tíðum þeim starfsmönnum sem þeir voru í mestum samskiptum við en taldi engu að síður að andrúmsloftið innan Valhalla minnti frekar á ríkisstofnun en miðstöð þjónustu. Var oft haft á orði að þrátt fyrir góðan vilja starfsmanna væri verklagið innan skrifstofunnar þannig að hún mætti ekki beiðnum með jákvæðni heldur fremur með stífni og formfestu. Var einnig rætt um skort á upplýsingum og gagnrýnt að stöður starfsmanna út á landi hefðu verið lagðar niður eða færðar til Reykjavíkur.

Framtíðarnefnd telur að nauðsynlegt að endurskoða vinnubrögð flokksins, nútímavæða þau og tryggja að öll starfsemi Valhalla endurspegli það. Af þeim sökum gerir nefndin eftirfarandi tillögur:

- **Valhöll er þjónustumiðstöð**

Skrifstofa flokksins í Reykjavík er þjónustumiðstöð fyrir landið allt. Framtíðarnefnd telur brýnt að starfshættir innan skrifstofu flokksins taki mið af því. Nefndin leggur því til að framkvæmdastjóra flokksins verði falið að endurskoða starfsemi skrifstofunnar þannig að hlutverk hennar sem þjónustumiðstöðvar verði sett í forgang. Framkvæmdastjóri flokksins ber ábyrgð á endurskoðuninni og því að kynna flokknum niðurstöður og breytingar.

- **Þjónustuvakt utan vinnutíma**

Innra starf Sjálfstæðisflokksins fer oft fram á kvöldið eða um helgar. Oftast geta aðildarfélög undirbúið fundinn fyrirfram en stundum koma upp tilvik þar aðildarfélög þurfa nauðsynlegt að fá aðstoð eða upplýsingar frá skrifstofu flokksins. Framtíðarnefnd leggur til að skrifstofa flokksins komi upp sérstöku símanúmeri þar sem alltaf væri hægt að ná sambandi við starfsmann flokksins utan vinnutíma. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á framkvæmd þessa verkefnis og því að tilkynna flokknum nánari útfærslu á þessum lið.

- **Rafræn þjónusta**

Hluti verkefna starfsmanna skrifstofu er að svara ýmis konar beiðnum aðildarfélaga varðandi flokksskrá s.s. hverjir eru skráðir í viðkomandi félag, símanúmer og netföng einstakra félagsmanna og svo framvegis. Einnig fer mikill tími starfsmanna í að fá lista frá aðildarfélögum yfir fulltrúa þess á hina ýmsu samkomur eða í stofnanir flokksins t.d. á kjördæmisþing eða flokksráð.

Framtíðarnefnd telur að stóran hluta þessara verkefna megi leysa með rafrænum hætti. Árið 2007 kynnti flokkurinn til sögunnar samræmt tölvukerfi þar sem öll aðildarfélög gátu skilað uppgjöri sínu rafrænt. Þetta kerfi hefur gefið góða raun og margborgað sig.

Framtíðarnefnd sér ekkert því til fyrirstöðu að stjórnir aðildarfélaga geti nálgast sína flokkskrá með rafrænum hætti. Einnig er hægt að búa til rafrænt viðmót þar sem stjórnir aðildarfélaga geti skráð fulltrúa sína á hina ýmsu fundi eða stofnanir flokksins í gegnum netið. Framtíðarnefnd leggur til að framkvæmdastjóri beri ábyrgð á að bjóða upp á þessa þjónustu með rafrænum hætti.

- **Móttaka nýliða**

Sjálfstæðisflokkurinn er stærsta stjórn málaafli landsins og á hverju ári ganga hundruð einstaklinga til liðs við hann. Það er hins vegar lítið gert til að kynna starfið fyrir þessum nýliðum í floknum. Viðkomandi fær einungis sent bréf frá formanni flokksins þar sem hann er boðinn velkominn. Hann fær ekki upplýsingar um félögin á sínu svæði, hvernig hann geti tekið þátt eða nokkuð sem gæti gagnast til að viðkomandi verði virkur í starfi Sjálfstæðisflokksins.

Framtíðarnefnd telur mikilvægt að taka vel á móti nýliðum í starfinu, reyna að finna verkefni fyrir sem flesta og gera þá að virkum flokksmönnum. Það er mat nefndarinnar að hið staðlaða bréf formanns fullnægi þeim kröfum engan veginn. Persónulegt samband er lykilatriði til að virkja persónulega nýliða. Skoðun nefndarinnar leiddi í ljós að u.þ.b. 10-20 einstaklingar ganga í flokkinn í hverjum mánuði sem er létt og viðráðanlegt verkefni fyrir Valhöll eða stjórnir aðildarfélaga. Í tengslum við prófkjör og aðalfundi í ungliðahreyfingunni ganga hins vegar yfir þúsund einstaklingar í flokkinn sem gerir, að mati Framtíðarnefndar, framkvæmdina erfiðari en ekki óyfistíganlega.

Framtíðarnefnd leggur til að miðstjórn, í samráði við framkvæmdastjóra, skipuleggi verklag þar sem haft er persónulegt samband við alla nýliða sem ganga í flokkinn, hvort heldur frá skrifstofu flokksins eða stjórn aðildarfélags. Í slíku samtali væri þeim kynnt starfið innan viðkomandi svæðis og farið yfir möguleika þeirra til þátttöku í því. Einnig mætti hugsa sér að hverjum nýliða væri skipaður sérstakur ábyrgðarmaður sem þeir gætu leitað til. Í „rólegum“ mánuðum ætti framkvæmdin að vera auðveld en ljóst er að við prófkjör og aðalfundi í ungliðahreyfingunni þyrfti sérstakt átak til að ná til allra nýliða.

- **Áherslubreyting í samskiptum Valhallar og aðildarfélaga**

Skoðun Framtíðarnefndar leiddi í ljós að flokksfólk leitar nær eingöngu til skrifstofu flokksins þegar það þarf á aðstoð að halda. Þetta býr til ákveðin aðstöðumun á milli þess sem hringir og starfsmanns flokksins. Einnig gerir þetta að verkum að þeir flokksfélagar og aðildarfélög sem þurfa ekki að leita til skrifstofunnar komast aldrei í kynni við hana og átta sig oft á tíðum ekki á starfsemi sem þar fer fram. Framtíðarnefnd telur mikilvægt að öll aðildarfélög séu meðvituð um starfsemi skrifstofu, að tengslin við Valhöll séu góð og ekki eingöngu á þeim grunni að aðildarfélag þurfi aðstoð. Nefndin leggur því til að skrifstofa flokksins taki upp verklag þar sem hún hefur reglulega samband við formenn aðildarfélaga reglulega til að taka stöðuna og bjóða fram aðstoð skrifstofunnar. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd þessa liðar.

- **Móttaka og aðstaða fyrir almenna flokksmenn bætt**

Það skiptir miklu máli að fólki líði vel þegar það kemur inn í Valhöll – það verður ætíð að upplifa sig velkomið en ekki þannig að það hafi á tilfinningunni að viðvera þess trúfli vinnu starfsmanna flokksins. Í vinnu Framtíðarnefndar var ítrekað bent á að

núverandi uppbygging skrifstofunnar væri eins og að fara tugi ára aftur í tímann og væri ekki til þess fallinn að laða fólk að Valhöll. Kjallarinn væri nánast ónýttur, neðri hæðin nýttist nær eingöngu undir stóra formlega fundi og efri hæðin væri undirlögð af lokuðum skrifstofum starfsfólks. Allt væri mjög þungt, fráhindrandi og nýttist plássíð illa fyrir aðildarfélög eða flokksmenn sem þyrftu afdrep til að vinna í þágu flokksins. Ljóst er að það kostar töluverða fjármuni að breyta skipulagi skrifstofunnar þannig að plássíð innan hennar verði opnað og fært í nútímalegt horf. Framtíðarnefndin leggur til að skipaður verði sérstakur starfshópur sem hafi það verkefni með höndum að vinna að nauðsynlegum breytingum og fjármögnun þeirra.

Hvað móttöku almennra flokksmanna varðar leggur Framtíðarnefnd til að það verði framvegis eitt af skilgreindum verkefnum skrifstofu flokksins að taka á móti almennu flokksfólki og heyra hvað það hefur fram að færa. Í kjölfarið er lagt til að Valhöll fari í sérstakt átak til að bæta móttöku almennra flokksmanna þegar það heimsækir skrifstofuna t.d. mætti láta sérstakan starfsmann sjá um móttöku og/eða færa móttökuna á neðri hæð og þar gefist fólki færi á kaffi, spjalli og upplýsingum.

- **Starf skrifstofu kynnt betur**

Það var algengt viðkvæði í vinnu Framtíðarnefndar að flokksmenn vissu ekki hvaða starfsemi færi fram í Valhöll eða hvaða stöðum einstakir starfsmenn gegndu. Framtíðarnefnd telur mikilvægt að úr þessu verði bætt sem fyrst. Allir flokksmenn verða að vita hvaða starfsemi fer fram í Valhöll, hvaða ábyrgð hver starfsmaður ber og hvaða þjónustu almennir flokksmenn geti sótt þangað. Þekkingarleysi á störfum Valhallar hefur í för með sér að flokksmenn sleppa því að leita til skrifstofu með verkefni sem Valhöll getur auðveldlega aðstoðað þá með. Einnig ýtir þekkingarleysi undir ranghugmyndir um starfsemi skrifstofunnar sem hefur oftast en ekki leitt til óréttmætrar gagnrýni. Af þeim sökum leggur Framtíðarnefnd að Valhöll hefjist þegar handa við að útbúa kynningarefni um starfsemina til dreifingar á meðal flokksmanna og fylgi því eftir með opnum fundum um allt land.

- **Dreifstýring í stað miðstýringar**

Fjöldmargir komu að máli við Framtíðarnefndina og kvörtuðu undan því að stöður starfsmanna kjördæma hefðu verið fluttar til Reykjavíkur. Framtíðarnefnd telur þessa þróun vera óheillavænlega; þetta sendir kolröng skilaboð til landsbyggðarkjördæmanna - ójafnvægið milli höfuðborgar og landsbyggðar var nógu mikið fyrir. Því gerir Framtíðarnefnd tillögu um að verkefnum Valhallar verði í auknum mæli dreift á kjördæmi. Rétt er að geta þess að í 44. gr. tillagna Framtíðarnefndar um breytingar á skipulagsreglum segir að miðstjórn skuli starfrækja flokksskrifstofur víða um land og dreifir verkefnum á milli starfsstöðva. Það er von Framtíðarnefndar að þetta verði til þess að starfsstöð með ákveðin skilgreind verkefni verði í hverju kjördæmi utan höfuðborgarsvæðisins.

D. Starf verði fjölbreyttara.

Í vinnu Framtíðarnefndar kom glöggt í ljós að mörgu flokksfólki finnst innra starfið hafa lítið breyst síðustu áratugi, og þróist lítið með samfélaginu. Áherslur í flokksstarfi hafa lítið breyst eftir efnahagshrunið 2008 og ef einstaklingar hafa ekki áhuga á hefðbundnu starfi í aðildarfélögum þá er lítið hægt að bjóða þeim. Framtíðarnefnd telur mikilvægt að starf flokksins taki mið af ástandinu í þjóðfélaginu hverju sinni og að sem flestir flokksmenn finni eitthvað við sitt hæfi í starfinu. Til úrbóta í þessum efnum gerir nefndin eftirfarandi tillögur:

- **Vinna í þágu samfélagsins**

Það hefur farið lítið fyrir samfélagsvinnu undir merkjum Sjálfstæðisflokksins en slíkt þekkist víða meðal systurflokka flokksins erlendis. Með slíkri vinnu sýna kjörnir fulltrúar og almennir flokksmenn í verki að þeim stendur ekki á sama um hin ýmsu mein í samfélaginu. Dæmi um slíka vinnu hafa verið árleg sjálfbóðastarf starfsmanna Valhallar fyrir mæðrastyrksnefnd rétt fyrir jólin og átak Hvatar fyrir mæðrastyrksnefnd fyrir síðustu jól þar sem töluverðum fjármunum var safnað. Framtíðarnefnd veit að innan Sjálfstæðisflokksins fyrirfinnst fagþekking á nánast öllum sviðum sem hægt væri að nýta í þágu góðs málstaðar. Nefndin telur því að Sjálfstæðisflokkurinn ætti að fara reglulega til verka þar sem kjörnir fulltrúar og almennir flokksmenn ynnu í sjálfbóðastarfi saman að samfélagslegum verkefnum.

Eftir efnahagshrunið 2008 eru margir, innan flokks og utan, sem eiga um sárt að binda. Framtíðarnefnd leggur til að fyrsta samfélagslega verkefnið sem flokkurinn ræðst í sé sjálfbóðavinna í öllum kjördæmum í þágu þeirra sem verst hafa orðið úti í efnahagsþrengingunum. Það getur t.d. falið í sér aðstoð við þau samtök sem hafa verið að beita sér í þessum málaflökk, lögfræði- eða fjármálaráðgjöf, uppbyggingarstarf eða fjáraflanir. Framtíðarnefnd leggur til að miðstjórn skipuleggi átakið, ákveði nánari útfærslu og kynni ekki seinna en í janúar fyrir flokksmönnum.

- **Undirnefndir um sérstök málefni**

Eins og getið var að framan er mikla þekkingu og fagkunnáttu að finna meðal almennra flokksmanna Sjálfstæðisflokksins. Þetta er mikilvægt því hægt er að færa rök fyrir því að áhugasvið fólks tengist oft starfsþekkingu eða menntun þess. Í mörgum systurflokkum Sjálfstæðisflokksins er þessi mannauður nýttur til gagns með starfrækslu hópa og nefnda á ýmsum sértækum fagsviðum sem tengjast stjórnámálum óbeint. Gott dæmi um þetta eru tæknihópar sem hafa umsjón með flokkskrám og kosningakerfum, netmiðlunarhópar sem hafa umsjón með heimasíðum flokka og samfélagshópar sem halda utan um sjálfbóðaverkefni.

Framtíðarnefnd telur mikilvægt að sem flestir flokksmenn finni eitthvað við sitt hæfi í flokksstarfinu. Rétt er að geta þess að í tillögum Framtíðarnefndar að skipulagsreglum kemur fram að kjördæmisráð (24. gr.), fulltrúaráð (27. gr.) og upplýsinga- og tækninefnd (50. gr.) geti sett á fót undirnefndir í þeim málaflökkum sem þau telja nauðsynlegt. Því er lagt til að miðstjórn í samráði við upplýsinga- og tækninefnd stofni og starfræki undirhópa um tiltekin verkefni sem tengjast stjórnámálustarfinu og eru líkleg til að tengjast áhugasviði hópa innan flokksins.

- **Fjölbreytni í starfi .**

Í mörgum almennum félagasamtökum hér á landi tíðkast að vera einnig með viðburði og starfsemi sem tengist ekki endilega tilgangi viðkomandi samtaka. Þetta er gert til að lyfta upp anda félagsmanna, hrista fólk saman og tryggja að starf viðkomandi félags

verði ekki of einhæft. Þannig eru til dæmis oft haldin íþróttamót innan félaga, allt frá knattspyrnu til skáklistar. Einnig þekkjast margvísleg námskeið þar sem kennsluefnið tengist starfseminni ekki á nokkurn hátt. Framtíðarnefnd telur að brjóta megi upp starf flokksins með þessum hætti og innleiða fjölbreyttara starf. Gott dæmi um mál sem tengist starfsemi flokksins beint væri ræðukeppni á milli aðildarfélaga. Framtíðarnefnd leggur til að miðstjórn taki málið til athugunar og reyni að innleiða meiri fjölbreytni inn í starf flokksins. Rétt er að benda á að miðstjórn getur stofnað undirhópa um hverja einstakt verkefni þar sem þeir einstaklingar sem hafa brennandi áhuga á viðkomandi sviði, hvort sem það er knattspyrna, skák, ræðumennska eða hvaðeina sem flokksmönnum dettur í hug, geta annast skipulagningu og framkvæmd.

- **Skoða nýja miðla**

Á síðustu árum hefur mikil breyting orðið á fjölmiðlum hér á landi. Með hjálp breiðbands hefur sjónvarpstöðvum fjölgað verulega og jafnframt er fólk farið að sækja upplýsingar og afþreyingu í auknu mæli á internetið. Framtíðarnefnd telur mikilvægt að starf flokksins fylgi þessari þróun eftir. Nefndin leggur því til að upplýsinga- og fræðslunefnd í samráði við framkvæmdastjóra flokksins skoði nýjar leiðir til að koma upplýsingum og sjónarmiðum Sjálfstæðisflokksins á framfæri, hvort heldur sem er í gegnum sjónvarp, útvarp eða internetið.

IV. Kafli

Rafræn samskipti milli flokksfélaga

I.

Almennt

Mikil framþróun hefur verið í rafrænum samskiptamiðlum á síðustu árum. Sjálfstæðisflokkurinn á ótal ónýtt sóknarfæri á þeim sviðum og hér á eftir eru sett fram nokkur atriði sem þar standa til boða og flokkurinn á að nýta.

Rannsóknir hafa sýnt að notkun rafrænna miðla eykur þátttöku í starfi flokka. Flestir sem nýta sér þessa möguleika taka þegar þátt í pólitísku starfi. Engu að síður eykur þetta mögulega á þátttöku á tímum þegar hraði er mikill og fólk á ekki alltaf heimangengt á fundi. Notkun rafrænna miðla getur því verið hrein viðbóta við það starf sem nú þegar er fyrir hendi og stuðlar að þátttöku fólks sem annars myndi starfa lítið eða ekkert með flokkum.

II.

Tillögur

- **Lagt er til að flokkurinn taki upp videosímakerfi og að það verði gert aðgengilegt á öllum flokkskrifstofum flokksins. Boðið verði upp á þessi samskipti á sem flestum fundum flokksins. Þetta verði gert strax.**
- **Lagt er til að flokkurinn komi sér upp nauðsynlegum fjarfundabúnaði til funda á öllum starfsstöðvum. Auglýst verði aðgengi að þessum búnaði og hvatt til notkunar hans þegar fundir eru haldnir.**
- **Lagt er til að „Bláa línan” verði sett upp. Þar sitji þingmenn flokksins fyrir svörum a.m.k. einu sinni í mánuð í auglýstum og skipulögðum símatímum.**
- **Lagt er til að unnið verði markvisst að því að safna saman netföngum félaga og halda utan um þessa mikilvægu samskiptaleið.**
- **Lagt er til að flokkurinn útbúi form og aðstoði fulltrúaráð við að koma á fót reglulegri útgáfu fréttabréfs.**
- **Lagt er til að settur verði upp innri vefur Sjálfstæðisflokksins**
- **Lagt er til að flokkurinn komi upp á innri vef sínum rafrænu kosningakerfi, sem flokksfélög geta nýtt sér.**
- **Lagt er til að strax verði hafist handa um lagfæringar á heimasíðu xd.is í ljósi tilgreindra athugasemda.**
- **Lagt er til að flokkurinn byggi upp þekkingu og tækjakost til myndbandagerðar.**
- **Lagt er til að sett verði upp hópvinnumakerfi fyrir málaefnastarf flokksins. Málefnanefndunum gefist þannig tækifæri til þess að vinna að verkefnum sínum í gegnum netið með þátttöku allra þeirra flokksfélaga sem áhuga hafa á viðfangsefnum viðkomandi nefndar.**
- **Lagt er til að flokkurinn komi á fót síðu sem mótvægi við aðrar vefsíður. Skipulögð verði vöktun á öðrum vefjum sem og viðbrögð við áróðri pólitískra andstæðinga í netmiðlum.**

III. Greinargerð

Videósími:

Myndsímar verða stöðugt algengari leið til þess að eiga í rafrænum samskiptum. Fjölmargar lausnir eru í boði, þar sem fólk getur tekið þátt í fundum og fylgst með umræðum beint í gegnum tölvu. Fólk getur þá fylgst með hljóði, mynd og skjölum sem er varpað á vegg með myndvarpa. Slík kerfi bjóða upp á læst umhverfi þar sem eingöngu þeim sem er boðið að taka þátt geta skráð sig inn. Notendur þurfa yfirleitt eingöngu að vera með nettengda tölvu og aðgangsorð til að komast inn á slíka síðu.

Lagt er til að flokkurinn taki upp slíkt kerfi þannig að það verði gert aðgengilegt á öllum flokkskrifstofum flokksins. Boðið verði upp á þessi samskipti á sem flestum fundum flokksins, þ.m.t. miðstjórnarfundum. Þetta verði gert strax.

Sími:

Síminn er gríðarlega mikilvægur hluti af rafrænum samskiptum en hægt er að nýta hann betur:

- **Fjarfundarbúnaður:** Fjarfundarbúnaður er einfaldur í notkun, þótt við fyrstu sín geti kerfið virst flókið. Slíkur búnaður getur gert fólki sem á ekki heimangengt kleift að taka þátt í fundum á vegum flokksins.

Lagt er til að flokkurinn komi sér upp nauðsynlegum búnaði til fjarfunda á öllum starfsstöðvum og auglýsi aðgengi að honum og hvetji til notkunar hans þegar fundir eru haldnir.

- **Símatímar:** Fjöldi fólks hefur ekki aðgengi að öðrum rafrænum miðlum né tækifæri eða áhuga á að mæta á fundi.

Lagt er til að „Bláa línan” verði sett upp. Þar sitji þingmenn flokksins fyrir svörum a.m.k. einu sinni í mánuð í auglýstum og skipulögðum símatímum.

- **Fjáröflun:** Flokkurinn hefur notað fjáröflunarsímalínur í gegnum tíðina í átökum. Rekstur slíkra lína hefur lækkað í verði undanfarin ár og getur verið góð leið að afla fjár.

Lagt er til að fjármálanefnd taki þetta til ihugunar.

Snjallsímar:

Í könnun MMR frá nóvember 2010 kom í ljós að mikill fjöldi Íslendinga er nú þegar komnir með slíka síma. Lagt er til að flokkurinn lagi starf sitt að þessu breytta umhverfi.

Lagt er til að heimasíða flokksins taki mið af þessum breytingum og verði gerð aðgengileg fyrir snjallsíma og geti miðlað pólitísku efni eða upplýsingum t.d. um fundi sem eru í nágreininu.

Tölvupóstur:

Sjálfstæðisflokkurinn hefur notað tölvupóst nokkuð vel. Ókostur tölvupósts er samt sá að fólk skiptir reglulega um netföng og gleymir að láta vita til flokkskrifstofunnar, einnig eru margir félagar sem eru ekki með skráð netfang.

Lagt er til að unnið verði markvisst að því að safna saman netföngum félaga og halda utan um þessa mikilvægu samskiptaleið.

Fréttabréf flokksins hafa komið út með óreglulegu millibili. Rétt er að hvetja félög og sveitastjórnir til þess að nota þessa leið. Það er mun hagkvæmara að gefa út rafrænt fréttabréf í stað þess að prenta og dreifa til flokksmanna.

Lagt er til að flokkurinn útbúi form og aðstoði fulltrúaráð við að koma á fót reglulegri útgáfu slíks fréttabréfs.

Innri vefur:

Fyrir nokkrum árum var unnið að uppsetningu innri vefs Sjálfstæðisflokksins (minn xd). Sá vefur var lítið nýttur enda uppsetningu hans aldrei lokið né verkefninu fylgt eftir. Höfuðatriði slíks vefjar er að þar sé eitthvað sem er ekki að finna annarstaðar. Auðvelt er að aðgangsstýra slíkum vef og gefa félögum mismunandi aðgengi eftir stöðu þeirra t.d. að hafa upplýsingasíðu um þau félög sem fólk er skráð í, halda utan um símanúmer eða netföng einstaklinga í flokknum, upplýsingar um viðburði á starfsvæðinu svo eitthvað sé nefnt.

Hægt er að nýta innri vef í fjölmarga þætti rafrænna samskipta félaga í Sjálfstæðisflokknum. Þar má sem dæmi nefna kosningar um einstök mál eða embætti, hugmyndabanka, fjarvinnslukerfi og þátttöku í fundum.

Lagt er til að settur verði upp innri vefur Sjálfstæðisflokksins á þeim forsendum sem hér er rakið.

Rafrænar kosningar:

Rafrænar kosningar verða æ algengari á Íslandi. Notkun rafrænna kosninga eykur aðgengi og getur aukið þátttöku í kosningum á vegum flokksins. Í dag eru fjölmörg félagasamtök sem hafa nýtt sér heimabanka til þess að útteila aðgengi að innri vefjum, þannig væri hægt að tryggja að aðgengið væri öruggt. Fyrirtæki eins og Skýrr hafa auk þess tekið að sér að sjá um framkvæmd slíkra kosninga og sjá um öryggismál. Þau hafa þá komið sem utanaðkomandi aðili og vottað að ferlið sé eins og það á að vera.

Lagt er til að flokkurinn komi upp á innri vef sínum rafrænu kosningakerfi, sem flokksfélög geta nýtt sér.

Heimasíðan:

Heimasíðan var endurgerð á seinasta ári. Jafnframt hefur mikil vinna verið lögð í síðuna síðan þá og hún hefur mikið verið uppfærð.

Lagt er til að strax verði hafist handa um lagfæringar á heimasíðu xd.is í ljósi eftirfarandi athugasemda.

- **Auðvelda skráningu viðburða:** Fjölmörg félög Sjálfstæðisflokksins halda viðburði, en í raun birtast fáir á heimasíðu flokksins. Ein leið til að auka það að félög auglýsi viðburði er að einfalda skráningu t.d. með því að hafa skráningarform á síðunni og hvetja félög til að tilkynna um atburði.

- **Hvatning til þátttöku:** Á síðunni er liður sem heitir taktu þátt. Undir þeim lið er hægt að skrá sig í flokkinn og á póstlista. Engar leiðbeiningar er hins vegar að finna um það hvernig á að gerast virkur félagi í Sjálfstæðisflokknum.
- **Aðgengi að kjörnum fulltrúum:** Ágætis upplýsingar eru á síðunni um þingmenn undir liðnum fólkið. Inn á þá síðu vantar upplýsingar um aðra kjörna fulltrúa og trúnaðarmenn flokksins.
- **Aðgengi að félögum:** Litlar upplýsingar eru um þau hundruð félaga sem eru starfandi um allt land eða hvernig áhugasamir geta nálgast þau. Síma- og netfangaskrá þarf að bæta.
- **Dýpri upplýsingar:** Á liðnum árum hefur Sjálfstæðisflokkurinn gefið út mikið lesefni. Það þarf að gera aðgengilegt á heimasíðu flokksins ásamt lesefni þar sem fjallað er um grunn Sjálfstæðisstefnunnar og fólki gefin innsýn inn í stefnu flokksins.

Grunngildi flokksins: Á vefsíðu flokksins í dag er ekki að finna grunngildi flokksins.

- **Samræmt útlit og sýnileiki:**

Flokkurinn þarf að gangast fyrir því að öll félög flokksins verði undir sama heimasíðukerfi á undirléni xd.is og aðstoða félög við að koma sér upp heimasíðukerfum til að miðla upplýsingum. Með því að hafa öll félögin undir sama kerfinu verður útlit samræmt og auðveldara að uppfæra útlit og ásýnd svo sem í tengslum við kosningar. Hluti af þessu gæti verið að hafa upplýsingar á síðunni frá xd.is sjálfri, svo sem fréttir og auka þannig sýnileika síðunnar. Með þessu væri jafnframt hægt að bjóða upp á auðveldar tengingar á milli síðna félaganna.

Myndbönd:

Flokkurinn hefur endrum og eins nýtt sér myndbönd á netinu og þá sérstaklega í kringum kosningar. Tilraunir hafa verið gerðar með að taka upp einstaka fundi með misjöfnum árangri.

Lagt er til að byggð verði upp þekking og tækjakostur á þessu sviði innan flokksins.

Hópvinnukerfi:

Hópvinnukerfi er leið fyrir ákveðna hópa til þess að miðla upplýsingum og vinna að verkefnum í gegnum netið. Hópvinnukerfi hafa verið nýtt með góðum árangri innan flokksins t.d. í kosningastarfi, en þá hafa einstaklingar eða félög komið sér sjálf upp slíkum kerfum.

Hægt er að nýta hópvinnukerfi til þess að afla nýrra hugmynda og vinna að eldri hugmyndum. Í slíkum kerfum er oft möguleiki að gera breytingar á texta og koma með tillögur að breytingum, sem svo er hægt að samþykkja eða hafna jafnvel með kosningum á netinu. Vefurinn Skuggaþing.is er dæmi um vettvang, þar sem fólki hefur gefist tækifæri til að koma fram með hugmyndir. Á þeim vettvangi er ekki verið að leitast eftir því að meitla ályktanir heldur að safna hugmyndum og meta þær. Notendur hafa getað sett inn hugmyndir og svo geta aðrir notendur kosið um tillöguna og gefið henni annað hvort jákvæð eða neikvæð stig. Hægt er að ræða tillöguna og tefla fram rökum með eða á móti.

Lagt er til að sett verði upp hópvernukerfi fyrir málaefnastarf flokksins. Málefnanefndunum gefst þannig tækifæri til þess að vinna að verkefnum sínum í gegnum netið með þátttöku allra þeirra flokksfélaga sem áhuga hafa á viðfangsefnum viðkomandi nefndar.

Umræðuvefir:

Opnir umræðuvefir þar sem allir geta skráð sig til leiks og umræður eru opnar eru ekki nýir af nálinni.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur gert nokkrar tilraunir þar sem hverjum sem er, býðst að skrifa athugasemdir við efni, svo sem á heimasíðum Evrópunefndar, Endurreisnarnefndar og nú síðar Framtíðarnefndar. Reynslan er sú að fólk hefur tekið þátt en í mismiklum mæli þó.

Vakta þarf vel slíkar síður þar sem möguleiki á misnotkun er fyrir hendi.

Umræðusíðurnar eru hins vegar ágætt tæki til að nálgast almenna flokksmenn og gefa þeim tækifæri til þess að taka beint þátt og segja skoðanir sínar umbúðalaust.

Flokkurinn komi á fót síðu sem mótvægi við aðrar vefsíður. Einnig þarf flokkurinn að hafa á snærum sínum fólk sem tekur þátt í umræðu á öðrum síðum.

Samfélagsmiðlar:

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið sýnilegur á samfélagsmiðlunum.

Lagt er til að brugðist verði við eftirfarandi athugasemdum. Einnig er lagt til að skipulögð verði vöktun á öðrum vefjum sem og viðbrögð við áróðri pólitískra andstæðinga í netmiðlum.

- **Myndir og myndbönd:** Fjölga mætti myndum af viðburðum. Í dag eru það fyrst og fremstu stóru viðburðirnir sem eru myndaðir.
- **Samtenging:** Mörg félög eru með eigin facebook síður. Flokkurinn ætti að hafa forgöngu um að tengja saman þessar síður og stilla saman strengi þeirra sem halda þeim úti.
- **Fá notendur til að deila upplýsingum:** Notkun samfélagsmiðla virkar best þegar notendur en ekki félagssamtök miðla upplýsingum. Flokkurinn á að aðstoða flokksmenn við að miðla upplýsingum. Ein leið er í gegnum heimasíðu flokksins, þar sem í dag er bara í boði að “segja frá” en ekki auðveld leið til að þrýsta á “like”. Einnig að nota aðra miðla til þess að hvetja fólk til þess að miðla ákveðnum skilaboðum þ.e. búa til áhugaverða „statusa“ sem fólk getur notað þegar ákveðin mál eru í gangi.
- **Facebook app:** Erlendis hafa flokkar búið til sérstök Applications. Í raun eru þetta sjálfstæðar heimasíður fyrir utan facebook sem nýta Facebook umhverfið. Dæmi er Venstre í Danmörku, þar sem notendur eru hvattir til þess að segja af hverju þeir kjósa Venstre, upplýsingarnar safnast inn á facebooksíðu flokksins en á sama tíma birtast þær á vegg viðkomandi notanda.

Miðlun upplýsinga á landsfundum:

Með fartölvum og farsímum er hægt að gefa fulltrúum á landsfundi aðgengi að ályktunum sem eru í vinnslu, upplýsa um viðburði og koma á framfæri athugasemdum í gegnum lokað vefkerfi. .